

**SKOÐUN** Steingrímur J. Sigfússon segir efnahagslífið hafa batnað jafnt og þétt. 27



**MENNING** Stjórnar þjóðarhljómsveit Kanada í Hörpunni. 48



**LÍFIÐ** Dansarinn Erna Ómarsdóttir sýnir vídeóverk í Pompidou-safninu. 58



**SPORT** Stelpurnar okkar mæta Dönum í mikilvægum leik á Laugardalsvelli. 54







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
21. ágúst 2014
195. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Ísland verði aðlaðandi**
Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins kannar nú möguleikann á því að gera Ísland samkeppnishæft í skipaskráningu á alþjóðavettvangi. 4

**Beint á Vestfirði** Skipstjóri Árna Friðrikssonar vinnur hörðum höndum í frítíma sínum. 2

**Hafa í hótunum** Vígamenn í Írak hóta að taka annan blaðamann af lífi. 10

**Fjölgar í Árbæ og Grafarholti**
Nemendum fjölgar langmest í skólum í Árbæ og Grafarholti en þeim fækkar í Grafarvogi og á Kjalarnesi. 18




26

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | NV | 2 |
| Akureyri | 8° | N | 2 |
| Egilsstaðir | 11° | NV | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | N | 2 |
| Reykjavík | 13° | NV | 2 |

**Léttskýjað** víða um landið í dag og hiti 8-16 stig, hlýjast inn til landsins S- og V-lands. Yfirleitt hægviðri en strekkingur við Austfirði. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Hreysin upprætt með harðri stefnu

Átak sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins réðst í gegn yfirgefnum húsum fækkaði þeim um tæp 75 prósent á fimm árum. Kapp er lagt á að gera húsin innbrotsheld.

**MIÐBORGIN** Samkvæmt skrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hefur yfirgefnum húsum í miðbæ Reykjavíkur fækkað um 74 prósent. Árangurinn má meðal annars rekja til átaks sem slökkviliðið réðst í árið 2009.

„Þegar við höfum tekið skoðunarferðir höfum við jafnframt haft samband við skráða eigendur og bent þeim á hvað betur mætti fara. Ef menn hlíta því ekki að loka húsunum þannig að þau séu mannheld þá er þeim lokað á þeirra kostnað,“ segir Ólafur R. Magnússon, deildarstjóri á forvarnarsviði Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir að mikil hætta geti stafað af yfirgefnum húsum í miðborginni. Þangað leiti fólk sem ekki á í önnur hús að venda og jafnframt geti börn farið sér að voða í húsunum.



> **Það er verið að reyna að leita leiða til að tryggja að svona komi ekki upp aftur.**
>
> *Kristján Ólafur Guðnason, aðstoðaryfirlögregluþjónn*



> **Ef menn hlíta því ekki að loka húsunum þannig að þau séu mannheld þá er þeim lokað á þeirra kostnað.**
>
> *Ólafur R. Magnússon, deildarstjóri hjá slökkviliðinu*

Lögreglan hefur ákveðið að kortleggja betur yfirgefin hús og dópgreni í miðborginni. Tilefnið er bruni í húsi á Grettisgötu á mánudag. Markmið skráningarinnar er að loka húsunum betur. -ssb / sjá síðu 6



**HART BARIST** Leikur Stjörnunnar og Inter Milano í 4. umferð undankeppni Evrópudeildarinnar endaði með 3-0 sigri Inter. Þetta var fyrri leikur liðanna en seinni leikurinn fer fram í Mílanó. Hér sést ein skærasta stjarna Inter, Nemanja Vidic, á Laugardalsvelli í gær. Seinni leikurinn fer fram 28. ágúst í Mílanó. FRÉTTABAÐIÐ/VILHELM

Óróinn hófst árið 2007:

## Hættumat ekki enn fullklárað

**ÖRYGGISMÁL** Vinna við sérstakt hættumat vegna eldsumbrota í Bárðarbungu hófst árið 2012 en er ólokið og því liggur viðbragðsáætlun fyrir flóð í Jökulsá á Fjöllum ekki enn fyrir.

Vinna við heildarhættumat fyrir eldgos á Íslandi stendur yfir, en verkefnið hófst 2011. Unnið er eftir forgangsröðun svæða og þeim skipt upp í fimm flokka eftir því hversu hættuleg þau gætu reynst. Bárðarbunga er flokkuð í efsta flokki, ásamt Heklu, Kötlu, Grímsvötnum og Reykjanesi.

Atburðarásin í Bárðarbungu er framhald óróa sem hófst strax 2007 og minnir um margt á aðdraganda eldgossins í Eyjafjallajökli, að sögn jarðvísindamanns á Veðurstofu Íslands. Skjálftahrinan bendir einnig eindregið til svæðisbundinnar aukningar á kvikuframleiðslu undir öllum norðvestanverðum Vatnajökli, að hans sögn. - shá / sjá síðu 8

Með annan fótinn á EM:

## Sögulegur sigur á Bretum

**KÖRFUBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í körfubolta stendur á barmi þess að komast í lokakeppni stórmóts í fyrsta sinn í sögunni eftir magnaðan sigur á Bretum, 71-69, í Koparkassanum í London í gær.

Jón Arnór Stefánsson stóð undir væntingum eftir endurkomu og spilaði frábærlega líkt og Hörður Axel Vilhjálmsson, en Ísland er nú búið að tryggja sér annað sætið í riðlinum.



Strákarnir okkar eru komnir með annan fótinn á EM 2015, en þeir þurfa að vera ansi óheppnir með úrslit í öðrum leikjum undankeppninnar til að fá ekki farseðilinn á EM. - óój / sjá síðu 52

Kostar að meðaltali 16 þúsund krónur að senda unglinginn í áttunda bekk:

# Getur kostað 30 þúsund krónur

**NEYTENDUR** Það kostar að meðaltali tæpar átta þúsund krónur að kaupa inn fyrir barn í 1. bekk grunnskóla og tæpar 16 þúsund krónur fyrir barn í 8. bekk, samkvæmt könnun Fréttablaðsins á innkaupalistum grunnskóla landsins. Kostnaðurinn getur farið upp í 30 þúsund

Ekki er reiknaður með kostnaður við skólatösku, pennaveski og annað sem fylgir skólagöngunni.



Ef eingöngu grunnskólar í Reykjavík eru bornir saman innkaupanna. Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, segir afar erfitt fyrir sveitarfélagið að staðla námsgögn. „Skólarnir vinna að sama markmiði en nota mismunandi leiðir til þess. Sumir skólar nota námsgögnin sem keypt eru að hausti allan veturinn, aðrir aðeins hálfan vetur,“ segir Ragnar. - ebg / sjá síðu 20










## SPURNING DAGSINS



Þórey Dögg, hefur þú séð eldri borgara í bænum?

**„Nei, þeir eru ekki í bænum. Þeir eru allir heima að biðja.“**

Mikið mæddi á Þóreyju Dögg Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Ellimálaráðs Reykjavíkurprófastsdæma, þegar tilkynnt var að bænalestri yrði hætt hjá RÚV. Fór svo að sú ákvörðun var dregin til baka.

Gæsaveiðitímabilið hófst í gær og gæsastofnar eru í miklum hæðum:

# Veiðimenn komnir upp á heiði

**VEIÐI** „Þetta er sýnd veiði en ekki gefin,“ sagði Arne Sólmundsson, varaformaður Skotveiðifélags Íslands (Skotvís), þegar hann var að fara að koma sér fyrir í laut með skotvopn og kaffibrúsa til að sitja fyrir heiðagæsum á Hrunamannaafrétti.

Það kann að hljóma auðvelt að veiða heiðagæs þegar rætt er um fjölda hennar en Elvar Árni Lund, formaður Skotvís, segir að í stofninum séu á bilinu 300 til 350 þúsund fuglar og hann fari vaxandi.

Nóg er einnig af grágæs en Elvar Árni segir að um hundrað þúsund séu í stofninum og að hann sé í nokkru jafnvægi. Grágæsin er mun auðveldari bráð en hún heldur sig á láglendi og í ræktuðu landi. Þar lætur heiðagæsin hins vegar ekki sá sig fyrr en hún er orðin þreytt á vosbúð uppi á heiðum en þá leggur hún í fárra daga láglendisferð.

Það er því gott hljóð í veiðimönnum en í ofanálag er útlit fyrir góða tíð í rjúpnaveiðum því sést hefur til rjúpunnar í feitum flokkum. -jse



**GÆSIR Á FLUGI** Grágæsir mega nú vara sig því veiðimenn hafa vopnbúist og svo er setið fyrir heiðagæsum við vötn, polla og lækjarbakka til heiða. MYND/ARNÓR ÞÓRIR SIGFÚSSON

Hlauparar fá þurrt veður:

# Rigning á Menningarnótt

**VEÐUR** Gestir Menningarnætur í Reykjavík mega eiga von á nokkurri vætu seint um laugardagskvöldið. Útlit er þó fyrir þurrt veður framan af degi og ættu því þátttakendur Reykjavíkurmaraþonsins að sleppa nokkuð vel. Samkvæmt spá Veðurstofu Íslands verður einnig nokkur gola um daginn. Útlit er fyrir allsólríkt veður um land allt í dag, allavega á Suður- og Vesturlandi en jafnvel norðan og austan til líka. - bá



**BJÖRGUNARSTARF** Fjöldi lögreglumanna tók þátt í björgunarstarfinu í Hírósíma. Forsætisráðherrann sneri heim úr sumarfríi vegna slyssins. NORDICPHOTOS/AFP.

Aurflóð valda miklum hörmungum í borginni Hírósíma:

# Tugir manna fórust í aurflóðum

**JAPAN Lögreglumenn leita að fólki sem saknað er eftir að aurflóð lenti á íbúðahverfi í Hírósíma í vesturhluta Japans í gær. Samkvæmt heimildum AFP-fréttastofunnar fórust á fjórða tug manna í aurflóðinu og minnst níu var saknað.**

**Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, var í sumarfríi þegar hörmungarnar dundu yfir. Þegar hann heyrði af þeim flýtti hann sér heim til þess að undirbúa björgunaraðgerðir.** - jhh

Kylfingar slá út af vellinum:

# Hafa áhyggjur af öryggi barna

**LANDSBYGGÐIN** Mishittnir kylfingar hafa valdið því að rúður brotna í húsum í nágrenni við golfvöllinn við Hótel Örk í Hveragerði. Íbúar segja að þetta valdi truflunum að því er fréttavefurinn sunnlenska.is greinir frá.

„Það brotnaði rúða hjá okkur í sumar,“ segir Sandra Sigurðardóttir hjá sunnlenska.is en hún býr ásamt fjölskyldu sinni í húsi skammt frá vellinum. Hún segir að töluvert af golfkúlum hafi lent á þaki hússins og á pallinum. Sandra óttast að golfkúlurnar geti meitt börn sem eru að leik úti við. -jme

Sykurneyslan hefur minnkað:

# Fagna afnámi sykurskatts

**IÐNAÐUR** Samtök iðnaðarins fagna hugmyndum fjármálaráðherra um að einfalda skattkerfið og fella niður vörugjöld.

Samtökin hafa margítrekað bent á að innheimtukerfi vörugjalda af matvælum, sykurskattsins svonefnda, er geysilega flókið og kostnaðarsamt bæði fyrir framleiðendur og hið opinbera.

Samtökin minna á að samkvæmt fæðuframboðstölum hefur sykurneysla jafnt og þétt dregist saman frá því að byrjað var að taka saman tölur um það og er um 5 kílóum minni á mann á ári en hún var um 1960. -jme








**VÉLIN HEFUR LÁTIÐ Á SJÁ** Árið 1990 keypti Kristján Pálsson bátinn og setti hann í fjöruna á Krosseyri við Geirþjófsfjörð í Arnarfirði. Það er á sama stað og Gísli Súrsson ól manninn á gamalsaldri. AÐSEND MYND

# Úr rannsóknarskipi í bátsflak í eyðifirði

Skipstjóri hafrannsóknarskipsins Árna Friðrikssonar slakar ekki á eftir makrílleiðangur heldur flengist um eyðifjörð í Arnarfirði til að reyna að bjarga bátsflaki. Ekki er hægt að komast á vettvang nema siglandi og ekkert reynist tækt nema vélin.

**MANNLÍF** Þegar Guðmundur Bjarnason, skipstjóri á hafrannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni, kom úr makrílleiðangri lagði hann fljótlega í annan sjóleiðangur af allt öðrum toga.

Ferðinni var heitið að Krosseyri í Arnarfirði til að kanna flak bátsins Kára BA sem legið hefur þar í árafjöld í fjörunni. Þangað liggur enginn vegur svo ekki er hægt að fara nema sjóleiðina.

Báturinn, sem smíðaður var árið 1939, reyndist hins vegar alveg ónýtur en nú hyggjast Guðmundur og félagar hans í Arnfirðingafélaginu ná vélinni úr honum og koma henni til Bíldudals þar sem hún verður höfð til sýnis. „Við ætlum að freista þess að fara í annan leiðangur helgina 6. til 7. september og ná vélinni,“ segir Guðmundur. „Við eigum reyndar eftir að tala við yfirvöld en okkur þætti best fara á því að hafa vélina fyrir framan smiðjuna á Bíldudal.“

Skipstjóranum virðist renna blóðið til skyldunnar. „Mér finnst eins og maður verði að borga eitthvað til baka en ég átti svo góða æsku á Bíldudal,“ segir hann.

Vélin er af gerðinni Unimunktel og talið er að hún sé sú eina sinnar tegundar hér á landi.

Kári var lengst af í eigu Jóns heitins Jóhannessonar sem er mörgum Bílddælingum eftirminnilegur meðal annars fyrir þær sakir að hann talaði við bátinn og gat látið vélarræfilinn heyra það ef hik var á honum.

Árið 1990 keypti Kristján Pálsson bátinn og setti hann í fjöruna á Krosseyri.



**Mér finnst eins og maður verði að borga eitthvað til baka en ég átti svo góða æsku á Bíldudal.**

*Guðmundur Bjarnason, skipstjóri á Árna Friðrikssyni*

Krosseyri er við Geirþjófsfjörð í Arnarfirði en eins og sögufróðir vita ól Gísli Súrsson þar manninn síðari hluta ævi sinnar þar til hann hoppaði helsærður fram af klettinum Einhamri í botni fjarðarins.

jse@frettabladid.is

Formaður lögreglumanna er ósáttur við ákæru í LÖKE-málinu svokallaða:

# Sakfelling hefði neikvæð áhrif

**LÖGREGLUMÁL** „Lögreglumenn þurfa á hverjum einasta degi að leita upplýsinga í LÖKE. Það er hætt við því að ef farið yrði í að láta einstaka lögreglumenn gera grein fyrir uppflettingum sínum allt að sjö ár aftur í tímann yrði fátt um svör,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna.

Lögreglumaður sem nú sætir ákæru fyrir óeðlilegar uppflettingar í LÖKE-kerfinu er fyrsti lögreglumaðurinn sem ákærður er fyrir slíkt athæfi hér á landi. Hann er grunaður um að hafa flett upp nöfnum 45 kvenna í kerfinu og deilt upplýsingum um einn karlmann sem hann fletti upp. Málið gegn honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni, þar sem hann neitaði sök. Snorri segir að LÖKE-málið hafi valdið talsverðum urg á meðal lögreglumanna.



**SNORRI MAGNÚSSON** formaður Landssambands lögreglumanna

„Það er ljóst að ef málatilbúnaður ríkissaksóknara leiðir til sakfellingar þá mun það hafa talsverð áhrif á það hvernig lögreglumenn nýta sér LÖKE. Áhrif sem jafnvel gætu haft afar neikvæð áhrif á það hvort, hvernig og hve mörg mál lögregla nær að upplýsa í framtíðinni,“ segir hann.

Snorri gerir jafnframt athugasemdir við þann ákærulið sem snýr að deilingu upplýsinga um þrettán ára pilt sem lögreglumaðurinn hafði afskipti af. „Dreifing upplýsinganna fólst í því, eftir því sem ég best veit, að hann sagði vinum sínum frá því hvað fyrir hann kom í vinnunni. Það er nokkuð undarlegt að það skuli teljast saknæmt að fórnarlamb líkamsárásar skuli ákært fyrir það að segja vinum sínum frá því hver réðst á hann.“ - ssb




TM & © 2013 LazyTown Entertainment. A Time Warner company. All rights reserved.

Reykjavíkurmaraþon
Íslandsbanka 23. ágúst

# Skráningarhátíð Latabæjarhlaupsins í dag og á morgun

**Hittumst á skráningarhátíðinni í Laugardalshöll**

Latabæjarhlaupið, 23. ágúst, er ætlað börnum 8 ára og yngri. Í dag og á morgun er skráningarhátíð í Laugardalshöll kl. 14-19 þar sem hægt er að skrá börn til þátttöku og sækja um leið boli og hlaupagögn.

Allar nánari upplýsingar eru á marathon.is

islandsbanki.is   Netspjall   Sími 440 4000   Facebook

Íslandsbanki

ENNEMM / SIA / NM63881

## SVONA ERUM VIÐ



**7.986** **refir voru skráðir í veiðiskýrslur árið 2012, sem er mun meira en mörg ár þar á undan. Árið 1996 voru þeir 3.535.**

Átökin í austanverðri Úkraínu hafa kostað tugi manna lífið síðustu daga:

# Luhansk að mestu endurheimt

**ÚKRAÍNA, AP** Úkraínuher hefur að stórum hluta endurheimt borgina Luhansk úr höndum uppreisnarmanna. Einnig hefur Úkraínuher tekist að umkringja að mestu borgina Donetsk, sem uppreisnarmenn hafa haft á valdi sínu mánuðum saman.

Hörð átök í Donetsk síðustu dagana hafa kostað tugi manna lífið. Síðasta vetur bjó ein milljón manns í borginni, en um þriðjungur þeirra er flúinn.

Sameinuðu þjóðirnar segja að átökin í austanverðri Úkraínu, sem hófust um miðjan apríl, hafi kostað meira en tvö þúsund manns lífið. Um það bil 340 þúsund manns hafi flúið að heiman.

Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur nú, ásamt Frank-Walter Steinmeier utanríkisráðherra sínum, tekið forystu í því að reyna að miðla málum milli Úkraínustjórnar og Rússa, sem Úkraínustjórn sakar um að aðstoða uppreisnarmenn ljóst og leynt. **- gb**



**RÚSSNESKA BÍLALESTIN** Bílalestin, sem Rússar segja að flytji hjálpargögn til Úkraínu, hefur dögum saman beðið við landamærin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Undarleg yfirlýsing Egypta:

# Vilja að yfirvöld sýni stillingu

**BANDARÍKIN** Egypsk stjórnvöld hafa hvatt bandarísk yfirvöld til að sýna stillingu í átökum sínum við mótmælendur í bandaríska bænum Ferguson í Missouri-ríki. Yfirlýsing Egypta þykir í meira lagi sérstök þar sem egypsk stjórnvöld þiggi um 1,5 milljarða Bandaríkjadala í fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjunum á ári hverju.

Egypsk stjórnvöld segjast hafa fylgst með stigmagnandi mótmælum dag frá degi og það valdi áhyggjum. **- aí**

Vilja rannsaka jarðstrengi:

# Ályktun kynnt almenningi



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

**STJÓRNMÁL** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur kynnt drög að þingsályktunartillögu um lagningu raflína. Kemur þingsályktunartillagan í kjölfar breytinga á raforkulögum og lögum um Orkustofnun sem hefur verið kynnt í ríkisstjórn. Í drögunum er að finna tilmæli um hvernig skuli haga undirbúningi að lagningu nýrra raflína.

Þingsályktunin tekur einnig til þess að afnema vörugjöld á raflínum til að jafna út kostnað milli raflínukosta, hvort sem þeir eru settir í jörð eða loftlínur. Einnig verður farið í öflugar rannsóknir á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að raflínum verði fundinn staður í jörðu. **-sa**

Einn stjórnarmaður kjörinn:

# Jón náði kjöri í stjórn N1



**JÓN SIGURÐSSON**

**VIÐSKIPTI** Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri FL Group, var kjörinn í stjórn N1 í gær, en tveir voru í framboði. Jón er fæddur árið 1978 og starfar í dag sem starfsmaður sérhæfðra fjárfestinga hjá GAM Management hf.

Hann starfaði hjá FL Group á árunum 2005-2010 og sem forstjóri félagsins frá lokum ársins 2007. Hann er með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands og B.Sc. próf í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. **- jhh**

# Reyna að laða skip á íslenska skipaskrá

Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins kannar nú möguleikann á því að gera Ísland samkeppnishæft á alþjóðavettvangi í skipaskráningu. Áhersla er lögð á að kanna möguleika á skráningu þeirra skipa sem vinna og aðstoða við olíuleit hér.

**SJÁVARÚTVEGUR** Einungis tvö skip sem uppfylla kröfur um kaupskip eru á íslensku skipaskránni þrátt fyrir að árið 2007 hafi lögum verið breytt í því skyni að stuðla að skráningu kaupskipa á Íslandi.

Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins kannar nú hvort útfæra megi lagaumhverfi í kringum skráningu kaupskipa á Íslandi með þeim hætti að Ísland verði samkeppnishæft á alþjóðavettvangi á sviði kaupskipaútgerðar.

Hann tók til starfa í þessum mánuði og mun ljúka störfum í desember næstkomandi. Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu skal starfshópurinn sérstaklega beina sjónum sínum að því hvernig umhverfi fyrir skráningu skipa hérlendis er fyrir skip sem koma að starfsemi vegna olíuleitar á landgrunni Íslands. Ekki fékkst svar við því hjá fjármálaráðuneytinu hversu miklar fjárhæðir fælust í þeim ávinningi fyrir ríkissjóð ef íslenski kaupskipaflotinn fengist á íslensku skipaskrána.

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hugðist Fáfnir Offshore skrá skip sitt í Fjarðabyggð en síðar komist að því að slíkt gerði það að verkum að skipið yrði ekki samkeppnishæft við nágrannaþjóðir eins og Færeyinga.

Steingrímur Erlingsson, framkvæmdastjóri Fáfnis Offshore, sagði í samtali við Fréttablaðið að hann fagnaði því að yfirvöld hefðu hafið þessa vinnu.

Færeyingar eru einmitt að skjóta okkur ref fyrir rass í



**HELGAFELL Á HEIMSTÍMI** Það væri ekki eftir reglubókinni að segja að Helgafellið væri hér á leið til heimahafnar því skipið er skráð í Þórshöfn. Nú er verið að reyna að lokka það, sem og önnur skip, til íslenskrar heimahafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þessum efnum en þar í landi eru til dæmis Samskipafleyin Arnarfell og Helgafell skráð.

„Almennt séð eru Samskip fylgjandi því að gera skráningar kaupskipa mögulegar á Íslandi," segir Anna Guðný Aradóttir, forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa.

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskipafélags Íslands, hefur einnig lýst álíka viðhorfi í fjölmiðlum fyrir hönd Eimskips.

Poseidon og Neptune, rannsóknarskip frá fyrirtækinu Neptune, eru hins vegar skráð hér á landi. **jse@frettabladid.is**

## SKRÁNINGARLÖND

**Nokkur dæmi um skráningu skipa í eigu Íslendinga:**

**Í Færeyjum**
Arnarfell, Samskip
Helgafell, Samskip

**Á Kýpur**
Akrafell, Samskip

**Í Antígva og Barbúda**
Brúarfoss, Eimskip
Lagarfoss, Eimskip
Dettifoss, Eimskip

**Á Íslandi**
Poseidon, Neptune
Neptune, Neptune



**FORSTJÓRINN** Jorgen Rasmussen segir að fyrirtækið reyni að laga starfsemina að breytingum. NordicPhotos/afp

Minna drukkið á átakasvæði:

# Bjórsala minni vegna átaka

**VIÐSKIPTI** Sala á Carlsberg hefur minnkað að undanförnu vegna minni neyslu á bjór í Rússlandi og Úkraínu. Í afkomutilkynningu frá Carlsberg, sem BBC vísar til, segir að neysla á bjór í Rússlandi hafi minnkað um 6-7% vegna óhagstæðra efnahagsaðstæðna og neysla í Úkraínu um 10% vegna átakanna í Austur-Evrópu.

Carlsberg segir í tilkynningu að afkoma félagsins á árinu verði kannski minni vegna minni sölu á svæðinu. „Í Austur-Evrópu eru okkar menn að vinna þrekvirki við að ná tökum á því ástandi sem skapast vegna breyttra markaðsaðstæðna," segir Jorgen Buhl Rasmussen, forstjóri Carlsberg. **-jhh**

Vill ekki hækka matarskatt:

# Leggja skattinn á ferðaþjónustu

**STJÓRNMÁL** Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, leggst gegn hækkun virðisaukaskatts á matvæli við einföldun virðisaukaskattskerfisins og vill þess í stað fækka undanþágum með því til dæmis að leggja skattinn á ferðaþjónustuna.

Í drögum að fjárlagafrumvarpi sem kynnt voru í þingflokkum stjórnarflokkanna í gær er gert ráð fyrir breytingum á virðisaukaskattskerfinu þannig að skatturinn færi úr 7 prósentum á matvæli upp í tíu til fimmtán prósent. **-hmp**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Friedrichshafen | 21° | New York | 27° |
| Aþena | 30° | Gautaborg | 18° | Orlando | 36° |
| Basel | 25° | Kaupmannahöfn | 18° | Ósló | 18° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 26° | París | 20° |
| Billund | 19° | London | 21° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 21° | Mallorca | 31° | Stokkhólmur | 19° |




**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt.




**LAUGARDAGUR**
Hæg breytileg eða SV-læg.

**BJARTVIÐRI FRAM AÐ HELGI** á mestöllu landinu en þá þykknar heldur upp um V-vert landið. Hiti er áfram 8-16 stig að degi til og hlýjast verður ýmist á S- eða V-landi. Þurrt að mestu en vænta má smá vætu á V-landinu um helgina.



**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


GERÐU GÓÐ KAUP
FYRIR SKÓLANN
SKÓLADAGAR
NÝTT KORTATÍMABIL
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Kringlan
KRINGLAN.IS
AF ÖLLU HJARTA
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
#KRINGLANICELAND

## HREYSIN Í MIÐBORGINNI


**Hverfisgata 28** Húsið stendur við mörk Hjartagarðsins. Þar er nú í byggingu hótel.


**Hverfisgata 34** Eldur kom upp í húsinu og talið er að kveikt hafi verið í. Vitað er að útigangsfólk leitaði þar skjóls.


**Veghúsastígur 1** Samkvæmt upplýsingum slökkviliðs er mikið rusl innandyra og húsið ekki í góðu standi.


**Laugavegur 33** Kjallari hússins er yfirgefinn og lokaður en búið er á efri hæð þess.


**Tryggvagata 10** Kveikt var í húsinu árið 2009. Maður hlaut tveggja ára fangelsisdóm fyrir íkveikjuna.




*Upplýsingar um staðsetningu húsanna og myndir af þeim eru fengnar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Úttektin var unnin árið 2013.*


**Hverfisgata 61** Deiliskipulag gerir ráð fyrir því að rífa megi húsið og byggja þar nýtt.


**Vatnsstígur 5** Húsið vakti mikla athygli þegar hústökufólk tók það yfir árið 2009 í pólitískri aðgerð.


**Bergstaðastræti 12** Húsið er á minjaskrá og því má ekki rífa það. Húsið er í mikilli niðurníslu.


**Frakkastígur 16** Árið 2006 og 2008 var sótt um leyfi til að rífa húsið og byggja nýtt á lóðinni. Lengst af var þar hljóðfæraverslunin Rín.


**Barónsstígur 28** Mikið rusl er innandyra í húsinu og það almennt í slæmu ástandi. Óskað hefur verið eftir leyfi til að rífa húsið.


**Laugavegur 33b** Slökkvilið telur lokun á húsinu vera í lagi. Enginn eigi að komast þarna inn.

# Kortleggja dópgreni í miðbænum

Bruninn á Grettisgötu á mánudag hefur orðið til þess að lögreglan hyggst skrásetja þau hús sem hústökufólk hefur lagt undir sig. Slökkvilið bendir á að mikil eldhætta stafi af yfirgefnum húsum. Yfirgefnum húsum í miðbænum hefur fækkað um rúm sjötíu prósent á fimm árum.


**Snærós Sindradóttir**
snaeros@frettabladid.is

**MIÐBORGIN** Lögregla hyggst bregðast við brunanum á Grettisgötu fyrr í vikunni með því að skrásetja markvisst yfirgefin hús og dópgreni. Mikil mildi þykir að ekki fór verr en þrír menn voru í húsinu þegar það brann og komust þeir út af sjálfsdáðum.

„Þetta hefur í raun ekki verið ofarlega á baugi hjá okkur og ekki verið litið á þetta sem sérstakt vandamál,“ segir Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfirlögregluþjónn. Hann segir að við brunann hafi lögreglan vaknað upp við vondan draum. Bregðast verði við svo slys verði ekki á fólki.


KRISTJÁN ÓLAFUR GUÐNASON

Markmið lista lögreglunnar er að húsunum verði lokað með tryggilegum hætti og þau gerð innbrotsheld. Kristján segir að haft verði samband við eigendur húsanna en í mörgum tilfellum eru það bankar og fjármálastofnanir. „Það er verið að reyna að leita leiða núna til að tryggja að svona komi ekki upp aftur,“ segir hann. Kristján gerir ekki ráð fyrir að það muni taka langan tíma að taka upplýsingarnar saman.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur tekið saman lista yfir yfirgefin hús um nokkurra ára skeið. Athygli vekur að þeim hefur fækkað ört á síðastliðnum árum. Á lista slökkviliðsins árið 2009 voru 42 hús en árið 2013 voru þau aðeins ellefu talsins. Það er fækkun um tæp 75 prósent.

Ólafur R. Magnússon, deildarstjóri á forvarnarsviði Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu, segir að ástæðu fækkunarinnar megi rekja til þess að mörg þeirra húsa sem voru yfirgefin hafi verið rifin. Einnig hafi hús verið tekin aftur í notkun. „Okkar aðkoma að þessu er að tryggja að óviðkomandi fari sér ekki að voða þarna inni. Sum húsin eru án rafmagns. Ef fólk hefur ekki í önnur hús að venda þá getur skapast hætta þegar reynt er að kynda með öðrum hætti.“

Árið 2009 réðst slökkviliðið í átak með það að markmiði að loka yfirgefnum húsum. Eigendum þeirra var þá gerð grein fyrir því að loka yrði húsunum tryggilega ellegar yrði það gert á kostnað þeirra sjálfra. Verkefninu var fylgt stíft eftir og þótti takast vel.



> **Sum húsin eru án rafmagns. Ef fólk hefur ekki í önnur hús að venda þá getur skapast hætta þegar reynt er að kynda með öðrum hætti.**
>
> *Ólafur R. Magnússon, deildarstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins*

**Plastparket** *Ný lína* **MÚRBÚÐARVERÐ**



Dökk Eik Planki, fasað **1.890** pr.m²



Hvíttaður planki, fasað 121,5x168 cm **1.890** pr.m²



Eik Planki, fasað **1.890** pr.m²



Eik Natur Planki **1.790** pr.m²



Fösuð Eik Country **1.890** pr.m²

| | |
|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. |

LAMIWOOD®

**Ath: Plastparket > Víða kallað harðparket með samþykki „neytanda“ eftirlits!**

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


Viltu vinna ipad?!
Nánari upplýsingar um skólaleikinn á hagkaup.is
ALLT fyrir skólann
Bréfabindi 178kr
Merkifánar 99kr
Stílabók A-4/A-5 129kr
Skrift 1 æfingabók 39kr
Límstifti 15kr
Tússlitir 199kr
Plast-mappa A-4 19kr
Netapoki A-4 269kr
Trélitir 88kr
Teygju-mappa 178kr
Netapoki A-5 249kr
Netapoki A-6 149kr
Talnagrind 1.289kr
Milliblöð númeruð A-4 10 í pakka 89kr
Gildir til 22. ágúst. Birt með fyrirvara um villur. Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Hættumat Bárðarbungu í vinnslu

**Vinna við sérstakt hættumat fyrir Bárðarbungu hófst 2012 en er enn ólokið. Eldstöðin er í flokki með Heklu, Kötlu og Grímsvötnum sem hættulegustu eldfjöllin. Um 900 skjálftar voru mældir við Bárðarbungu árið 2010 og umbrotin nú því framhald mun stærri atburðarásar.**

Vinna við sérstakt hættumat vegna eldsumbrota í Bárðarbungu hófst árið 2012 en er ólokið og því liggur viðbragðsáætlun ekki fyrir. Umbrotin í Vatnajökli frá því um helgi eru framhald jarðskjálftahrinu sem hófst fyrir allmörgum árum.



> **Í hættumatinu fyrir eldgos á Íslandi þarf m.a. að skoða hættu á jökulhlaupum sem geta orðið samfara eldsumbrotum undir jökli. Við erum á lokametrunum fyrir Öræfajökul og slíkt mat hefur verið gert fyrir Markarfljótsaura. Síðan er næsta skref að huga að Jökulsá á Fjöllum.**
>
> *Sigrún Karlsdóttir náttúruvárstjóri*

**Lýkur í haust**

Sigrún Karlsdóttir, náttúruvárstjóri Veðurstofunnar, segir að vinna við hættumat fyrir eldgos á Íslandi standi yfir, en hún hófst 2011. Vinnan sé afar umfangsmikil og flókin, og horft til næstu 15 til 20 ára þangað til henni er að fullu lokið. Hættumat og viðbragðsáætlun vegna Bárðarbungu liggur ekki fyrir enn sem komið er. „Í fyrsta áfanga verkefnisins hefur verið unnið að því að taka saman yfirlit um alla þá þekkingu sem liggur fyrir um eldstöðvar á Íslandi. Þeirri vinnu lýkur nú haust, og er hún mikilvægur grunnur fyrir allt hættumatið. Viðbragðsáætlanir eru síðan byggðar á hættumatinu, sem heyrir undir Almannavarnir að vinna. Í hættumatinu fyrir eldgos á Íslandi þarf m.a. að skoða hættu á jökulhlaupum sem geta orðið samfara eldsumbrotum undir jökli. Við erum á lokametrunum fyrir Öræfajökul, og slíkt mat hefur verið gert fyrir Markarfljótsaura. Síðan er næsta skref að huga að Jökulsá á Fjöllum," segir Sigrún.

**Gagnrýnivert?**

Spurð hvort það sé ekki gagnrýnivert í ljósi atburða síðustu daga að hættumat og þá viðbragðsáætlun liggi ekki fyrir, segir Sigrún það mikilvægasta að vinnan sé hafin. Hins vegar sé framgangur og staða verkefna háð því fjármagni sem sé til verka hverju sinni. Æskilegast væri að hættumat lægi fyrir um alla náttúruvá á Íslandi, á sama grunni og unnið hefur verið vegna ofanflóða. Vinna við hættumat hefur fram til þessa tekið mið af þeim atburðum í náttúrunni sem verða, og því hafi hættumat fyrir Mýrdalsjökul verið klárað á árunum 2002 til 2005 eftir jarðhræringar þar.

Unnið er eftir forgangsröðun svæða og þeim skipt upp í fimm flokka eftir því hversu hættuleg þau gætu reynst. Bárðarbunga er flokkuð í efsta flokki, ásamt Heklu, Kötlu, Grímsvötnum og Reykjanesi.

Sigrún tekur fram að Veðurstofan vinni samkvæmt viðbragðsáætlunum sem stofnunin hefur sett sér varðandi náttúruvá sem þessa og tekur hún á því lagalega hlutverki sem stofnuninni ber að sinna. Allt hafi gengið vel og samskipti við samstarfsstofnanir og hagsmunaaðila verið til mikillar fyrirmyndar.



**UM BORÐ** TF-SIF fór í eftirlits- og vísindaflug yfir lokaða svæðinu í gær. Mælingar voru gerðar á jöklinum og mannaferðir kannaðar. MYND/LHG

**Framhald frá 2007**

Kristín Vogfjörð, rannsóknastjóri hjá Veðurstofunni, hefur haft með höndum rannsóknir á Bárðarbungueldstöðinni um árabil. Hún segir engan vafa leika á því að óróinn á svæðinu undanfarna daga sé ekki upphaf heldur framhald atburðarásar á svæðinu, en árið 2010 mældust snarpir jarðskjálftar þar í maí. Í þeirri hrinu mældust um 900 jarðskjálftar, sem undirstrikar hversu umfangsmikil umbrotin eru nú með allt að 4.000 jarðskjálfta á rúmum fjórum sólarhringum.

„Ég hef stundað rannsóknir á Bárðarbungu undanfarin ár, vegna FUTURVOLC, stórs rannsóknarverkefnis sem er í fullum gagni. Ég lagði frá upphafi áherslu á að mælar yrðu settir upp við Bárðarbungu því mér fannst það líklegasta eldfjallið til að gera eitthvað – ef það yrði ekki Hekla. Virkni allra eldstöðva í Vatnajökli tók að vaxa, eins og sást á fjölda jarðskjálfta, strax frá 2007, jafnvel 2005. Svo gaus í Grímsvötnum 2011 og þá datt virknin í öllum eldstöðvunum niður. Hún byrjaði svo fljótlega að vaxa aftur, og virknin í Bárðarbungu tók að vaxa hraðar en annars staðar. Virknin hefur margfaldast núna en aukning í skjálftavirkni hefur staðið lengi," segir Kristín.

Aukin skjálftavirkni bendir til svæðisbundinnar aukningar á kvikuframleiðslu undir öllum norðvestanverðum Vatnajökli, að sögn Kristínar og þess vegna var fyrir löngu búið að undirbúa fjölgun mælitækja á jöklinum, sem hefur reynst afar dýrmætt síðustu daga.

svavar@frettabladid.is

## Minnir á aðdragandann í Eyjafjallajökli

Kristín Vogfjörð, rannsóknastjóri hjá Veðurstofu Íslands, vann að vöktun jarðskjálftahrinunnar í aðdraganda eldgossins í Eyjafjallajökli. Árið 1991 var vöktunarkerfi sett upp en árið 1992 varð fyrst vart við skjálfta á miklu dýpi. „En kvikuinnskotin komu 1994, 1996 og 1999. Þeir skiptu tugum eða fáeinum hundruðum. Þegar þessi hrina byrjaði og skjálftarnir voru orðnir þúsund, þá hugsaði ég að þetta væri eins og í Eyjafjallajökli. Þegar hrinan í aðdraganda gossins í Eyjafjallajökli hófst þá voru þetta þúsundir skjálfta en ekki nokkur hundruð. Þetta er þannig atburður í Bárðarbungu, en þetta er allt stöðugt og engar vísbendingar um að kvikan séu að leita upp sem endar í eldgosi. En svona gríðarlegt magn af kviku getur alltaf leitað upp og við þurfum að vera vakandi fyrir því," segir Kristín.



**KRISTÍN VOGFJÖRÐ**

## Stöðug skjálftavirkni einn daginn enn

Stöðug virkni var í norðvestanverðum Vatnajökli í gær eins og dagana á undan, og var aðalvirknin norðaustur af Bárðarbungu. Mörg hundruð skjálftar mældust, en dýpi flestra skjálftanna svipað og verið hefur. Stærstu skjálftarnir sem mældust í gær voru 3,3 í sjálfri öskju Bárðarbungu, en hann var aðeins á rúmlega þriggja kílómetra dýpi en langflestir skjálftarnir hafa mælst á fimm til tíu kílómetra dýpi. Fleiri skjálftar frá 2,7 til 3 að stærð mældust í gær.

**Rýming gekk vel**

Ríkislögreglustjóri lýsti yfir hættustigi á mánudag eftir að lögreglustjórarnir á Húsavík og Seyðisfirði ákváðu að rýma þyrfti hálendið norðan Dyngjujökuls vegna jarðhræringanna. Í framhaldinu var Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð virkjuð og var hún fullmönnuð. Rýming svæðisins gekk vel og eftir miðnætti var búið að rýma Kverkfjöll, Dreka og Herðubreiðarlindir. Þeir sem fara inn á svæðið þurfa að hafa sérstakt leyfi Almannavarna til þess.

**Fjöldahjálparmiðstöð opnuð**

Aðgerðastjórn á vegum Rauða krossins tók til starfa á Húsavík á mánudag auk þess sem fjöldahjálparmiðstöð var opnuð við Mývatn. Þar leituðu sex ferðamenn, sem víkja þurftu af hálendinu, húsaskjóls í fyrrinótt en Rauði krossinn er einnig tilbúinn með slíkar stöðvar á Húsavík og Kópaskeri.

**Stórt kvikufljót neðanjarðar**



**FREYSTEINN SIGMUNDSSON**

Í fréttatíma Stöðvar 2 ræddi Kristján Már Unnarsson við Freystein Sigmundsson, jarðeðlisfræðing á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, sem segir að kvikan sem streymir úr iðrum Bárðarbungu sé að umfangi áþekk flæði hálfrar Þjórsár og hefur þegar myndað 25 kílómetra langan berggang undir Vatnajökli. Streymi kvikunnar inn í bergganginn jafngildir hálfu meðalrennsli Þjórsár eða Ölfusár. Magn kvikunnar getur verið um 60 til 90 milljónir rúmmetra á þessum dögum sem liðnir eru frá því umbrotin hófust. Þetta er álíka og þriðjungur af því sem kom upp úr Heimaeyjargosinu á fimm mánuðum.

Þegar Freysteinn er spurður hvernig hann meti hættuna á gosi á næstu dögum svarar hann að á meðan vísbendingar séu um hratt kvikustreymi undir eldstöðvakerfinu sé eðlilegt að hafa varann á. Þessari atburðarás geti þó einnig lokið án eldgoss.



HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | RÚMFÖT O.FL.



# HEILSUDÝNUDAGAR



Nature's Bedding

## Nature's Rest

| Stærð cm. | Verð | Dýnudagar |
|---|---|---|
| 80x200 | 62.900,- | 53.465,- |
| 90x200 | 68.900,- | 58.565,- |
| 100x200 | 72.900,- | 61.965,- |
| 120x200 | 79.900,- | 67.915,- |
| 140x200 | 92.900,- | 78.965,- |
| 160x200 | 99.900,- | 84.915,- |
| 180x200 | 117.900,- | 100.215,- |



Nature's Bedding

## Nature's Comfort Pillowtop

| Stærð cm. | Verð | Dýnudagar |
|---|---|---|
| 100x200 | 99.900,- | 84.915,- |
| 120x200 | 119.900,- | 101.915,- |
| 140x200 | 138.900,- | 118.065,- |
| 160x200 | 149.900,- | 127.415,- |
| 180x200 | 164.900,- | 140.165,- |



Nature's Bedding

## Nature's Luxury Pillowtop

| Stærð cm. | Verð | Dýnudagar |
|---|---|---|
| 120x200 | 129.900,- | 110.415,- |
| 140x200 | 155.900,- | 132.515,- |
| 160x200 | 169.900,- | 144.415,- |
| 180x200 | 189.900,- | 161.415,- |



## Stillanlegur botn með Shape heilsudýnu

| Stærð cm. | Verð | Dýnudagar |
|---|---|---|
| 2x80x200 | 442.300,- | 375.955,- |
| 2x90x200 | 466.800,- | 396.780,- |
| 2x90x210 | 487.300,- | 414.205,- |
| 2x100x200 | 487.300,- | 414.205,- |



DORMA

– býður góða nótt

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

## Shape heilsudýna með botni

| Stærð cm. | Verð | Dýnudagar |
|---|---|---|
| 80x200 | 92.900,- | 78.965,- |
| 90x200 | 98.900,- | 84.065,- |
| 100x200 | 104.900,- | 89.165,- |
| 120x200 | 125.900,- | 107.015,- |
| 140x200 | 149.900,- | 127.415,- |
| 160x200 | 167.900,- | 142.715,- |
| 180x200 | 184.900,- | 157.165,- |

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði © 456 4566



**MÓTMÆLI Í FERGUSON** Yfirvöld hafa brugðist hart við mótmælum undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólgan í Ferguson:

## Mótmælin halda áfram

**BANDARÍKIN, AP** Mótmælin í Ferguson í Missouri héldu áfram í gær, þótt eitthvað hafi dregið úr þeim síðustu daga.

Hópur manna hafði safnast saman fyrir utan dómshúsið þar sem hafnar eru vitnaleiðslur fyrir ákærukviðdómi, sem á að taka afstöðu til þess hvort ákæra eigi lögreglumanninn sem skaut hinn átján ára gamla Michael Brown fyrir tæpum hálfum mánuði. -gb

Argentína fer hjáleið:

## Ætlar að borga

**ARGENTÍNA, AP** Argentínustjórn ætlar að fara hjáleið til þess að greiða lánardrottnum sínum afborganir, sem dómsmál í Bandaríkjunum hefur komið í veg fyrir að hægt væri að greiða.

Í stað þess að greiða skuldirnar með milligöngu bandaríska bankans Bank of New York verður argentínski seðlabankinn látinn sjá um greiðslurnar milliliðalaust. -gb

# Vígamenn hóta að taka annan blaðamann af lífi

Myndbandið af aftöku James Foley var snarlega tekið út af Youtube og lokað á það á Twitter en virðist samt hafa borist víða. Um tuttugu blaðamanna er saknað í Sýrlandi, en Íslamskt ríki drepur fólk af minnsta tilefni.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is

**ÍRAK, AP** Vígamennirnir, sem tóku bandaríska blaðamanninn James Foley af lífi, kalla sig riddara og segjast þjóna íslamska kalífadæminu í Írak og Sýrlandi.

Þeir hóta því að taka annan bandarískan blaðamann, Steven Sodloff, af lífi hætti bandaríski herinn ekki árásum sínum í norðanverðu Írak.

Samtökin Íslamskt ríki, sem hafa náð stórum svæðum í Írak og Sýrlandi á sitt vald, hafa lagt mikla áherslu á að nota sér vefmiðla til að koma málstað sínum á framfæri og afla sér liðsmanna víða um heim. Birting myndbandsins af aftöku James Foley er liður í þeirri baráttu, en það virðist hafa náð nokkurri útbreiðslu þótt það hafi verið snarlega tekið niður af Youtubevefnum og lokað á það á Twitter.



→ Frá 8. ágúst síðastliðnum hafa Bandaríkin gert meira en 80 loftárásir á liðsmenn eða herbúnað Íslamska ríkisins. Sprengjum hefur verið varpað á eftirlitsstöðvar, farartæki og vopnabúr samtakanna.

**JAMES FOLEY** Bandaríski blaðamaðurinn sem vígasveitir öfgamanna tóku af lífi í Írak. NORDICPHOTOS/AFP

Frá 8. ágúst síðastliðnum hafa Bandaríkin gert meira en 80 loftárásir á liðsmenn eða herbúnað Íslamska ríkisins. Meðal annars hefur sprengjum verið varpað á eftirlitsstöðvar, farartæki og vopnabúr samtakanna.

Bandaríkjamenn hafa einnig útvegað hersveitum Kúrda í norðanverðu Írak vopn til þess að verjast sókn vígasveita Íslamska ríkisins. Bretar, Frakkar og Þjóðverjar hafa einnig sagst ætla að senda vopn til Kúrda.

Kúrdar hafa á síðustu dögum náð að snúa vörn í sókn og náð aftur á sitt vald Mosul-stíflunni og fleiri svæðum sem Íslamska ríkið hafði náð á sitt vald.

Vígasveitir Íslamska ríkisins hafa sýnt miskunnarlausa grimmd gagnvart öllum, sem ekki vilja lúta í einu og öllu afar ströngum reglum þeirra um hegðun og hugarfar. Liðsmenn samtakanna víla ekki fyrir sér að drepa fólk af minnsta tilefni.

Talið er að í nágrannaríkinu Sýrlandi, þar sem samtökin Íslamskt ríki hafa einnig nokkuð stórt svæði á sínu valdi, sé um það bil tuttugu fréttamanna saknað. Ýmist eru þeir í haldi öfgamanna sem hóta að drepa þá eða þeim hefur verið rænt af hópum vígamanna sem vilja fá lausnargjald fyrir að sleppa þeim.

Alþjóðlegir fjölmiðlar hafa forðast að fjalla mikið um þetta, þótt einsdæmi sé að svo mörgum fréttamönnum hafi verið rænt á átakasvæðum. Óttast er að mikil umfjöllun geti torveldað mönnum að semja um lausn fréttamannanna.



# DEBENHAMS




## 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM BARNAFATNAÐI

Gildir út sunnudag







Nýjar haustvörur frá HUMMEL

**Opið** 11 - 19 í dag

Finndu okkur á facebook

**NÝTT KORTATÍMABIL**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**1 AÐ VEIÐUM Í PERÚ** Veiðimenn söfnuðust saman á bátum sínum í gærmorgun í höfn smábæjarins Ancon í Perú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**3 HÁTT UPPI Í MOSKVU** Verkamaður þessi var sendur til að taka niður Úkraínufána, sem mótmælendur höfðu dregið að hún efst á háhýsi frá Stalínstímanum í Moskvu. Hann stóðst ekki mátið að smella af einni sjálfsmynd áður en hann hélt niður aftur með fánann. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**2 FLÓÐ Í ARIZONA** Slökkviliðsmenn komu konu til bjargar, sem sat föst í bifreið sinni í flóðum í borginni Tucson í Arizona í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## ÁSTAND HEIMSINS






**4 HERNAÐARAÐGERÐIR VEGNA EBÓLU Í LÍBERÍU** Hersveitir Líberíu hafa verið sendar til þess að einangra fátækrahverfi í borginni Monróvíu, í von um að hindra útbreiðslu ebóluveirunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**5 EYÐILEGGING Á GASA** Þrír menn sitja fyrir framan gjörónýtan strætisvagn innan um allsherjareyðilegginguna á Gasa eftir loftárásir Ísraela. Í gær var gerð loftárás á hús yfirmanns hersveita Hamas á Gasasvæðinu og létu þar eiginkona hans og barn lífið. NORDICPHOTOS/AFP



**6 SKRIÐUFÖLL Í JAPAN** Tugir manna létu lífið þegar aurskriður féllu yfir úthverfi borgarinnar Hiroshima í Japan árla dags í gær. Miklar rigningar hafa verið á þessum slóðum undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





# Með fróðleik í fararnesti

## Sveppaferð í Heiðmörk 23. ágúst kl.11

**Í ferðinni í Heiðmörk á laugardag** verða sveppir tíndir og þátttakendur fræddir um verkun þeirra. Jafnframt verður farið yfir hvaða sveppi má borða og hverjir eru eitraðir.

**Silke Werth**, nýdoktor við Líf- og umhverfisvísindastofnun, og **Gísli Már Gíslason**, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, leiða gönguna. Lagt verður af stað frá Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, kl. 11. Hægt verður að sameinast þar í bíla. Gert er ráð fyrir að ferðin taki um það bil þrjár klukkustundir að akstrinum í Heiðmörk meðtöldum. Ferðin er farin í samvinnu við Ferðafélag barnanna.

**Allar nánari upplýsingar á hi.is**

Háskóli Íslands og Ferðafélag Íslands halda áfram samstarfi sínu um fræðandi gönguferðir sem hófust á aldarafmæli skólans 2011. Reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna Háskóla Íslands blandast saman í áhugaverðum gönguferðum um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 142539

**Valitor** er stuðningsaðili Ferðafélags Íslands.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

**20% afsláttur** af öllum Blue Lagoon húðvörum í verslunum Hagkaups.




Gildir dagana 21. -27. ágúst í öllum verslunum Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




## iPad

iPad mini verð frá **49.990.-**

iPad Air verð frá **84.990.-**.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur



## iPhone 5c

Phone 5c er vandaður og hraður sími með öflugum A6 örgjörva og ótrúlega góðri myndavél sem gefur skýrar og bjartar myndir.

Gefðu lífinu smá lit og skelltu þér á iPhone 5c.

Verð **89.890.-**



## iPhone 5s

Hraðasti iPhone síminn hingað til.

iPhone 5s er með fingrafaralesara sem hægt er að nota til að opna símann eða kaupa á App Store og enn betri myndavél.

Verð **109.890.-**



Skullcandy Uprock heyrnartól fylgja MacBook Air á meðan birgðir endast.

## MacBook Air

11" verð frá **159.990.-**

13" verð frá **179.990.-**

# Lærðu af reynslunni



### Skullcandy heyrnartól

Margar gerðir, margir litir.

**25%**
Afsláttur í ágúst



### Office skólaútgáfa

Inniheldur eitt leyfi fyrir Word, Excel og PowerPoint.

Verð **24.990.-**



### Apple TV

Varpaðu myndefni og tónlist úr iPhone, iPad og tölvunni þinni þráðlaust í sjónvarpið.

Verð **16.990.-**



### Sequel hliðartöskur 13-15"

Fartölvutöskur sem passa vel fyrir fartölvuna, spjaldtölvuna og aukahluti.

Verð **13.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI



## Sling Sleeve taska

Nett og handhæg taska
frá Incase fyrir fartölvuna.

Verð **9.990.-**



## Knomo Troon

Frábær fartölvu- og/eða
spjaldtölvutaska frá Knomo.

Verð **14.990.-**



## Drifter Bacpack 15"

Drifter bakpokinn er með
vasana á réttum stöðum.

Verð **19.990.-**



## Joy Factory - vatnshelt

Frábært hulstur sem þolir mikið
og veitir einstaka vörn á góðu verði.

Verð **6.990.-**



## Dux fyrir iPad

Í hæsta gæðaflokki þegar um
vörn er að ræða fyrir iPad.
Er með stillanlegum fæti.

Verð **10.990.-**



## Speck - iGuy

Krakkarnir elska þessa hlíf/vörn
frá Speck. Frábær vörn fyrir
iPad Air og iPad mini.

Verð frá **4.990.-**



## Pango fyrir iPad mini

Góð hlíf úr leðurlíki með
stillanlegum fæti fyrir iPad.

Verð **6.990.-**



## Moko fyrir iPad Air

Góð hlíf úr hágæða leðri
með stillanlegum fæti
og handgripi.

Verð **9.990.-**



## BookBook fyrir iPad mini

Handgert leðurhulstur fyrir
iPad, þannig að engin tvö
eru eins.

Verð **14.990.-**



## PlugBug

Tengist við Apple straumbreyta
og gerir þér kleift að hlaða
fleiri en eitt tæki í einu.

Verð **8.990.-**



## Mophie Power Stations

Hraðvirkar og öflugar aukarafhlöður
fyrir síma og önnur USB tæki.

Verð frá **8.990.-**



## Wacom Intuos Pen

Trackpad og teikniflötur, með
penna. Uppgötvaðu nýjar leiðir
til að teikna með Intuos
teikniborðinu.

Verð **16.990.-**



## Jax SOL REPUBLIC

Ótrúlega tær hljómur með
djúpum bassa.

Verð **6.990.-**



## Relays SOL REPUBLIC

Ein allra þægilegustu sport
heyrnartólin.

Verð **12.990.-**



## Tracks SOL REPUBLIC

Frábær heyrnartól á
hóflegu verði.

Verð **14.990.-**




## Tracks Air SOL REPUBLIC

Þráðlaus hágæða heyrnartól, sem
einnig er hægt að nota með snúru.

Verð **39.990.-**

# Skólabókin þín



Skullcandy Uprock heyrnartól fylgja MacBook Pro á meðan birgðir endast.

## MacBook Pro

13" verð **199.990.-**



## MacBook Pro Retina

13" verð frá **239.990.-**

15" verð frá **359.990.-**


Skullcandy Hesh heyrnartól fylgja MacBook Pro Retina (2014 módel) meðan birgðir endast.

LIBRATONE

Stórlækkuð verð

## LOOP



Nýjasti hátalarinn frá Libratone. Glæsileg hönnun, tær og hreinn hljómur.
AirPlay og PlayDirect tækni til að spila þráðlaust, jafnvel án WiFi nets.

Verð **94.990.-**

## ZIPP



Léttur og einfaldur hátalari með innbyggðri rafhlöðu.
AirPlay og PlayDirect tækni til að spila þráðlaust, jafnvel án WiFi nets.

Verð **84.990.-**

## LIVE



Þráðlaus hátalari með AirPlay og PlayDirect tækni til að spila þráðlaust, jafnvel án WiFi nets.

Verð **99.990.-**

## LOUNGE



Magnaður hátalari með ótrúlegum hljómgæðum sem hægt er að hengja upp á vegg (veggfesting fylgir) eða leggja á borð eða gólf. AirPlay og PlayDirect tækni til að spila þráðlaust, jafnvel án WiFi nets.

Verð **219.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI



**Í LEIKSKÓLA** Nær öll börn í Reykjavík fara í leikskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Starfsfólk aldrei verið fleira:

## Átta af hverjum tíu á leikskóla

**SKÓLAMÁL** Starfsfólk í leikskólum á Íslandi hefur aldrei verið fleira en í desember 2013 að því er fram kemur í nýbirtum tölum Hagstofu Íslands. Þá störfuðu 5.800 manns í 5.199 stöðugildum í 256 leikskólum, tæplega þrjú prósent fleiri en árið áður. Á sama tíma sóttu 19.700 börn leikskóla á Íslandi og hafa aldrei verið fleiri. Leikskólabörnum fjölgaði um 98 frá desember 2012, eða um hálft prósent. Rúmlega 83 prósent barna á aldrinum 1-5 ára voru skráð í leikskóla og hefur það hlutfall ekki verið hærra í Íslandssögunni. -jme

Talið að umferð aukist mikið:

## Lögregla eykur umferðareftirlit

**LÖGGÆSLA** Grunnskólar eru að hefja göngu sína og því búist við stóraukinni umferð á næstunni.

Lögregla hvetur ökumenn til að taka tillit til þessa þegar dagurinn er skipulagður.

Lögregla ætlar næstu daga að auka sýnilegt eftirlit á stofnæðum höfuðborgarsvæðisins, en einnig í íbúðahverfum og í nágrenni við grunnskóla. -jme

# Fjölgar um 200 í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Nemendum fjölgar langmest í skólum í Árbæ og Grafarholti en þeim fækkar í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Enn vantar ellefu grunnskólakennara til starfa í borginni, þá á eftir að ráða 19 skólaliða og 10 stuðningsfulltrúa.

**SKÓLAMÁL** Rösklega 13.700 börn hefja nám í grunnskólum Reykjavíkurborgar í næstu viku. Grunnskólabörnum í borginni hefur fjölgað um rúmlega 200 frá síðasta skólaári sem er í samræmi við spár borgaryfirvalda um fjölda nemenda í grunnskólum borgarinnar á skólaárinu.

Ef litið er til einstakra skólahverfa fjölgar nemendum mest í grunnskólum í Árbæ/Grafarholti, þar fjölgar um 136 nemendur. Í Vesturbænum fjölgar grunnskólanemendum um 50, í Breiðholti um 40, Í Laugardal/Háaleiti er fjölgunin 20 og í Miðborg/Hlíðum fjölgar um 14. Eina hverfi borgarinnar þar sem nemendum fækkar frá því í fyrra er Grafarvogur/Kjalarnes, þar fækkar nemendum um rúmlega 40 sem er framhald af þróun sem hefur verið í gangi undanfarin ár.

Nærri 3.600 umsóknir hafa borist um frístundaheimili, 100 færri en borgaryfirvöld bjuggust við. Auk þess hafa borist tæplega 110 umsóknir um frístundaklúbba fyrir fötluð börn.

Í gær var búið að samþykkja að taka 1.846 börn inn á frístundaheimili og 21 í frístundaklúbba og er unnið að því þessa dagana að taka börnin inn. Talið er að eftir helgi verði 900 börn á biðlista eftir frístundaheimili. Staðan er mjög mismunandi eftir hverfum. Um helgina á að vera búið að samþykkja umsóknir allra barna í skólahverfunum í Grafarvogi/Kjalarnesi, Miðborg/Hlíðum og Laugardal/Háaleiti.

Staðan verður hins vegar ekki eins góð í Vesturbænum og Breiðholti, þar verða um 40 prósent barna enn á bið og enn fleiri í Árbæ/Grafarholti, eða um 60 prósent.

Eftir er að manna 125 stöður í leik- og grunnskólum borgarinnar. Þær eru langflestar í leikskólunum eða 87, á frístundaheimilunum vantar 63 til starfa og 46 í grunnskólum borgarinnar.

Ef þetta er skoðað aðeins nánar kemur í ljós að í leikskólum þarf að ráða í tíu stöðugildi deildarstjóra, 47 leikskólakennara vantar og þá þarf að ráða 20 stuðningsfulltrúa og 9 í afleysingar.

Eftir er að fylla 63 stöðugildi á frístundaheimilum. Þar af vantar 18 í störf með fötluðum börnum og ungmennum. Yfirleitt er um að ræða 50 prósent störf.

Í grunnskólum vantar um 11 stöðugildi kennara, þar af tvö stöðugildi umsjónarkennara, um 19 stöðugildi skólaliða og 10 stöðugildi stuðningsfulltrúa.

Á sama tíma í fyrra voru 75 stöðugildi ómönnuð í leikskólum borgarinnar, 23 í grunnskólunum og 120 starfsmenn vantaði í 60 stöðugildi á frístundaheimilum.

johanna@frettabladid.is



**SKÓLARNIR BYRJA** Það færist líf í skóla borgarinnar þegar kennsla hefst í grunnskólum í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### STÖÐUR Í GRUNN- OG LEIKSKÓLUM SEM ÞARF AÐ RÁÐA Í

| Stöðugildi sem ráða þarf í | Árbær Grafarholt | Breiðholt | Grafar-vogur-Kjalarnes | Laugar-dalur-Háaleiti | Miðborg-Hlíðar | Vestur-bær | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskólar | 13,2 | 27 | 10,5 | 13,5 | 11 | 12 | 87 |
| Grunnskólar | 14,8 | 11,5 | 8,4 | 2,3 | 7 | 2,3 | 46,1 |
| Frístunda-heimili | 12,5 | 9,5 | 8 | 33 | 0 | 12 | 62,5 |

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Á vit ævintýranna í nýjum ŠKODA Yeti Outdoor.

**Betri eru þúsundir stjarna á næturhimni en fimm stjörnur á hóteli.** Þú getur áð hvar sem þér dettur í hug, þökk sé torfærustillingunni í Yeti. Þú getur slappað af og látið fara vel um þig þótt undirlagið sé ójafnt. Þú kemst heilu og höldnu á leiðarenda og VarioFlex aftursætakerfið tryggir að þú getir tekið allan nauðsynlegan aukabúnað með þér. Geymslurými er aldrei vandamál því þú býrð einfaldlega til pláss með því að færa til aftursætin.
Þá kemur sér ekki síður vel að vera með dráttarkúlu sem staðalbúnað. Leggðu drög að óbyggðaferðinni strax í dag með því að fá reynsluakstur hjá ŠKODA. Nú fæst sjálfskiptur Yeti á enn betra verði en áður.

**ŠKODA Yeti Outdoor kostar frá 5.220.000,-**

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

skoda.is

# VILDARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM Í DAG!

30% VILDARAFSLÁTTUR



30% VILDARAFSLÁTTUR

Allar skólatöskur á 30% Vildarafslætti í Pennanum Eymundsson í dag!




Vildarverð
99 kr.
áður 219 kr.

Blýantur Mars ergosoft

## KLÁRAÐU SKÓLAINNKAUPIN Í ÖRFÁUM SMELLUM Á EYMUNDSSON.IS

www.eymundsson.is/skoli

1 Svæði
2 Skóli
3 Bekkur

Finndu þinn skólalista og kláraðu innkaupin á vefnum okkar. Veldu að sækja í verslun okkar Hallarmúla 4 eða fá pakkann sendan heim að dyrum.

www.eymundsson.is/skoli

Smelltu þér í skólann!



Vildarverð
149 kr.
áður 299 kr.

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Teygjumappa
A4 plast



Vildarverð
199 kr.
áður 459 kr.

Tússpenni, 0,4mm

| | | |
|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Kringlunni - Norður | Ísafirði - Hafnarstræti 2 |
| Skólavörðustíg 11 | Kringlunni - Suður | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 |
| Laugavegi 77 | Hafnarfirði - Strandgötu 31 | Vestmannaeyjum - Faxastíg 36 |
| Mjódd - Álfabakka 14b | Keflavík - Sólvallagötu 2 | Hallarmúla 4 |
| Smáralind | Akranesi - Dalbraut 1 | |

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildir 21. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Fjárdráttur veldur vanda:

## Smáís fer fram á gjaldþrotaskipti

Stjórn Smáís hefur óskað eftir því að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta, að því er fram kom í kvöldfréttum RÚV í gær. Samtökin voru stofnuð árið 1992 til þess að gæta hagsmuna eigenda höfundaréttarvarins efnis, bæði myndefnis og tónlistar. Gjaldþrotabeiðni hefur verið lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur. Greint var frá því í fjölmiðlum fyrr í sumar að Snæbjörn Steingrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, hefði dregið sér fé. - jhh

**NEYTANDINN** **Kristján Freyr Halldórsson, bóksali og tónlistarmaður**

## Kaffiskeið frá París og rifnar flauelsbuxur

Ein bestu kaup Kristjáns Freys Halldórssonar, bóksala og tónlistarmanns, er kaffiskeið sem hann keypti sér í París.

„Þetta var skeið til að moka kaffi upp úr pokum og hún var með klemmu áfastri til að loka pokunum. Ég var afskaplega ánægður með þessa skeið en hún brotnaði fyrir ekki löngu. Ég sakna hennar alltaf og hún poppar alltaf upp í hausnum þegar ég fæ mér kaffi," segir Kristján Freyr.

Einnig nefnir hann iPod sem hann keypti af Simon Angell, gítarleikara Patrick Watson, í Kanada. „Hann var troðfullur af tónlist og það er margt þar sem ég hefði aldrei ratað á nema ég hefði keypt þennan iPod."

Hlynsíróp sem hann keypti líka í Kanada þegar hann fór þangað með hljómsveitinni Prins Póló kemst sömuleiðis á listann. „Það er ekki langt síðan ég fékk mér síðustu skeiðina af sírópinu ofan í teið mitt."

Ein verstu kaupin segir hann vera Tivoli-græjur. „Það er ekki hægt að tengja plötuspilara við þetta og svo hefur útvarpið aldrei virkað nógu vel."

Önnur slæm kaup voru platan Bad Moon Rising með Sonic Youth. „Þessi plata er alveg ömurleg. Ég er mikill aðdáandi Sonic Youth en hef fengið það vottað að hún þykir ein versta plata sveitarinnar."

Flauelsbuxur sem hann keypti í Kringlunni komast einnig á listann yfir verstu kaupin. „Ég beygði mig í buxunum í Máli og menningu, troðfullri af framhaldsskólanemendum, og þær rifnuðu frá mitti niður á hné. Ég hef aldrei keypt mér flauelsbuxur í Kringlunni síðan."



**INNKAUPALISTI 8. BEKKJAR Á LANDSVÍSU** SKV. INNKAUPALISTUM SKÓLANNA Á SÖLUSÍÐUNNI HEIMKAUP

**Fimmtán ódýrustu innkaupalistarnir**

| Skóli | Kr. |
|---|---|
| **Grunnskólinn á Þingeyri** | **6.945** |
| Grunnskóli Fjallabyggðar - Ólafsfirði | 9.587 |
| Naustaskóli | 9.766 |
| Grunnskólinn á Ísafirði | 10.198 |
| Austurbæjarskóli | 10.410 |
| Brúarásskóli | 10.565 |
| Norðlingaskóli | 10.753 |
| Grunnskóli Djúpavogs | 10.885 |
| Egilsstaðaskóli | 11.433 |
| Grunnskóli Hornafjarðar | 11.553 |
| Hólabrekkuskóli | 11.756 |
| Seyðisfjarðarskóli | 12.048 |
| Grunnskóli Húnaþings vestra | 12.182 |
| Grunnskóli Reyðarfjarðar | 12.351 |
| Suðurhlíðarskóli | 12.582 |

**„Sveitarfélagið ráðstafar til hvers nemanda upphæð fyrir ritföngum og stílabókum sem á að duga út árið. Þannig að nemendur þurfa sjálfir að kaupa mjög lítið fyrir skólann. Við þökkum sveitarfélaginu þessa aðstoð enda skapar hún jafnvægi og allir mæta jafnir í skólann.**

*Stefanía Ásmundsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri*

**Fimmtán dýrustu innkaupalistarnir**

| Skóli | Kr. |
|---|---|
| Snælandsskóli | 18.608 |
| Akurskóli | 18.624 |
| Langholtsskóli | 18.800 |
| Grundaskóli | 19.120 |
| Þelamerkurskóli | 19.252 |
| Grunnskóli Seltjarnarness | 19.741 |
| Dalskóli | 19.774 |
| Valsárskóli | 19.775 |
| Ölduselskóli | 19.913 |
| Grunnskólinn í Sandgerði | 20.397 |
| Dalvíkurskóli | 20.629 |
| Seljaskóli | 21.107 |
| Ingunnarskóli | 22.000 |
| Holtaskóli | 22.456 |
| **Hrafnagilsskóli** | **29.095** |

**„Í fyrsta lagi eru rangar upplýsingar á lista Heimkaupa. Þar eru vörur sem eru ekki samkvæmt okkar innkaupalista. Við fáum verðið niður í 13.300 ef við lagfærum listann. Í öðru lagi setjum við allt á innkaupalistann, en hvetjum börnin til að passa vel upp á dótið sitt og nýta aftur ár eftir ár, þannig að fæstir ættu að þurfa að kaupa allt á listanum.**

*Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri Hrafnagilsskóla*

**Meira en helmings verðmunur á milli skóla í Reykjavík**

LÆGSTA VERÐIÐ AUSTURBÆJARSKÓLI
**10.410 kr.**

HÆSTA VERÐIÐ INGUNNARSKÓLI
**22.000 kr.**

MEÐALVERÐ Í REYKJAVÍK
**15.496 kr.**

# Margfaldur verðmunur á milli skóla

Samkvæmt innkaupalistum grunnskóla landsins á sölusíðunni Heimkaup kostar frá sjö þúsund krónum upp í tæpar þrjátíu þúsund að byrja í 8. bekk. Ríflega helmings munur er á innkaupalistum í Reykjavík, innan sama sveitarfélags. Ódýrast fyrir foreldra í Austurbæjarskóla.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@365.is

Í þessari viku hefjast flestir grunnskólar landsins og lítur út fyrir að skólabyrjun kosti barnafjölskyldur skildinginn. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins á innkaupalistum grunnskóla landsins kostar að meðaltali tæpar átta þúsund krónur að kaupa inn fyrir barn í 1. bekk og tæpar 16 þúsund krónur fyrir barn í 8. bekk. Þá er ekki tekinn með kostnaður við skólatösku, pennaveski, íþróttaföt og annað sem fylgir skólagöngunni.

En það er misjafnlega dýrt fyrir foreldra að kaupa inn skólavörur eftir því hvaða skóla barnið fer í. Samkvæmt sölusíðunni Hópkaup, þar sem innkaupalistar allra skóla sem gera slíkan lista eru aðgengilegir, er gífurlegur munur á listunum. Námsgögn fyrir barn í 1. bekk kosta allt frá rúmum þrjú þúsund krónum upp í tæpar fjórtán þúsund krónur. Sumir skólar bjóða upp á magnkaup fyrir foreldra og þá bætist sá kostnaður við þessa tölu.

Í 8. bekk er ríflega fjórfaldur munur á ódýrasta listanum og þeim dýrasta. Ódýrast er fyrir börn í Grunnskólanum á Þingeyri að kaupa inn fyrir skólann, eða einungis 6.945 krónur. Skólastjórinn þar í bæ, Stefanía Ásmundsdóttir, segir sveitarfélagið veita börnunum styrk til að kaupa námsgögn og því þurfi þau lítið að borga sjálf. Samkvæmt Heimkaupum er dýrast að kaupa inn fyrir nám í Hrafnagilsskóla á Akureyri, eða tæpar þrjátíu þúsund krónur. Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri þar, segir innkaupalistann á Heimkaupum gefa upp of mikið magn af hverri vöru, í einhverjum tilfellum hreinlega rangar vörur eða óþarflega dýrar útgáfur af vörunum.

Ef eingöngu grunnskólar í Reykjavík eru bornir saman kemur í ljós að ríflega helmings munur er á verði innkaupalistanna. Ódýrast er að hefja nám í 8. bekk í Austurbæjarskóla, eða rúmar tíu þúsund krónur, en um 22 þúsund í Ingunnarskóla. Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla-og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, segir afar erfitt fyrir sveitarfélagið að staðla námsgögn fyrir sveitarfélagið. „Skólarnir vinna að sama markmiði en nota mismunandi leiðir til þess. Sumir skólar nota námsgögnin sem keypt eru að hausti allan veturinn, aðrir aðeins hálfan vetur. Við höfum ekki farið út í að staðla þetta kerfi en biðjum skólastjóra að reyna að stilla þessu í hóf og hvetja foreldra til að nýta gömul gögn frá fyrri vetrum."

Ragnar bætir við að gagnrýna megi að listarnir séu kallaðir innkaupalistar enda þurfi ekki endilega að kaupa allt á þeim. „Þetta er listi yfir námsgögn sem þurfa að vera til staðar. Með því að nota orðið innkaupalisti er hætta á að fólk kaupi hluti sem það þarf ekki. Þegar það kemur að viðskiptum við fyrirtæki sem selja vörurnar, sem við höfum enga stjórn á, kemur ekki á óvart að allt á listunum sé sett í pakkann. En foreldrar þurfa að vera vakandi fyrir þessu og fara í gegnum gamla dótið áður en það kaupir allt nýtt."



**UNDIRBÚNINGUR FYRIR SKÓLA** Kostnaður vegna námsgagna, ritfanga og fylgihluta getur hlaupið á tugþúsundum. Í könnun Fréttablaðsins var kostnaður vegna skólataska, pennaveskja og annars skólabúnaðs ekki tekinn með í dæmið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**visir.is**
Lista með verðsamanburði á öllum grunnskólum landsins má finna á visir.is




Fyrirtæki fá falleinkunn eftir að Neytendastofa kannaði stöðuna á Akureyri:

## Aðeins fimm verðmerktu rétt

Aðeins fimm fyrirtæki af 12 voru með allar verðmerkingar í lagi, þegar Neytendastofa kannaði ástandið á Akureyri á dögunum.

Neytendastofa heimsótti fjögur bakarí og var aðeins eitt bakarí með verðmerkingarnar í lagi. Hjá Brauðgerð Axels, Kristjánsbakaríi og hjá Bakaríinu við brúna voru gerðar athugasemdir bæði við verðmerkingar í kæli og ýmsar vörur í borði, eftir því sem fram kemur í frétt á vef Neytendastofu.

Verðmerkingar voru skoðaðar í fimm apótekum. Gerð var athugasemd við Lyf og heilsu í Hrísalundi og á Glerártorgi. Í Lyfjum og heilsu í Hrísalundi var snyrtivörustandur óverðmerktur, gleraugnastandur og ýmsar vörur við kassa. Í Lyfjum og heilsu á Glerártorgi vantaði verð á gleraugnastand, gos í kæli og á ýmsar vörur við kassa.



**AKUREYRI** Neytendastofa gerði könnun á því hvort rétt væri verðmerkt á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Farið var á tvær hársnyrtistofur og athugað hvort verðskrá yfir alla þjónustu væri sýnileg og einnig hvort söluvörur væru verðmerktar. Gerð var athugasemd við hársnyrtistofuna Hárkompuna þar sem hvorki var sýnileg verðskrá né söluvörur verðmerktar. Efnalaugin Hreint út var heimsótt og athugað var hvort verðskrá yfir alla helstu þjónustu væri til sýnis. Í ljós kom að svo var ekki. -jhh


FLOTTAR OG LITRÍKAR
VÖRUR FYRIR HEIMILIÐ
Loftljós ýmsir litir 7.990,-
Lampar ýmsir litir 5.990,-
Polo hornsófi 149.900,-
Kertastjakar ýmsir litir 390,-
Vasi 5.990,-
Vasi 5.990,-
Vasi 8.990,-
Vasi 2.990,-
Vasi 5.990,-
Servíettur 590,-
Vasi 6.990,-
20% afsláttur. Kommóða 99.900,- nú 79.920,-
Kerti frá 390,-
Vasi 6.990,-
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
ANTON&BERGUR




**Tilboðin gilda 21. - 24. ágúst 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



JUBBLY LOLLIES
3 TEG
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 359,-~~
**298,-**



M&M'S
TREAT BAG 100 G
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 289,-~~
**199,-**



GALAXY MINSTRELS
105 G
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 294,-~~
**239,-**



GINA SVART TE PÚÐAR
100 STK
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 698,-~~
**628,-**

GINA SVART TE
100 STK
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 798,-~~
**718,-**

GINA KAFFIPÚÐAR
50 STK
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 498,-~~
**448,-**



-50%

ANANAS
GOLD DEL MONTE
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 389,-~~
**195,-**



-30%

GULRÓTARBRAUÐ
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 598,-~~
**419,-**



-35%

TOSKANABRAUÐ
500 G
STYKKJAVERÐVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 398,-~~
**259,-**

FJÖLDI BOXA
VERÐ FRÁ
598 KR



NESTISBOX
MEÐ SAFAFLÖSKU
OG 3 AUKAHÓLFUM

NESTISBOX
1.798 KR



# SKIPULAGÐUR SNÆÐINGUR Í SKEMMTILEGU BOXI FRÁ sistema®

Seðlabanki Íslands spáir 3,4% hagvexti og segir núverandi vaxtastig geta dugað til að ná markmiðum um 2,5% verðbólgu:

# Hefur keypt gjaldeyri fyrir 61 milljarð króna á árinu

Seðlabankinn hefur keypt gjaldeyri fyrir rúman 61 milljarð króna það sem af er þessu ári. Bankinn keypti um einn milljarð króna árið 2013 en kaupin hafa komið í veg fyrir verulega hækkun á gengi krónunnar.

Þetta kom fram á fundi í Seðlabankanum í gær þar sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans, kynntu ákvörðun peningastefnunefndar um að halda stýrivöxtum óbreyttum og nýja útgáfa ritsins Peningamál.

„Á þessu ári hefur bankinn keypt gjaldeyri, verulega umfram það sem hann hefur selt, bæði í reglulegum kaupum og óreglulegum viðskiptum, og við stefnum að því að regluleg kaup haldi áfram í núverandi umfangi svo lengi sem aðstæður breytast ekki umtalsvert. Eftir sem áður mun bankinn halda áfram óreglulegum viðskiptum í því skyni að draga úr sveiflum í gengi krónunnar,“ sagði Már.

Hann sagði útlit fyrir að núverandi vaxtastig bankans dygði til að ná markmiðum um 2,5 prósenta verðbólgu.

„En auðvitað gæti kröftugur vöxtur innlendrar eftirspurnar á komandi misserum og vaxandi spenna á vinnumarkaði leitt til aukins verðbólguþrýstings og orðið til þess að nafnvextir Seðlabankans þyrftu að hækka frekar. En það mun framtíðin leiða í ljós,“ sagði Már.

Á fundinum kom einnig fram að bankinn spáir 3,4 prósenta hagvexti í ár og að hann hækki í 3,9 prósent á næsta ári. -hg



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson kynnti í gær ákvörðun um að halda stýrivöxtum óbreyttum. Vextirnir hafa staðið í sex prósentum frá nóvember 2012.

**„Eftir sem áður mun bankinn halda áfram óreglulegum viðskiptum í því skyni að draga úr sveiflum í gengi krónunnar.**

Þrír hluthafar eiga yfir tíu prósenta hlut í félaginu:

# Hagnaður HS Veitna eykst um 35 milljónir

**Heildarhagnaður HS Veitna hf. á fyrri hluta ársins nam 351 milljón króna og jókst um 35 milljónir frá fyrri árshelmingi 2013.**

**Aukningin skýrist af hækkun tekna, lækkun rekstrarkostnaðar og lægri verðbótum langtímalána, samkvæmt tilkynningu félagsins um uppgjörið.**

**Í lok júní áttu þrír hluthafar yfir tíu prósenta hlut í félaginu. Reykjanesbær er stærsti eigandinn með 50,1 prósents hlut.** -hg



**NÁTTÚRAN BEISLUÐ** Fjárhagsstaða HS Veitna er sögð sterk og horfur góðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


VÖRUHÓTEL – LAGERPLÁSS TIL LEIGU
Í SKÚTUVOGI ÁSAMT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI




- Lagerhúsnæði m/án þjónustu, 12m lofthæð, sprinkler
- Í boði er sveigjanleg lagerstærð
- Glæsilegt skrifstofurými: 162 m², 287m², eða 450m²
- Lyftuhús og næg bílastæði

Frábært tækifæri fyrir t.d. litlar og millistórar heildsölur sem vilja komast í hringiðu flutningastarfssemi landsins, og fá um leið fullan sveiganleika í lagerstærð. Til boða stendur að leiga rými undir ákveðinn brettafjölda. Möguleiki að leigja eingöngu rými í vöruhóteli eða skrifstofur. Skrifstofuhúsnæðið er með vönduðum innréttingum á tveimur hæðum, stúkað af í lokaðar skrifstofur og opin vinnurými, með vel útbúnum fundarherbergjum.

LEIGULISTINN LEIGUMIÐLUN

Áhugasamir hafið samband við sölumenn okkar.
s. 511-2900



netto 24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ GRANDA OG MJÓDD

DAG SEM NÓTT





**Í HELGUVÍK** Norðurál hefur stefnt að byggingu álversins frá árinu 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Áform Norðuráls í Helguvík ekki breyst

Seðlabankinn gerir ekki lengur ráð fyrir að framkvæmdir við álver Norðuráls í Helguvík hefjist á næstu þremur árum. Fyrirtækið vill klára verkefnið sem fyrst og stefnir enn að 270 þúsund tonna álveri. Hefur þegar kostað 15 milljarða króna.

„Staðan er alveg óbreytt. Álmarkaðir hafa verið góðir að okkar mati og við viljum endilega klára þetta verkefni sem fyrst,“ segir Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Norðuráli, um þau áform fyrirtækisins að reisa álver í Helguvík.

Í spá Seðlabankans um efnahagshorfur til næstu þriggja ára, sem birtist í nýrri útgáfu Peningamála í gær, kemur fram að bankinn gerir ekki lengur ráð fyrir að framkvæmdir við fyrsta áfanga álversins hefjist á tímabilinu. Seðlabankinn hefur reiknað með framkvæmdunum síðustu ár en horfir nú eingöngu til byggingar þriggja kísilvera við mat á áhrifum fjárfestinga í orkufrekum iðnaði.

„Seðlabankinn gerir sínar spár og við getum ekki svarað fyrir þær,“ segir Ágúst.

Hann segir því enn stefnt að byggingu 270 þúsund tonna álvers í Helguvík. Fyrsta skóflustungan var tekin í júní 2008 og í kjölfarið var farið í framkvæmdir á svæðinu. Það hefur ekkert gerst frá síðustu áramótum og spilar þar meðal annars inn í ágreiningur um raforkuverð. Verkefnið hefur þegar kostað yfir fimmtán milljarða króna.

„Við viljum tryggja orku fyrir 180 þúsund tonna álver áður en við höldum lengra. En við viljum helst geta farið upp í 270 þúsund tonn og þá þurfum við 300 megavött af raforku og við erum með samninga við HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur,“ segir Ágúst.

Komið hefur fram að HS Orka vill losna undan orkusölusamningi við Norðurál. Samkvæmt hálfsársuppgjöri HS Orku, sem birt var fyrr í þessum mánuði, hefur fyrirtækið hafið gerðardómsferli til að losna undan samningnum en hann var undirritaður í apríl 2007.

„Það kom okkur dálítið á óvart enda er þarna aftur verið að reka sama málið og var rekið fyrir tveimur til þremur árum. Þeir vefengdu gildi samningsins og það fór fyrir gerðardóm og hann var dæmdur í fullu gildi. Þetta gæti hins vegar tafið framkvæmdina því svona málaferli geta tekið eitt og hálft ár. En ef þetta á að gerast hratt er ljóst að eitthvert annað fyrirtæki en HS Orka þarf að koma inn í þetta.“

Spurður af hverju Norðurál vilji þá ekki losa HS Orku undan samningnum segir Ágúst orkufyrirtækið þurfa að standa við hann.

„Þetta snýst bara um það. Orkuveita Reykjavíkur byrjaði að afhenda sína orku árið 2011 og við höfum notað hana í álverinu á Grundartanga við framleiðsluaukninguna þar,“ segir Ágúst.

haraldur@frettabladid.is



**„Seðlabankinn gerir sínar spár og við getum ekki svarað fyrir þær.**

*Ágúst Hafberg, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Norðuráli*

Hagnaður Vodafone á öðrum ársfjórðungi nam 210 milljónum króna:

# Forstjóraskiptin kostuðu 53 milljónir

Rekstur Vodafone á Íslandi (Fjarskipta hf.) á öðrum fjórðungi þessa árs skilaði 210 milljóna króna hagnaði sem er aukning um rúmt eitt prósent frá sama tímabili í fyrra.

Heildartekjur námu 3.294 milljónum og jukust um 37 milljónir á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, EBIDTA, nam 671 milljón og lækkaði um átta prósent frá öðrum fjórðungi 2013.

Í tilkynningu um uppgjörið segir að kostnaður vegna forstjóraskiptanna í maí, þegar Stefán Sigurðsson tók við af Ómari Svavarssyni, hafi kostað fyrirtækið um 53 milljónir króna.

„Rekstur Vodafone á 2. ársfjórðungi var ágætur, sérstaklega þegar tekið er tillit til mikillar innri vinnu sem tengist öryggismálum og ISO 27001 vottun félagsins og kostnaðar sem féll til á tímabilinu vegna forstjóraskipta,“ segir Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone, í tilkynningunni. -hg




**FORSTJÓRINN** Stefán Sigurðsson segir fyrirtækið hafa tekið forystu í 4G-þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!

SAMSUNG SETRIÐ

# SPARIDAGAR




NZ64F3NM1AB

**Spanhelluborð, niðurfellanlegt**
Heildar afl 6.800 W
Tækjamál: 590x520x57mm

TILBOÐSVERÐ
~~149.900~~ **94.900**




NZ633NCNBK

**Spanhelluborð, niðurfellanlegt**
Ein stór hella og ein multizon · Heildar afl 7.200 W
Tækjamál: 575x505x56 mm

TILBOÐSVERÐ
~~144.900~~ **94.900**




HDC6475TG

**Vegghάfur, stál**
Breidd: 60 cm.
Mesta sogafl: 753 m3/klst

TILBOÐSVERÐ
~~179.900~~ **89.950**




NV6355DGSSR

**Bakstursofn, blástursofn**
Sjálfhreynsandi
Lítrar: 70 L
Litir: Bustað stál og hvítur
Fylgihlutir: 1 skúffa, 2 bökunar-plötur og 1 rist

TILBOÐSVERÐ
~~176.900~~ **99.900**




BF64CCBW

**Bakstursofn, blástursofn**
Sjálfhreynsandi
Lítrar: 65 L
Þrýstisnerlar og þrýstihnappar
Fylgihlutir: 1 skúffa, 2 bökunar-plötur og 1 rist

TILBOÐSVERÐ
~~139.900~~ **89.900**

Spari dagar

## Allar SAMSUNG vörurnar eru á tilboði á SPARIDÖGUM




PS51F4505




UExxH6475SU

**LED 3D Smart TV**
· Sería: 6470
· Upplausn: 1920 x 1080
· Clear Motion Rate 400Hz
· Netvafri: Já
· Örgjörvi: Quad Core
· USB Movie: Já
· Sjónvarpsmóttakari: Stafrænn DVB-T / C x1, Gervihnatta x1, Analog x 1

51" ~~189.900~~ TILBOÐSVERÐ **149.900**
48" ~~239.900~~ TILBOÐSVERÐ **199.900**
55" ~~329.900~~ TILBOÐSVERÐ **279.900**
65" ~~649.900~~ TILBOÐSVERÐ **549.900**

Hágæða hljómflutningstæki

25% afsláttur




Highly recommended
★★★★½
PhotographyBlog.com

30.000 króna afsláttur



SAMSUNG
SHOOT WOW! SHARE NOW!
NX1000

*Frábær myndavél sem* **uppfyllir kröfur fagmannsins**

20.3 milljón pixlar · 20-50 mm linsa fylgir · APS-CMOS Sensor · Direct Wi-Fi · I-Function linsa · Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek. · ISO 100-12800 · Hristivörn (DIS og OIS innbyggt) · Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði

~~99.900~~ TILBOÐSVERÐ **69.900**

SAMSUNG SETRIÐ
SAMSUNG-SETRIÐ ER HLUTI AF ORMSSON EHF.

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10–18 • LAUGARDAGA KL.12–16

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL.10–18 • LAUGARDAGA KL.11–15

Skólameistarar vilja hætta niðurlægjandi busavígslu:

# Busarnir boðnir velkomnir

Eftir nokkra daga byrja þúsundir ólögráða unglinga í nýjum skóla, framhaldsskóla. Foreldrarnir gera væntanlega ráð fyrir að vel verði tekið á móti þeim, enda geta margir verið dálítið litlir í sér þótt þeir séu orðnir sextán ára og telji sig færa í flestan sjó.

Það er líka raunin víðast hvar, að minnsta kosti af hálfu skólayfirvalda og kennara. Hins vegar er ekki hægt að gera ráð fyrir að eldri samnemendur fagni þeim sem koma nýir í skólann, alltént ekki í öllum skólum. Sums staðar er tekið á móti nýnemum með kaffi og kökum, kvöldvökum og skoðunarferðum, en ennþá tíðkast í sumum framhaldsskólum fáránlegar „busavígslur“, þar sem börn eru atyrt, niðurlægð á ýmsan hátt og í sumum tilvikum hreinlega beitt ofbeldi.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Til upprifjunar má tína til sumt af því sem hefur verið gert við „busana“ á allra síðustu árum. Væga útgáfan er að segja nýnemunum að þeir séu „óæðri“, megi ekki koma á ákveðin svæði í skólanum, eigi að hneigja sig fyrir eldri nemum eða sýna þeim undirgefni á annan hátt.

Í svæsnari tilfellum er fólk gegnbleytt með garðslöngu, því er dýft ofan í fiskikör með slori, látið drekka ógeðsdrykki, margir í einu eru hífðir upp í neti með krana, fólk er bundið eða lokað inni. Margt af þessu væri ekki á röngum stað í ákæru fyrir frelsissviptingu og líkamsárás.

Í ákveðnum skólum hefur gætt tregðu til að breyta þessari ómenningu. Fyrir tveimur árum fjallaði Fréttablaðið um busavígslur í skóla, þar sem vatni var sprautað á nýnema, þeir voru látnir baða sig í slori og ís og velta sér upp úr drullu. Skólameistarinn sagði í viðtali við blaðið: „Eigum við ekki að segja að þetta sé hefð og hefðir miða ekkert alltaf að því sem er uppbyggilegt.“

Hefðir af þessu tagi eru samt svo augljóslega vondar. Það er galin röksemdafærsla að eldri nemar eigi einhvern rétt á að koma illa fram við nýnema af því að einu sinni var komið þannig fram við þá sjálfa. Og skólameistari sem firrir sig ábyrgð á slíku athæfi í sínum skóla er ekki starfi sínu vaxinn.

Það er þess vegna sérstaklega jákvætt að í ár hafa Skólameistarafélag Íslands og Félag íslenzkra framhaldsskóla skorið upp herör gegn ofbeldi og niðurlægingu í tengslum við busavígslur. Hjalti Jón Sveinsson, formaður beggja félaga og skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, sagði í Fréttablaðinu í gær að leggja ætti áherzlu á að halda til haga skemmtilegum siðum og venjum þar sem nemendur væru boðnir velkomnir en hætta hinum niðurlægjandi busavígslum.

Í sumum skólum gæti það þýtt afturhvarf til upprunans; í Menntaskólanum í Reykjavík er til dæmis eldgömul hefð fyrir „tolleringum“ en á seinni áratugum hefur hlaðizt utan á hana alls konar leikaraskapur, ómenning og vitleysa sem gjarnan má afnema.

Kjarni málsins er sá að framhaldsskólarnir eru menntastofnanir, sem eiga að byggja fólk upp en ekki brjóta það niður. Í þeim anda á að sjálfsögðu að taka á móti nýnemum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




Hin sívinsæla sumarferð Samfylkingarinnar verður farin laugardaginn 30. ágúst. Að þessu sinni liggur leiðin uppá Skaga og um Hvalfjörð. Áhugaverðir staðir heimsóttir og boðið upp á spennandi dagskrá fyrir alla aldurshópa.
Endum daginn með okkar margrómuðu grillveislu og kvöldvöku.
Lagt verður af stað frá BSÍ kl. 10.00. Heimkoma áætluð kl. 21.00.

Miðar eru seldir á skrifstofu Samfylkingarinnar Hallveigarstíg 1.
Hægt er að panta miða í tölvupósti samfylking@samfylking.is
eða í síma 414 2200 fram til 26. ágúst.

**Nánari upplýsingar á xs.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Boðar hagræðingu**
Sjálfstæðismenn blessuðu fjárlagafrumvarið á þingflokksfundi í Vestmannaeyjum. Ragnheiður Ríkharðsdóttir þingflokksformaður segir að ráðuneyti Stjórnarráðsins verði að hagræða hjá sér en ekki verði farið fram á beinan niðurskurð. Mörgum starfsmönnum ráðuneytanna hrýs hugur við þessu þar sem þeir telja að eigi stjórnsýslan a fúnkera verði varla hægt að hagræða meira. Þann söng hafa menn raunar sungið lengi en samt virðist allt í þokkalegu standi ennþá.

**Útvarpsstjóri lét undan**
Útvarpsstjóri hefur lýst un sinni á hörðum viðbrögðu hlustenda yfir því að það ætti að leggja niður bænalestur á Ríkisútvarpinu. Viðbrögðin hefðu kannski ekki átt að koma honum í opna skjöldu, þetta hefur verið reynt áður eða árið 2007 en þá átti að leggja kvöldbænina niður. Þá brugðust hlustendur hart við og stjórnendur Ríkisútvarpsins ákváðu að setja kvöldbænina aftur á dagskrá. Fólk verður að borga fyrir RÚV hvort sem það vill eða ekki og því ekki nema sjálfsagt að hlustað sé á vilja þess.



**Súrir út í Árna**
Margir flokksfélagar Árna Þórs Sigurðssonar í VG eru frekar súrir út í hann svo ekki sé meira sagt, ekki bara fyrir að hafa ákveðið að þiggja stöðu sendiherra heldur fyrir að greina félögum sínum ekki frá því að hann hefði hug á að hætta í stjórnmálum. Á vefnum Herðubreið er frá því greint að ÖSE hafi ekki verið eina stofnunin sem Árni Þór vildi komast í vinnu hjá. Þar er fullyrt að Árni Þór hafi sótt um stöðu framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs vorið 2013, eftir að forvali VG var lokið. Félagar hans í VG munu samt ekki hafa fengið veður af þessu fyrr en eftir kosningar. Það er því ekkert skrítið þótt flokkssystkinum hans sé brugðið.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ákvörðunartökufælni

EFNAHAGSMÁL



**Jens Pétur Jensen**
þjóðhagfræðingur og framkvæmdastjóri Internet á Íslandi hf.

Kæra peningastefnunefnd. Ákvörðun ykkar í dag [í gær], 20. ágúst, um að halda mjög háum vöxtum bankans áfram óbreyttum, 13. skiptið í röð, eða frá því í nóvember 2012 (en þá hækkuðuð þið vextina um 0,25%) veldur mér vonbrigðum. Hún sýnir mikla hræðslu nefndarmanna við verðbólgu, jafnvel ákvörðunartökufælni, fremur en varfærni. Það er auðvelt að segja bara það sama og síðast, sérstaklega ef það virðist virka.

Nú hefði verið mjög gott lag að byrja að lækka vexti því áhrifin á efnahagslífið koma fyrst fram næsta vetur þegar atvinnuleysi verður að líkindum aftur orðið áhyggjuefni og erlendir ferðamenn löngu farnir heim. Þá hefði minni vaxtakostnaður létt undir með íbúðakaupendum, skuldsettum heimilum og atvinnulífinu, sem aftur hefði minnkað þrýstinginn á launahækkanir og blásið fjárfestum byr í brjóst. Háir vextir Seðlabankans hafa nú staðið óbreyttir í tæp tvö ár, þrátt fyrir lækkandi verðbólgu og tiltölulega hægan vöxt efnahagslífsins – utan ferðamála.

**Efnahagslegt þjóðarböl**
Hér er lítið dæmi úr raunveruleikanum frá smáfyrirtæki í Reykjavík sem býr við ágæta afkomu: Fyrirtækið býr við lægstu vexti sem Landsbanki Íslands býður fyrirtækjum upp á, skv. Landsbankanum sjálfum, eða 7,95%. Þetta eru samt sem áður geysiháir vextir í öllum samanburði. Innlánsvextir eru einnig mjög háir, eða 4,25% á sjóð félagsins. Vaxtamunurinn er því 3,70%, eða um tvöfalt hærri (um 100% meiri) en gerist í nágrannalöndunum. Þegar ég sagði kollegum mínum erlendis frá háum vöxtum á Íslandi, þá litu þeir á mig fullir efasemda og einn af þeim hrópaði „no you must be joking“! Erlendir og innlendir innstæðueigendur gleðjast þó væntanlega yfir háum vöxtum.

**➜ Einn af þeim hrópaði „no you must be joking“**

Samkvæmt yfirlýsingu ykkar munu Íslendingar áfram búa við geysihátt vaxtastig því núverandi vextir virðast henta spámódelinu vel. Í yfirlýsingunni segir: „og miðað við grunnspá bankans er útlit fyrir að núverandi vaxtastig dugi til að halda verðbólgu í markmiði“. Ég skil þetta þannig að ef grunnspáin breytist ekki verða vextir ekki lækkaðir. Hér veldur hver á heldur. Lokasetningin í yfirlýsingunni vekur hins vegar ugg um að vextir Seðlabankans eigi jafnvel eftir að hækka á næstu misserum. Geysiháir vextir Seðlabanka Íslands eru efnahagslegt þjóðarböl.

Hvenær skyldi deilihagkerfið ná til bankanna? Er rafmiðillinn Bitcoin e.t.v. málið?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Afkoma ríkissjóðs batnað jafnt og þétt

RÍKISFJÁRMÁL



**Steingrímur J. Sigfússon**
Höfundur er alþingismaður og fyrrv. fjármálaráðherra

Fyrirsögn þessa greinarkorns er fengin að láni af vef Viðskiptablaðsins á dögunum, en þar er vitnað í umfjöllun greiningardeildar Arion banka um nýframkominn ríkisreikning. Greiningardeildin bendir réttilega á að afkoma ríkissjós á árinu 2013 var mun betri en gert var ráð fyrir að afgreiddum fjáraukalögum og reyndar betri en sjálf fjárlög ársins 2013 gerðu ráð fyrir. Þannig varð tekjuhallinn aðeins 732 milljónir króna í stað 3,7 milljarða sem fjárlögin gerðu ráð fyrir og í stað 19,7 milljarða samkvæmt fjáraukalögum. Hræðsluupphlaup oddvita núverandi stjórnarflokka í sumarbyrjun í fyrra, þeirra Sigmundar og Bjarna, sem þá töldu útlitið kolsvart og héldu um það blaðamannafund, hefur því sem betur fer reynst tilefnislaust með öllu. Jafn innistæðulaust reyndist tal stjórnarliða um ófjármagnaða fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar í ljósi hárrar arðgreiðslu Landsbankans í ár sem þegar hefur verið greidd.

### Óreglulegir liðir

Svonefndir óreglulegir liðir hafa vissulega nokkur áhrif á endanlega niðurstöðu ríkisreiknings. Aukinn eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum, sem ríkið fékk í sinn hlut án endurgjalds þegar uppgjör fór fram milli nýja og gamla bankans, veldur tekjufærslu upp á tæpa 25 milljarða. Á móti kemur t.d. tæplega 12 milljörðum króna hærri gjaldfærsla tapaðra skattkrafna.

### Afkoman batnað frá 2009

Aðalatriðið er þó að ef horft er fram hjá óreglulegum liðum er afkoman orðin jákvæð og batnar um 20 milljarða milli ára. Á sama mælikvarða, það er án óreglulegra liða, hefur afkoman batnað jafnt og þétt frá árinu 2009 eða um heila 120 milljarða segir í áðurnefndri umfjöllun greiningardeildar Arion banka. Hér veldur mestu um að mikilvægustu tekjustofnar ríkisins styrkjast með auknum þrótti í hagkerfinu. Efnahagsbatinn, sem gekk í garð undir lok árs 2010, er því að skila nákvæmlega því sem til var ætlast á sviði ríkisfjármálanna.

40,7 milljarðar á milli ára Með því að leggja traustan grunn að tekjuöflun ríkisins eins og gert var með breytingum á skattkerfinu, einkum á árunum 2009-2010, skila aukin umsvif í hagkerfinu auknum tekjum í ríkissjóð án þess að skattar séu hækkaðir. Það jafnvel svo að hlutfall tekna ríkisins af landsframleiðslu hækkar frekar en hitt og er stundum talað um sjálfvirka margfaldara í þeim efnum. Þannig aukast tekjur um 40,7 milljarða króna milli áranna 2012 og 2013 að frátalinni eignaaukningunni í Landsbankanum eða um 3,7% að raungildi.

### Mikill árangur

Ríkisreikningur ársins 2013 staðfestir enn frekar þann mikla árangur sem harðsnúin fjármálaglíma allt síðasta kjörtímabil skilaði. Í fyrstu lotu varð að forða ríkissjóði frá þroti og síðan rétta hann af og koma rekstrinum í jafnvægi sem nú hefur tekist. Upphafleg ríkisfjármálaáætlun frá vordögum 2009 og með þeirri endurskoðun sem hún sætti, aðallega haustið 2011, hefur í öllum meginatriðum gengið eftir. Næstu ár þarf að mynda afgang og hefja niðurgreiðslu skulda.

**➜ Efnahagsbatinn, sem gekk í garð undir lok árs 2010, er því að skila nákvæmlega því sem til var ætlast á sviði ríkisfjármálanna.**

## AF NETINU

### Höfundur flotgengisstefnunnar?



Miðað við þennan feril kemur það e.t.v. ekki á óvart að Már Guðmundsson er höfundur þeirrar peningagengisstefnu sem hefur verið rekin hér á landi frá því í mars 2001 eða frá þeim tíma sem Geir H. Haarde sat í fyrsta sinn í stól fjármálaráðherra. Sú stefna sem þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks tók upp undir forsæti Davíðs Oddssonar hefur gjarnan verið nefnd flotgengisstefna enda gengur hún út á svokallað fljótandi gengi en flotbúnaðurinn eru stýrivextir.

raksig.blog.is

*Rakel Sigurgeirsdóttir*

### Músík-skipti úti um allan heim



Á árum áður (fyrir internet) var þétt net tónlistaráhugamanna starfandi og naut póstþjónustunnar. Ég datt inn í þetta upp úr 1980 og stóð í stórfelldum bréfaskriftum og músíkskiptum við fólk út um allan heim. Enginn vissi neitt um Ísland fyrir Sykurmolana en svo varð hipp og kúl-mettun landsins sífellt meiri. Einn af pennavinum mínum var svo áhugasamur að hann ákvað að gefa út plötu. Hann var líka mikill Ástralíu-fíkill (eins og ég reyndar) svo niðurstaðan var 4-laga 12“ platan Oz-Ice þar sem Bless og Daisy Hill (áður Puppy Farm einnig) voru fulltrúar Íslands og 2 bönd fulltrúar Ástralíu.

eyjan.pressan.is/goto/rammi.php?user=drgunni

*Dr. Gunni*

### Milljón dollara spurning



Það hefur lengi verið milljón dollara spurningin hvernig farsælir stjórnendur verða til – og ekki síður hvernig þeir halda stöðugt áfram að þroska stjórnunarfærni sína í ólíkum aðstæðum á mismunandi tímum og ná þannig að halda velli í gegnum súrt og sætt.

Fjölmargir fræðimenn og aðrir sem áhuga hafa á stjórnun taka undir þá tilgátu að stjórnendur sem ná árangri í störfum sínum eiga það flestir sameiginlegt að telja sig stöðugt vera að læra, þróast og breytast – þrátt fyrir áralanga reynslu í stjórnun.

http://blog.pressan.is/martha

*Martha Árnadóttir*



# Hjólað í vasa skattgreiðenda

BORGAR-STJÓRNMÁL



**Kristinn Karl brynjarsson**
verkamaður

Borgarráð samþykkti á fundi sínum fimmtudaginn 14. ágúst sl. að skipaður yrði starfshópur sem á að skoða möguleikann á því að koma á laggirnar hjólaleigukerfi í Reykjavík, eftir atvikum á höfuðborgarsvæðinu, eins og fram kemur í samstarfsyfirlýsingu borgarstjórnar.

Á vef Reykjavíkurborgar kemur eftirfarandi fram um starfssvið hópsins:

„Hjólaleigur eða Bike Sharing Systems hafa tryggt sér sess í fjölmörgum borgum erlendis þar sem lögð er áhersla á vistvænar samgöngur. Tilgangur þeirra er að veita fólki aðgang að hjóli fyrir ferðir sínar innan borgarmarkanna, á fyrirfram tilgreindum stöðum. Borgarbúar geta tekið hjól á einum stað og skilað því af sér á öðrum stað.

Starfshópurinn á að afla upplýsinga um hjólaleigukerfi sem komið hefur verið upp í borgum erlendis og skoða með hvaða hætti slíkum kerfum hefur verið komið á laggirnar í viðkomandi borgum. þ.m.t.;

Aðkomu borgaryfirvalda að verkefninu, fjármögnun, rekstri og viðhaldi.

Staðsetningu, greiðslumáta og annað fyrirkomulag.

Samstarf við einkaaðila um fjármögnun eða beina þátttöku í verkefninu.

Skilgreining markhópa og samspil við aðra ferðamáta.

Greina hvernig mismunandi hjólaleigukerfi gætu hentað í Reykjavík og eftir atvikum á höfuðborgarsvæðinu og gera tillögur að fyrirkomulagi slíks kerfis.

Starfshópurinn á einnig að setja fram drög að kostnaðaráætlun og eða útboðsfyrirkomulagi hjólaleigukerfis í Reykjavík. Miðað er við að starfshópurinn skili niðurstöðum fyrir 1. nóvember nk.“

### Ekki grunnþjónusta

Nú er ekkert nema gott um það að segja að möguleikar fólks til þess að fara ferða sinna á reiðhjólum innan borgarmarkana aukist. Enda hjólreiðar holl og góð hreyfing. Ég er hins vegar efins um það að borgin ætti að koma að rekstri reiðhjólaleigu sem þessari. Þjónusta sem þessi er ekki grunnþjónusta og því ekki hlutverk borgarinnar að ráðstafa skattfé íbúa borgarinnar í verkefni sem þetta.

**➜ Ef eftirspurnin er næg utan hugarheims borgarfulltrúa, þá finnst örugglega einhver sem hefði áhuga á því að reka svona reiðhjólaleigu.**

Hlutverk borgarinnar á að vera það sama og varðandi flesta aðra atvinnustarfsemi, þ.e. að ætla henni stað eða staði í borgarlandinu og bjóða þá staði til kaups eða leigu. Staðir eins og við Lækjartorg, Hlemm, Mjódd, Kringluna og eflaust einhverjir fleiri staðir gætu verið kjörnir fyrir starfsemi sem þessa.

Það er eins með þessa starfsemi og alla aðra. Ef eftirspurnin er næg utan hugarheims borgarfulltrúa, þá finnst örugglega einhver sem hefði áhuga á því að reka svona reiðhjólaleigu. Borgin hefði svo tekjur af sölu/leigu á landi undir starfsemina ásamt öðrum tekjum sem borgin hefur af fyrirtækjarekstri í borginni.

### Óheftur aðgangur að peningum

Ef eftirspurnin er ekki næg, er það einboðið að tap verði á rekstrinum, hvort sem hann yrði í höndum borgarinnar eða annarra. Reyndar dytti sjálfsagt engum í hug að fara út í rekstur sem fyrirsjáanlegt tap væri af. Nema þá kannski frjálslyndu sósíalistunum sem stýra borginni þessi misserin og hafa nær óheftan aðgang að annarra manna peningum.




## AF NETINU

### Einföldun virðisaukakerfis



Fjármálaráðherra ræddi áform sín um breytingar á skatti á vörur og þjónustu á Sprengisandi síðasta sunnudag. Þar ítrekaði hann hugmyndir sínar um að minnka bilið á milli hærra og lægra skattþreps virðisaukakerfisins og draga úr undanþágum í kerfinu. Ég er sammála því að einfalda þarf virðisaukaskattskerfið og endurskoða löggjöfina á heildstæðan máta. En þær breytingar mega ekki bitna á þeim sem lægstar tekjur hafa. Hægt er að komast hjá því með ýmsum mótvægisaðgerðum, svo sem hækkun persónuafsláttarins, auknum húsnæðisstuðningi og hækkun barnabóta.

Í mínum huga eru þess háttar mótvægisaðgerðir forsenda einföldunar á virðisaukaskattskerfinu. Einföldun skattkerfisins má ekki koma niður á þeim sem minnst hafa.

http://blog.pressan.is/eyglohardar

*Eygló Harðardóttir*

### Einkavæðing bitnar á fátækum



Vandi Styrmis Gunnarssonar er sá að hvers kyns einkavæðing á heilbrigðiskerfum bitnar verst á fátækum og þá ekki síst öldruðum. Í hinu ídeala frjálshyggjuríki borga hinir efnuðu fyrir það að verða teknir framfyrir hina og þess vegna er það í lagi út frá skammtíma eigin hag að vera efnaður og sérstaklega ef maður er gamall.

Nú hefur flokkur sá sem Styrmir hefur þjónað örugglega ekki slæman ásetning og örugglega ekki fólkið í honum ef hægt er að skilja þarna á milli. En flokkurinn er óumdeilanlega hægri flokkur og hefur leynt og ljóst talað fyrir litlu ríkisvaldi og einkarekstri á heilbrigðissviði.

http://blog.pressan.is/baldurkr

*Baldur Kristjánsson*

# Bæn

TRÚMÁL



Svana Helen Björnsdóttir
verkfræðingur og hlustandi Rásar 2

Nýverið kynntu stjórnendur RÚV þá fyrirætlan sína, sem reyndar hefur nú að hluta verið horfið frá, að fella morgunbænir, morgunandakt og orð kvöldsins úr dagskrá Rásar 1. Ástæðan er sögð vera sú að bænir séu „barn síns tíma“. Ennfremur er tilgangurinn sagður sá að endurheimta fyrri stöðu Rásar 1 hjá RÚV. Látið er að því liggja að svo fáir hlusti á þetta útvarpsefni að ekki taki því lengur að sinna þeim hlustendahópi.

**Styrkur á tímum mótlætis**

Hverjir skyldu það nú vera sem hlusta á bænir og Guðs orð í útvarpi? Margir gætu haldið að það væri aðeins eldra fólk og einstæðingar, fólk sem glímir við erfiðleika og hefur fá önnur úrræði en að ákalla skapara himins og jarðar. Það er hins vegar ekki svo. Margt fleira fólk á öllum aldri hefur kynnst mætti bænarinnar og notar hana bæði til að leita sér styrks á tímum mótlætis í lífinu, en einnig til að þakka fyrir lífið. Að biðja í einrúmi getur verið gott, að biðja með öðrum þ. á m. eins og gerist í gegnum útvarpið finnst mörgum enn betra.

**Andardráttur trúarinnar**

Bænin er grundvallaratriði í lífi kristins fólks og vert er að hafa í huga að tæp 90% landsmanna tilheyra kristnum söfnuðum. Bænin er einnig mikilvæg fjölmörgum sem kjósa að standa utan trúfélaga, enda ekki hægt að setja samasemmerki milli trúar og aðildar að trúfélagi. Flestir sem komnir eru til vits og ára þekkja það að fólk notar bænina á tímum erfiðleika í lífinu. Bæninni hefur verið líkt við andardrátt trúarinnar og Passíusálmar sr. Hallgrímur Pétursson endurspegla vel, enn þann dag í dag, hve mikilvæg bænin er – og á að vera – fyrir fólk. „Bænin má ekki bresta þig, búin er freisting ýmislig. Þá líf og sál er lúð og þjáð, lykill er hún að Drottins náð,“ orti sr. Hallgrímur.

**Skilaboð frá tengdamóður**

Í raun er það fámennur hópur fólks sem afneitar kirkju og kristni. Í þeim hópi er fólk sem flaggar fallegum hugtökum eins og mannréttindum, umburðarlyndi og fjölbreytileika. Alltof oft virðist látið sem þetta eigi við alla aðra en kristið fólk og söfnuði. Þegar fréttir bárust um fyrirætlan stjórnenda RÚV höfðu margir samband við mig til að láta í ljós vonbrigði sín og áhyggjur. Elskuleg tengdamóðir mín er þeirra á meðal, 82 ára ekkja, búsett í fjölbýlishúsi í vesturbæ Reykjavíkur án lyftu. Hún er slæm til heilsunnar og kemst aðeins út úr íbúð sinni með aðstoð ættingja. Útvarp og sjónvarp eru helsta dægrastytting hennar. Hún bað mig um að koma þeim skilaboðum til stjórnenda RÚV að ekki mætti koma svona fram við eldra fólk. Fólk sem hvorki kemst í kirkju eða á önnur mannamót. Hennar vinir hlusta margir, eins og hún sjálf, mest á Rás 1, finnur styrk í bænagjörð og hlustun á útvarpsguðsþjónustur – en einnig á léttmeti til dægrastyttingar í sjónvarpi sem einnig mun verða fellt niður.

**Skortur á skilningi**

Nú hefur útvarpsstjóri ákveðið að morgunbæn og -andakt haldi áfram en kvöldbæn verði aflögð. Þetta þykir mörgum slæmt, þeim er kyrra vilja hug sinn fyrir svefninn. Þetta sýnir að enn skortir skilning á viðhorfum margra tryggra hlustenda Rásar 1. Ég hvet útvarpsstjóra til að setja sig í samband við einhverja þeirra tryggu hlustenda Rásar 1 sem eru alveg tilbúnir til að styðja starfsmenn RÚV til allra góðra verka og hafa e.t.v. góðar hugmyndir um nýsköpunarverkefni hjá RÚV – án þess að fórna þeim góðu og mikilvægu útvarpsmínútum sem skipta marga svo miklu máli.

**➜ Hún bað mig um að koma þeim skilaboðum til stjórnenda RÚV að ekki mætti koma svona fram við eldra fólk.**

## AF NETINU

### Líkurnar á eldgosi



Meira jafnvægi var í umræðum um það sem er að gerast í iðrum jarðar við Bárðarbungu í dag en verið hefur undanfarna daga. Jarðfræðingar geta ekki lagt mat á annað en hvort meiri eða minni líkur séu á eldgosi. Þeir telja líkurnar greinilega meiri en minni sé miðað við hættustig og brottvísun fólks af stórum landsvæðum. Hvar og hvernig kvikan brýtur sér leið veit enginn. Hæglega getur ástand af því tagi sem ríkt hefur undanfarna daga staðið mjög lengi líklega frekar með hléum en samfellt. Í erindi sem Ari Trausti Guðmundsson flutti í Rótarý-klúbbi Reykjavíkur í dag minnti hann okkur á að 16 ára aðdragandi hefði verið á gosinu í Eyjafjallajökli.

bjorn.blog.is

*Björn Bjarnason*

### Öflugasti mafíuforinginn



Nú sést að hinar sjóðandi heitu herdeildir Bárðarbungu sækja fram einn km á dag. Ef það stæðu yfir réttarhöld yfir íslenskum eldstöðvum kæmi fljótlega í ljós að Bárðarbunga væri öflugasti mafíuforinginn. Hún hefur í gegnum aldirnar byrjað að skjálfa og síðan hafa kvikustraumarnir streymt út frá henni til beggja átta og komið upp í eldstöðvum býsna langt frá upphafinu. Þannig ollu eldstöðvar í kerfi Bárðarbungu sem ná allt suður undir friðland að Fjallabaki stórgosum árin 870 og 1480.

omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*


HARPA
www.harpa.is

Menningarnótt
Góða nótt

**Eldborg**

15:00 – 15:45
**Samúel Jón Samúelsson Big Band**

17:00 – 18:00
**Sprenging í Eldborg!**
Stórsveit Reykjavíkur kynnir sig

19:00 – 19:20
**Nýdönsk**
Hitar upp fyrir stórtónleika sína 13. sept.

20:00 – 20:45
**Þjóðkórinn syngur**
Undir stjórn Garðars Cortes

**Norðurljós**

15:00 – 15:30
**Spectrum syngur söngleiki**
Lög úr Fiðlaranum á þakinu, Porgy og Bess, Sweeney Todd og Phantom of the Opera

15:45 – 16:15
**Haraldur kjúklingur**
Lög og dúettar í gamansömum dúr fyrir alla fjölskylduna

16:45 – 17:15
**Lögin hans Inga T.**
Feðgarnir Bergþór Pálsson barítón og Bragi Bergþórsson tenór, flytja lög Inga T. Lárussonar

17:30 – 18:15
**Tónlistarhátíð unga fólksins í Hörpu**
Ungir tónlistarnemar sýna afrakstur 10 daga námskeiðs

19:30 – 21:30
**TSO Chamber Soloists**
Einleikarar úr Toronto Symphony Orchestra

**Vísa**

13:00 – 17:00
**Börn í Hörpu**
Búninga-, kvikmynda- og myndasýning frá tónlistarviðburðum fyrir börn í Hörpu

**Kaldalón**

14:00 – 14:45
**Ljóstrað upp um Myrka músíkdaga 2015**

16:00 – 18:00
**Blúshátíð**
Upptaktur sleginn fyrir næstu hátíð

18:30 – 19:00
**CeaseTone**
Sólóverkefni Hafsteins Þráinssonar

19:30 – 20:00
**Greta Svabo Bech**
Færeyski tónlistarmaðurinn Greta Svabo hefur vakið alþjóðlega eftirtekt

20:30 – 21:00
**Orka**
Færeysk hljómsveit sem varð til á bóndabæ og blandar fjölbreyttum tónlistarstefnum

**Munnharpan**

13:00 -13:30
**Setning Menningarnætur**
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík, og Bjørn Kalsø, menntamálaráðherra Færeyja, afhjúpa innsetningu glerlistamannsins Trónds Paturssonar

14:45 - 15:15
**Lögin hennar Öddu Örnólfs**
Flutt verða dægurlög sem voru vinsæl um miðbik síðustu aldar og eru það enn

15:30 – 16:00
**Fögur er jörðin**
Lög Óskars Guðnasonar við ljóð Kristínar Jónsdóttur frá Hlíð í Lóni

16:15 – 16:45
**Hafdís Huld og Alisdair Wright**

17:00 – 17:30
**Hinemoa**
Ný og fersk hljómsveit sem spilar ljúfa en taktfasta tónlist

**Stemma**

13:00 – 20:00
**Tölvuleikjasýning**
Ævintýraleikurinn Aaru's Awakening úr smiðju Lumenox Games

**Flói**

10:00 – 18:00
**Villt hreindýr á Íslandi — sýning**
Aðgangur ókeypis

**Ríma**

13:00 – 13:45
**RIFF kvikmyndahátíð kynnt**

14:00 – 14:30
**Lókal leiklistarhátíð kynnir sig**
Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík

15:00 – 15:30
16:00 – 16:30
**Danceoke**
Reykjavík Dance Festival og Choreography Reykjavík efna til dansveislu

17:00 – 17:30
**Maxine's Dance Fusion Bollywood Group**

**Norðurbryggja**

14:00 – 18:00
**Rafknúinn kappakstursbíll**

15:00 – 18:00
**Bridgesambandið stendur fyrir bridgespilamennsku**

**K2**

11:00 – 20:00
**Expo skálinn**
Aðgangur ókeypis í boði Arion

**Opin rými**

14:30 – 17:00
**Maxímús Músíkús heilsar**
Börnin fá blöðrur og bókamerki

13:00 – 22:00
**Farfuglar: Tróndur Patursson í Hörpu**

**Fyrir utan Hörpu**

12:00 – 17:00
**Bílasýning íslenska Cadillac-klúbbsins**

21:30 – 23:00
**Borgarbúar spila Pong á Hörpu**
Tölvuleikurinn Pong vaknar til lífsins í nýju og gagnvirku listaverki, í samstarfi við Hörpu og Vodafone



Brandenburg

# Slegist um Richards

**Óskar Guðnason er mikill listamaður, bæði tónskáld og myndlistarmaður. Málverk hans af Keith Richards vakti mikla hrifningu á Höfn í Hornarfirði enda stórglæsilegt.**

Þjóðarhljómsveit Kanada leikur í Eldborgarsal Hörpu á sunnudaginn, 24. ágúst. Með henni leikur fiðluvirtúósinn James Ehnes.

Simfóníuhljómsveit Toronto hefur leik í Eldborgarsal Hörpu á sunnudaginn klukkan 19.30, undir stjórn hins kanadíska Peters Oundjian. Með sveitinni er fiðlusnillingurinn James Ehnes, sem hefur leikið í bestu tónleikasölum heims með mörgum virtustu hljómsveitum og stjórnendum sem völ er á og fengið góða dóma. Rússnesk rómantík einkennir dagskrá hljómsveitarinnar á tónleikunum í Hörpu. Þar eru sinfónískir dansar op. 45 eftir Rakkmaninoff meðal verka og Ehnes mun leika hinn sívinsæla fiðlukonsert Tsjaíkovskís.



**STJÓRNADINN** Peter Oundjian.

Toronto Symphony Orchestra þykir vera úrvalshljómsveit. Hún var stofnuð árið 1922 og hefur vaxið mikið undir stjórn Peters Oundjian sem nú hefur haldið um tónsprota hennar í tíu ár. Því er hljómsveitin að fagna með tónleikaferðalagi um Evrópu nú í ágúst en tónleikarnir í Hörpu eru lokahnykkur þeirrar ferðar. Hún hélt fyrstu tónleikana í Vín í Austurríki, hélt þaðan til Wiesbaden í Þýskalandi og áfram til Amsterdam í Hollandi. Hingað kemur hún frá Finnlandi, þar sem hún spilar í Helsinki Music Centre í kvöld.

Einleikarar úr sveitinni koma fram á Menningarnæturkvöldi 23. ágúst milli klukkan 19.30 og 21.30 í Norðurljósasal Hörpu og gefa gestum forsmekkinn að því sem koma skal kvöldið eftir. **gun@frettabladid.is**

## VESTUR-ÍSLENDINGUR LÉK MEÐ Í 40 ÁR



**Fiðluleikarinn Pearl Pálmason** ***(1915-2006)*** sem var dóttir íslenskra innflytjenda í Winnipeg, lék með Toronto Symphony Orchestra frá 1941 til 1981. Hún var um tíma aðstoðarkonsertmeistari sveitarinnar og hljóp iðulega í skarðið í forföllum konsertmeistarans.

Foreldrar Pearl voru Gróa Sveinsdóttir frá Kletti í Borgarfirði og Sveinn Pálmason frá Ysta-Gili í Langadal í Húnaþingi. Pearl lærði ung á fiðlu og átti glæstan feril í tónlistinni. Hún hélt tvenna tónleika í Gamla bíói árið 1938 við góðar undirtektir. Undirleikari var Árni Kristjánsson. Hún lék með Canadian Opera Symphony í Toronto frá 1981 til 1985 og árið 1987 varð hún konsertmeistari Oakville Symphony Orchestra, þá 71 árs.



**KAMMERSVEITIN** „Magnaður tónlistarhópur," segir í dómnum. MYND/GVA

# Þegar allt var svo vont…

★★★☆☆

**Kammersveit Reykjavíkur**
á 40 ára afmælistónleikum á Kjarvalsstöðum sunnudaginn 17. ágúst.

Ég ætlaði að byrja þessa grein á því að segja hversu skemmtilegt það hefði verið að fara á tónleika annars staðar en í Hörpu. Eftir að Harpan var opnuð hefði tónleikalífið misst fjölbreytnina sem áður ríkti. Fyrr á dögum hefðu tónleikar verið haldnir víðsvegar um borgina, í listasöfnum og kirkjum og það hefði verið svo gaman.

En ég er hættur við að segja þetta. Það var nefnilega ekkert sérstaklega ánægjulegt að fara á fjörutíu ára afmælistónleika Kammersveitar Reykjavíkur. Sveitin leit fyrst dagsins ljós í ágúst 1974 á Kjarvalsstöðum og nú blés hún til tónleika með sömu efnisskrá og þá, á sama stað. Það var troðfullt og ég sat fremur aftarlega. Strax var morgunljóst hversu góðu maður er orðinn vanur eftir að Harpa var tekin í notkun. Hljómburðurinn á Kjarvalsstöðum var langtum síðri en fólk á að venjast í dag. Í Hörpu skiptir ekki svo miklu máli hvar áheyrandinn situr. Hér kom leikur Kammersveitarinnar hins vegar ekki nægilega vel út þar sem ég sat. Hljómurinn var bæði þurr og grunnur. Endurómunin var ekki eins og hún átti að vera og styrkleikabrigði voru afar takmörkuð. Vissulega heyrðist hver nóta, en það var ekki nóg.

Sem betur fer var sjálfur leikur Kammersveitarinnar prýðilegur. Fyrsta verkið á dagskránni, Concerto grosso nr. 1 í D-dúr eftir Corelli, var líflegt og stórbrotið. Sömu sögu er að segja um Brúðkaupskantötu Bachs BWV 202 en þar söng Herdís Jónasdóttir einsöng. Herdís er glæsileg söngkona. Hún virtist þó örlítið óörugg í byrjun en sótti sífellt í sig veðrið. Í það heila var söngurinn fallegur og fyllilega í anda verksins. Hann var í senn formfastur og agaður, en líka safaríkur og tilfinningaþrunginn.

Tónlistarflutningurinn var enn betri eftir hlé. Þá voru á dagskránni Kristallar eftir Pál P. Pálsson og Nonetto eftir Bohuslav Martinu. Verk Páls var samið árið 1970, það er stílhreint og hnitmiðað, andinn er ferskur. Kammersveitin flutti það af einbeitni og festu, en hljómburðurinn flatti tónlistina út og andstæður í tónmálinu voru því ekki nógu afgerandi. Tónsmíð Martinus var líka afburða vel spiluð, en virkaði samt ekki sérlega spennandi í þeirri umgjörð sem hér var boðið upp á. Salurinn á Kjarvalsstöðum gerði tónlistina einsleita.

Þrátt fyrir þessa annmarka voru tónleikarnir athyglisverðir. Það er sniðugt að endurskapa stórviðburði á borð við þennan. Þær framfarir sem hafa átt sér stað síðan þá verða enn ljósari fyrir vikið. Maður hefur enn minni áhuga á að hverfa aftur til þess tíma þegar tónlistin á Íslandi var á vergangi. Það er líka alltof stutt síðan það var. Kammersveit Reykjavíkur á betra skilið. Hún er magnaður tónlistarhópur sem oftast hefur haldið frábæra tónleika. Sveitin hefur auðgað tónlistarlífið svo um munar og hún hefur verið mikilvægur vettvangur nýrrar tónlistar á Íslandi. Ég óska henni til hamingju með afmælið. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tónlistarflutningurinn var flottur, en hljómburðurinn flatti tónlistina út.

# Eyðilegt landslag úr íslenskri möl og grjóti ásamt lítilli lækjarsytru

Ólafur Elíasson opnaði í gær viðamikla sýningu í Louisiana-listasafninu í Humlebæk í Danmörku. Þar ganga gestir sal úr sal á íslenskum aur sem lítill lækur líður um í sínum farvegi. Ólafur sýnir líka þrjú vídeóverk, módel og bókverk.

Fyrsta einkasýning Ólafs Elíassonar í Louisiana-listasafninu í Danmörku var opnuð í gær og hún er stór í sniðum.

Aðalverkið á sýningunni nefnist Riverbed og líkist eyðilegu landslagi. Það er gert úr möl og grjóti sem flutt var frá Íslandi, teygir sig þar um stóra sali safnsins og nær langt upp á veggi. Auk þess streymir lækur um „landið".

Í útskýringum safnsins á verkinu kemur fram að með því hafi Ólafur víkkað hugmyndir forstöðufólks þess um list innan dyra og sett þær í nýtt samhengi. „Auðnin í Riverbed færir áhorfandann vonandi nær náttúrunni og uppruna sínum og gefur honum visst andrúm og frelsi frá áreiti og áhyggjum um stund. Upplifunin verður að minnsta kosti ólík því að mæta í sýningarsal og virða fyrir sér hefðbundnari verk á veggjum eða gólfi," segir þar.

Verkið Riverbed reynir á innviði byggingarinnar, enda er það gert úr um það bil 180 tonnum af aur og steinum og þekur um eitt þúsund fermetra að sögn Susanne Hartz, yfirmanns upplýsingadeildar safnsins. „Þetta lítur út eins og álagspróf á bygginguna en það samrýmist stefnu okkar að taka krefjandi áskorunum og leysa vandasöm verkefni sem ekki koma á okkar borð daglega. Það varð ljóst strax í upphafi samstarfsins við Ólaf að sýningin yrði einstök."

Ólafur leggur undir sig mestan hluta safnsins. Auk Riverbed sýnir hann þrjú vídeóverk sem hvert á sinn hátt fjallar um hreyfingu og einnig sýnir hann módel sem hann hefur þróað í samvinnu við listamanninn og arkitektinn Einar Þorstein. Í bókasafni Louisiana fylla listaverkabækur Ólafs rekka og þar er meðal annars nýtt bókverk sem var gert sérstaklega fyrir þessa sýningu.

**gun@frettabladid.is**



**RIVERBED** Verkið er visst álagspróf á bygginguna, enda er það gert úr um það bil 180 tonnum af möl og grjóti. MYND/LOUISIANA



**Í MÓDELSALNUM** Mörg og mismunandi módel eru til sýnis sem Ólafur hefur þróað í samstarfi við listamanninn Einar Þorstein.

## STAÐSETNING OG OPNUNARTÍMAR

**Louisiana – Museum for Moderne Kunst**
Humlebæk, um miðja vegu milli Kaupmannahafnar og Helsingör

**Opnunartímar** þriðjudaga til föstudaga kl. 11-22
laugardaga og sunnudaga kl. 11-18. Lokað á mánudögum.

*Sýning Ólafs Elíassonar stendur til 4. janúar 2015.*

# RISA BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF FARTÖLVUM




**8BLS**
NÝR SJÓÐHEITUR SKÓLABÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SNILLD :)

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGAR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

# FIMMTUDAGUR

**FIMMTUDAGUR 21. ÁGÚST 2014**

### Tónleikar

**20.00** Útgáfuhóf They Hold It For Certain í Mengi á Óðinsgötu. Platan er samstarfsverkefni Skúla Sverrissonar, Anthony Burr og söngkonunnar Yungchen Lhamo. Verkið er í senn hljómplata og myndlistarverk. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Sveinn Dúa Hjörleifsson tenór heldur einsöngstónleika ásamt Hrönn Þráinsdóttur píanóleikara í Menningarhúsinu Hofi. Á efnisskránni verða íslensk sönglög, þýsk og norræn ljóðalög ásamt óperuaríum. Miðaverð er 2.500 krónur.

**20.00** Hljómsveitin Enkídú kemur fram á Hlemmur Square. Enkídú spilar melódíska experimental raftónlist með dassi af dansi. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Sjónræn hljóðlist í Sláturhúsinu menningarhúsi, Kaupvangi 7. Verkið er samstarfsverkefni sænsks hljóðlistardúós, Laurna Rode, og íslenskrar listakonu, Ragnheiðar Bjarnarson. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**21.00** Styrktar- og samstöðutónleikar haldnir fyrir íbúa Gasa og hertekinnar Palestínu á Græna hattinum. Allt fé sem safnast rennur til mannúðarstarfs á Gasa. Hljómsveitir sem koma fram eru til dæmis Heflarnir og Mafama en miðaverð 2.000 krónur.

**21.00** Magnus Kvartett frá Færeyjum sem er sannkallað einvalalið gæða tónlistarmanna og hinn íslenski Skarkali munu spila á tónleikum í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Miðaverð er 2.000 krónur.

**22.00** Magnús Ragnar Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Fræðsla

**20.00** Heiðar Kári Rannversson, dagskrárstjóri Listasafns Reykjavíkur, leiðir göngu um listaverk í miðborginni sem nýlega hafa verið sett upp eða flutt á nýjan stað. Í göngunni verður velt fyrir sér hvernig hvernig verkin passa inn í borgarmyndina. Lagt er af stað úr Grófinni, Tryggvagötu 15.

**20.00** Júlíana G. Gottskálksdóttir listfræðingur leiðir göngu þar sem tvær af kirkjum Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarkirkja og Fríkirkjan, verða skoðaðar og sérstakur gaumur gefinn að byggingarlist og sögulegu samhengi. Gangan hefst við Hafnarborg.

### Sýningar

**17.00** Hallur Karl Hinriksson myndlistarmaður opnar sýningu á nýjum málverkum í Gallerí Fold, Rauðarárstíg.

**17.00** Hrafnkell Sigurðsson opnar sýningu sína Revelation í galleríi i8.

**18.00** Sýningin Walking around Iceland X58 verður opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Listamaðurinn Cayetano Navarro sýnir verk sín en með verkunum skoðar hann með hvaða augum ferðamaðurinn, gestir og heimamenn líta íslenska náttúru og fer með fólk í huglægt ferðalag.

**21.00** Skinnsemi er kabarettsýning með sirkusívafi þar sem lagt er upp úr húmor og stundum sýnt smá skinn. Sirkus Íslands er staddur með tjaldið Jökla á Klambratúni og er miðaverð 2.500 krónur.

### Íþróttir

**19.30** A landslið kvenna mætir Danmörku í algjörum lykilleik í undankeppni HM 2015 á Laugardalsvelli. Miðaverð er 1.000 krónur.

### Dans

**16.00** Dancing in the Gallery. Dansflokkur Rebeccu Wong frá Hong Kong dansar í Ketilhúsinu á Akureyri.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*






**DOLFALLIN YFIR ÍSLANDI** Xárene vildi ekki taka þessar týpísku landslagsmyndir heldur vildi hún fanga kjarna hvers staðar hvers staðar sem hún kom til. MYND/GVA

# Skoðar áhrif veðursins

**Listakonan Xárene Eskandar opnar sýningu sína Iceland Weather Reports í Hannesarholti í dag en hún hefur ferðast um Ísland og fangað kjarna hvers staðar.**

„Fólk áttar sig stundum ekki á því hvað veðrið hefur gríðarleg áhrif á líðan þess,“ segir listakonan Xárene Eskandar en hún opnar sýningu sína Iceland Weather Reports í dag klukkan 16 í Hannesarholti. „Þetta byrjaði sem verkefni í Los Angeles þar sem það er alltaf sól og sama veðrið sem hefur líka áhrif á þig, þó að það breytist ekkert,“ segir Xárene. „Á Íslandi er það alveg öfugt, það breytist alveg á fimm mínútna fresti eins og þið segið.“

Sýningin samanstendur af ljósmyndum og vídeóverkum sem Xárene hefur tekið á mismunandi stöðum Íslands og ljóðrænum textabútum sem hún skrifar um líðan sína hverju sinni.

„Ég reyni að fanga kjarna hvers staðar fyrir sig,“ segir listakonan. „Ég reyni að skrifa þannig að hver sem les textann geti tengt við hann, þrátt fyrir að hafa ekki verið á staðnum akkúrat þetta augnablik þá skilji lesandinn samt hvað ég á við.“

Þetta ber þó ekki að skilja þannig að listakonan skrifi nákvæma veðurlýsingu í textabrotunum. „Þú færð vísbendingar en þetta snýst meira um hvernig veðrið lætur manni líða,“ segir Xárene. „Ég reyni að tala um önnur áhrif en að segja nákvæmlega hitastigið og vindáttina.“

Listakonan segir sýninguna vera mjög persónulega og að hún sé smá stressuð að sýna hana Íslendingum. „Ég vildi ekki vera með þessar týpísku landslagsmyndir af Íslandi,“ segir Xárene. „Ég veit ekkert hvað fólki mun finnast, Ísland er náttúrulega paradís ljósmyndarans.“

> **Ég reyni að skrifa þannig að hver sem les textann geti tengt við hann, þrátt fyrir að hafa ekki verið á staðnum akkúrat þetta augnablik.**

Fyrirtækið Samsung hleypur undir bagga með listakonunni en í síðustu viku var hún ekki viss um hvernig hún ætlaði að sýna myndböndin á sýningunni. „Ég var orðin frekar stressuð,“ segir hún og hlær en Samsung lánar Xárene fáein sjónvörp til þess að sýna vídeóverkin en sýningin sjálf verður í Hannesarholti og verður opnuð í dag klukkan 16.

**baldvin@365.is**

# Ginter safnar fyrir börnin á Gasa

**Wictoria Joanna Ginter hafði fengið sig fullsadda af fréttaflutningi af ástandinu á Gasa og ákvað því að taka málin í sínar hendur og halda styrktartónleika.**

„Þetta eru sem sagt góðgerðartónleikar fyrir börnin í Gasa,“ segir Wictoria Joanna Ginter en hún blæs til heljarinnar tónlistarveislu á Gauknum í kvöld þar sem okkar fremstu rokksveitir koma saman til þess að safna fyrir Palestínu.

„Aðgangseyrir er 3.000 krónur en það veltur bara á hverjum og einum hvað hann hefur tök á að borga, meira eða minna,“ segir Wictoria.

„Ég byrjaði á að tala við eiganda Gauksins sem var strax mjög áhugasamur,“ segir Wictoria. „Síðan hafði ég bara samband við vini mína sem voru í hljómsveitum og svo stækkaði þetta bara og stækkaði.“

Wictoria hefur fundið til með Palestínumönnum í langan tíma en henni fannst hún þurfa að gera eitthvað til þess að hjálpa.

„Í átökunum eru fleiri og fleiri í sárri þörf fyrir hjálp og þá sérstaklega börn,“ segir Wictoria. „Margir eru heimilislausir, slasaðir og munaðarlaus börn þarfnast athygli okkar og hjálpar. Við getum engan veginn ímyndað okkur hvernig það er fyrir þau að upplifa þessar hörmulegu og ómannúðlegu aðgerðir.“

Meðal hljómsveita, sem hafa staðfest komu sína í kvöld, eru til dæmis Mammút, Kvöld, Strigaskór nr. 42, Nykur, Dimma og svo mætti lengi telja en tónleikarnir hefjast klukkan 17 og standa langt fram eftir kvöldi. **- bþ**



**FÉKK SIG FULLSADDA** Wictoria ákvað að taka málin í eigin hendur. MYND/ANDRI MARINÓ


BAUERFEIND®
Eirberg
Genutrain® hnéhlíf
• Einstakur stuðningur við hnéliðinn og hnéskelina
• Dregur úr verkjum og bólgu
• Við álagseinkennum, liðþófa-vandamálum, tognunum og sliti
Verð: 11.750 kr.
ErgoPad® run & walk innlegg
• Góð dempun í tábergi og hæl
• Einstakur stuðningur við fótbogann
• Minnka þreytu og draga úr álagseinkennum í ökklum og fótum
Verð: 10.750 kr.
HLAUPTU LENGRA
með Bauerfeind stuðningshlífum
Komdu við í básnum okkar á skráningarhátíð Reykjavíkur maraþonsins í Laugardagshöll 21. og 22. ágúst.
Sjúkraþjálfarinn okkar verður á staðnum með ráðgjöf og fræðslu.
Afsláttartilboð á ýmsum vörum.
Compression íþróttasokkar
• Ný og endurbætt útgáfa af vinsælu Bauerfeind íþróttasokkunum
• Örva blóðflæði og súrefnisupptöku
• Minnka þreytuverki í kálfum
• Hraða endurheimt eftir langar æfingar
Verð 7.950 kr.
Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg@eirberg.is • Sími 569 3100 • eirberg.is




BYKO KLÚBBURINN

**KLÚBB verð 44.995 kr.**

Almennt verð 59.995 kr.

Vnr. 53323140
Sláttuvél OY510S, 5,5 hestafla fjórgengismótor, 163cc, 2,6kw, 51 cm sláttubreidd, 60 l safnpoki, hæðarstilling 25–75 mm.




Vnr. 55092319
KALANCHOE ástareldur.
**435 kr.**

Vnr. 55092319
Kaktus.
**425 kr.**

Vnr. 55092318
ALOE VERA 2.
**995 kr.**

Vnr. 55092146
Þykkblöðungur.
**495 kr.**

Vnr. 55092061
CHRYSANTHEMUM.
**745 kr.**

Vnr. 55092320
ROSA HYB.MINI ROSE.
**995 kr.**

VERÐVERND BYKO

# LÆGRA VERÐ




BYKO KLÚBBURINN

**KLÚBB verð 3.995 kr.**

Almennt verð 4.995 kr.

Vnr. 86363040-540
Kjörvari pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.

málning




BYKO KLÚBBURINN

**KLÚBB verð 9.495 kr.**

Almennt verð 13.290 kr.

Vnr. 86647583-8083
KÓPAL STEINTEX
múrmálning, 10 l.

EINN KUBBUR DUGAR Í 2,5 KL.




Vnr. 42308344
Brennikubbar,
5 stk. 2,5 klst.
**1.995 kr.**
1 stk. 595 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is

## LAGERHREINSUN!



Vnr. 53322839
Sláttutraktor
M125-97T, 6,0 kW.

**319.995kr.**

FULLT VERÐ: 419.995 kr.

**ÞÚ SPARAR 100.000 KR.**




BYKO KLÚBBURINN

**KLÚBB verð 46.995kr.**

Almennt verð 77.995 kr.

Vnr. 50630086
OUTBACK Hunter
gasgrill, grænt,
3 brennarar, 11,88 kW.

BYKO KLÚBBURINN

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERA Í BYKO KLÚBBNUM

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

BYKO KLÚBBURINN

**KLÚBB verð 8.995kr.**

Almennt verð 11.990 kr.

Vnr. 88012298
Veiðistóll og tjald,
85x115x138 mm, 5000 mm.



BYKO KLÚBBURINN

**KLÚBB verð 15.995kr.**

Almennt verð 19.990 kr.

Vnr. 65105832
Geislahitari á vegg,
1800W, IP65.



BYKO KLÚBBURINN

**KLÚBB verð 19.995kr.**

Almennt verð 27.995 kr.

Vnr. 50632104
MR. HEAT borðhitari ryðfrír, 2,7 kw, hæð 76 cm, hattur 48 cm.
Þrýstijafnari og slanga fylgir.

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**25 ára Hayden Panettiere leikkona**

Hún er hvað þekktust fyrir túlkun sína á klappstýrunni Claire Bennet í sjónvarpsþáttunum Heroes.

## MYND UM OLÍUBORPALLSSLYSIÐ



Viðræður eru hafnar við leikarann Mark Wahlberg um að leika í kvikmynd sem byggð er á sönnum atburðum um sprengingu á olíuborpalli sem átti sér stað í Mexíkóflóa árið 2010. Myndin er byggð á greininni Deepwater Horizon's Final Hour sem birtist í New York Times. Í greininni er hugrekki þeirra sem störfuðu á olíuborpallinum í brennidepli en í sprengingunni létu ellefu lífið.



## Í NÝRRI OFURHETJUMYND

Leikarinn Dwayne Johnson, einnig þekktur sem The Rock, segist vera kominn með hlutverk í mynd um ofurhetjuna Shazam að því er Associated Press hermir. Ekki er ljóst hvaða hlutverk hann leikur. „Það er karakter þarna og það verður tilkynnt bráðlega að ég mun leika hann. Þessi karakter hefur krafta Súpermanns," segir Dwayne.

## VONARSTRÆTI Á TIFF



Kvikmyndin Vonarstræti, í leikstjórn Baldvins Z og með þeim Heru Hilmarsdóttur, Þorvaldi Davíð og Þorsteini Bachmann í aðalhlutverkum, hefur verið valin til sýningar á Toronto International Film Festival, TIFF, þar sem hún mun keppa til verðlauna í tveimur flokkum. Vonarstræti keppir um verðlaun sem besta myndin og til Discovery-verðlauna sem eru veitt upprennandi leikstjórum sem þykja skara fram úr.

## FRUMSÝNING



**Into The Storm spennumynd**

**Bönnuð innan 10 ára**

**Aðalhlutverk** Sarah W. Callies, Richard Armitage, Jeremy Sumpter, Nathan Kress og Matt Walsh.

IMDb 6,3/10 · 44% · Rotten Tomatoes 21%




## SPÁÐ Í EMMY-SPILIN

**Emmy-verðlaunin verða veitt í 66. sinn þann 25. ágúst næstkomandi. Þeir Peter Knegt og Ben Travers hjá Indiewire spá í spilin um sigurvegara í dramaflokki hátíðarinnar.**

### Besta dramasería

**Tilnefningar**

*Breaking Bad*
*Downton Abbey*
*Game of Thrones*
*House of Cards*
*Mad Men*
*True Detective*

**Hver vinnur?**

*Breaking Bad*

### Besta leikkona í dramaseríu

**Tilnefningar**

Lizzy Caplan, Masters of Sex
Claire Danes, Homeland
Michelle Dockery, Downton Abbey
Julianna Marguiles, The Good Wife
Kerry Washington, Scandal
Robin Wright, House of Cards

**Hver vinnur?**

Robin Wright

### Besti leikari í dramaseríu

**Tilnefningar**

*Bryan Cranston, Breaking Bad*
*Jeff Daniels, The Newsroom*
*Jon Hamm, Mad Men*
*Woody Harrelson, True Detective*
*Matthew McConaughey, True Detective*
*Kevin Spacey, House of Cards*

**Hver vinnur?**

*Matthew McConaughey*

# Rassskellti Expendables 3

Grínmyndin Let's Be Cops var frumsýnd hér á landi í gær. Myndin fjallar um tvo vini sem þykjast vera löggur sem endar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Myndin hefur þénað ágætlega í miðasölu vestan hafs.

Grínmyndin Let's Be Cops var frumsýnd á Íslandi í gær en í aðalhlutverkum eru þeir Jake Johnson og Damon Wayans Jr.

Myndin fjallar um tvo bestu vini sem mæta sem lögreglumenn í búningaveislu og ávinna sér þannig virðingu og aðdáun allra sem í teitið mæta. Þeir ákveða því að þykjast vera löggur og vindur leikritið sífellt meira upp á sig.

En þegar þessar platlöggur flækjast inn í vef glæpamanna og svikulla lögreglumanna þurfa þeir að treysta hvor á annan.

Myndin hefur þénað ágætlega í miðasölu vestan hafs. Frumsýningarhelgina voru miðasölutekjurnar 17,7 milljónir dollarar, rúmir tveir milljarðar króna. Lenti myndin í þriðja sæti yfir aðsóknarmestu myndirnar þá helgi en athygli vekur að testósteróndrifna hasarmyndin Expendables 3 var í fjórða sæti og halaði inn 16,2 milljónir dollara, tæpa tvo milljarða, talsvert minna en fyrri myndirnar öfluðu. Í fyrsta sæti þessa helgi var síðan Teenage Mutant Ninja Turtles og í öðru sæti var Guardians of the Galaxy.

Í öðrum hlutverkum í Let's Be Cops eru Rob Riggle, Nina Dobrev og James D'Arcy en leikstjóri myndarinnar er Luke Greenfield, sem leikstýrði meðal annars The Animal og The Girl Next Door.

liljakatrin@frettabladid.is

IMDb 6,8/10

27%

Rotten Tomatoes 12%



**MIKILL HASAR** Fyrst um sinn er bara gaman að þykjast vera lögga.

## ÓHEPPILEG TÍMASETNING FRUMSÝNINGARINNAR

Let's Be Cops var frumsýnd vestan hafs þann 13. ágúst en nokkrum dögum áður, eða þann 9. ágúst, var ungur maður, Michael Brown, skotinn til bana af lögreglu í Ferguson í Missouri í Bandaríkjunum. Hafa margir bent á að tímasetning frumsýningar myndarinnar hafi verið mjög óheppileg. Þó að myndverið 20th Century Fox hafi eflaust ekki getað frestað frumsýningunni með svo stuttum fyrirvara hafa margir notendur á samfélagsmiðlum hvatt fyrirtækið til að minnka markaðssetningu myndarinnar í ljósi nýliðinna atburða í Ferguson. Þá eru margir æfir yfir því hvernig lögreglumenn og -konur eru sýndar í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum í Hollywood og telja ekki rétta mynd vera dregna upp af starfi lögreglunnar í Bandaríkjunum.



**VEISLAN SEM ÖLLU BREYTIR** Vinirnir fara í grímubúningapartí sem lögreglumenn.







# Vertu ferðafær í fríinu!

Höfum áreiðanleikann að leiðarljósi í sumar og látum skoða bílinn á réttum tíma.




BETRI STOFAN

IS AG 14 678 | MAÍ JÚNÍ JÚLÍ

*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

## HAGSTÆTT VERÐ HJÁ FRUMHERJA

***Verð á aðalskoðun bíls undir 3.500 kg****

**FYRIRTÆKI**

| | |
|---|---|
| Frumherji | 9.700 kr. |
| **Frumherji með afslætti** | **8.320 kr.** |
| Aðalskoðun | 10.420 kr. |
| Tékkland | 8.995 kr. |

** Verðskrár fyrirtækjanna með opinberum gjöldum þ. 5.8.2014*



**ÞJÓNUSTUVER**

TÍMAPANTANIR OG UPPLÝSINGAR

**570 9090**

**Frumherji**

*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*

## TREND Á INSTAGRAM

Karlmenn nota kraft förðunarvara til að umbreyta sér í stórstjörnur.

Kassamerkið **#makeuptransformation** tröllríður nú Instagram og er vægast sagt spaugilegt að fara í gegnum myndirnar sem eru merktar með því. Á þeim sýna karlmenn fram á kraft förðunarinnar og umbreyta sér í frægar persónur í fjórum skrefum. Þetta er auðvitað meira grín en alvara eins og sést vel á meðfylgjandi myndum.






## Launahæstu fyrirsætur heims

Forbes hefur tekið saman árlegan lista yfir launahæstu fyrirsætur heims í áttunda sinn. Fátt kemur á óvart þegar litið er á fimm efstu fyrirsæturnar en þar trónar brasilíska bomban Gisele Bündchen á toppnum.



**GISELE BÜNDCHEN**
**TEKJUR:** 47 milljónir $ / 5,5 milljarðar kr. Vinnur til dæmis fyrir H&M, Chanel og Carolina Herrera.



**ADRIANA LIMA**
**TEKJUR:** 8 milljónir $ / 933 milljónir kr. Vinnur til dæmis fyrir Maybelline og Veet.



**DOUTZEN KROES**
**TEKJUR:** 8 milljónir $ / 933 milljónir kr. Vinnur til dæmis fyrir L'Oreal, Miu Miu, H&M og Emilio Pucci.



**KATE UPTON**
**TEKJUR:** 7 milljónir $ / 817 milljónir kr. Vinnur til dæmis fyrir Bobbi Brown, Sam Edelman og Express.



**KATE MOSS**
**TEKJUR:** 7 milljónir $ / 817 milljónir kr. Vinnur til dæmis fyrir David Yurman, Rimmel og Topshop.



Lubbi Nelson



Tísku Nelson



Snoðaður Nelson

# Skiptar skoðanir á hári Nelsons

Gunnar Nelson bardagaíþróttamaður hefur vakið mikla athygli með nýja og töff klippingu. Fréttablaðið hafði samband við tvo hárgreiðslusérfræðinga og spurði þá álits á hinum ýmsu hárgreiðslum Gunnars.

Bardagaíþróttamaðurinn Gunnar Nelson hefur heldur betur breytt um hárgreiðslu en hann er nú staddur í Stokkhólmi við kynningu á sínum næsta UFC-bardaga sem fer fram þann 4. október þar í borg. Andstæðingur hans verður Bandaríkjamaðurinn Rick Story. Gunnar hefur verið í myndatökum í Stokkhólmi fyrir bardagann og ber nú nýja og töff hárgreiðslu, með stutt í hliðunum en smá hár ofan á, sem gefur mikla möguleika hvað varðar hárgreiðsluna.

Í gegnum árin hefur Gunnar mætt með mismunandi hárgreiðslu í hringinn og hafði Fréttablaðið því samband við hártískusérfræðingana Elvar Loga Rafnsson, eiganda Kompanísins, og Theodóru Mjöll Skúladóttur og spurði hvað þeim þætti um greiðslur Gunnars í gegnum tíðina. Þá er einnig aðeins farið yfir hausthártískuna hjá karlmönnum.

### THEÓDÓRA MJÖLL SEGIR
### MEST TÖFF ÞEGAR HANN ER SNOÐAÐUR



„Gunnar Nelson er alltaf mjög töff og mér finnst hárgreiðslan hans ekki skipta miklu máli. Nýja klippingin hans er mjög vinsæl í dag, þetta er heitasta klippingin í dag. Hann er greinilega að elta heitustu hárstraumana. Hann er töff með nýju klippinguna.

Hann var líka mjög töff með lubbann, það voru margir að hneykslast á lubbanum en ég var að fíla það. Nýja klippingin er allavega meira „smooth“ og andstæðingurinn getur allavega ekki togað í hárið á honum eins og hann er núna. Ég held að nýja klippingin hafi ekki verið stíliseruð sérstaklega, heldur frekar hugsuð út frá sjónarhorni íþróttarinnar.

Mér finnst Gunnar samt mest töff þegar hann er snoðaður, það er svo hrikalega hart að vera snoðaður. Ég gef snoðuðum Gunna hæstu einkunn, í öðru sæti er svo Gunnar með lubbann og nýja tískugreiðslan er í síðasta sæti, þó svo að hún sé töff. Hefði hann hins vegar fengið sér strípur ætti hann að sleppa því að mæta í hringinn.“

Theódóra Mjöll segir hártískuna hjá karlmönnum í haust vera fjölbreytta og í raun alls konar. „Þetta verður alls konar í haust, í rauninni er allt í tísku. Stutt í hliðunum heldur áfram að vera mjög vinsælt en svo eru alltaf vissir straumar sem koma inn á milli. Svo er bítlahárið alltaf kúl.“

### ELVAR LOGI SEGIR
### MJÖG FLOTT EF HANN MYNDI GREIÐA SÉR



„Þessi nýja klipping hjá Gunnari væri mjög töff ef hann myndi greiða sér. Án efna í hárinu virkar þetta ekki nógu vel, hárið ofan á verður í raun bara eins og dúskur. Hann er nú ekki vanur að greiða sér, annaðhvort er hann með lubba eða snoðaður. Ef hann myndi henda smá bláu DiFi í hausinn á sér yrði hann enn ógnvænlegri og það myndi líka hækka hann um nokkra sentimetra.

Lubbinn var svona villimennskulúkk, hann var nokkurs konar hipster sem hlustaði á Hjálma þegar hann labbaði inn í hringinn, ætli hann setji ekki Justin Timberlake eða eitthvað svoleiðis á fóninn þegar hann labbar inn í hringinn núna fyrst hann er kominn með tískugreiðslu.

Hann var grjótharður þegar hann var snoðaður, það eru menn eins Bruce Willis, Jason Statham og The Rock sem eru snoðaðir og þeir eru allir grjótharðir. Þú þarft að vera mjög harður til að snoða þig og Gunni er grjótharður.

Stutta hárið á klárlega eftir að hjálpa honum í hringnum, það er auðveldara að rífa í síða hárið en stutta.

Ég gef nýju klippingunni hæstu einkunn, það er að segja ef hann er greiddur, annars finnst mér hann flottastur snoðaður ef hann greiðir sér ekki. Í öðru sæti er þá snoðaði Gunni en í síðasta sæti er lubbinn því það er svo ósnyrtilegt.“

Elvar Logi segir hártískuna hjá karlmönnum í haust einkennast af mjög stuttu í hliðunum. „Haustið einkennist af mjög „skinshave“ í hliðunum, sem er bara extra stutt í hliðunum, svona 1920-fílingur. Sumir vilja svo hafa meira að ofan og aðrir minna, eftir því hvernig menn vilja greiða sér. Síða hárið verður ekki jafn vinsælt og það stutta í haust.“

REEBOK FITNESS & DANSCENTER BJÓÐA ÞÉR Í SJÓÐHEITT

# DANSFESTIVAL

## MEÐ DANSARA OG DANSHÖFUNDI

# JUSTIN TIMBERLAKE

## Á MENNINGARNÓTT 23. ÁGÚST



### KL16.00

Partýstemmning með **Dj Glimmer.**
Skráning í dansprufur hjá **Ivan**
fyrir sérstakan sýningarhóp.

ÖLGERÐIN

### KL16.45-17.45

**UPPHITUN** Danskennsla skipt í yngri og eldri.

### KL18.00-20.00

**IVAN KOUMAEV** Kennir HIP HOP í anda Justin Timberlake
Að lokum verður myndataka, áritun plakata og spjall við IVAN.

**FRÍTT!**
**ÖLLUM OPIÐ**
**Fyrstur kemur fyrstur fær!**

# HAUSTÖNN HEFST 8. SEPTEMBER
# SKRÁNING Á REEBOKFITNESS.IS

## FJÖLDIN ALLUR AF SPENNANDI NÁMSKEIÐUM Í BOÐI!

Jazzfunk · Raggatone (DanceHall) · Hip Hop · Break · Nútímadans · Ballett
**Barnadansar:** Mini-Hip Hop · Jazzballett og ballett · Dans · Yoga
**Mini-Bollywood** – börn ásamt foreldrum Bollywood Tímar í anda Justin Timberlake!
Framkoma, leiklist, dans og söngnámskeið

**ALDURSFLOKKAR:** 4-6, 7-9, 10-12, 13-15, 16-19, DANSSKVÍSUR 20+

## GLÆSILEG SÝNING Í LOK ANNAR!

DANCE CENTER REYKJAVÍK

**Nánari upplýsingar :**
Júlí Heiðar **779 5854** og Eva Dröfn **845 4005**
eða með því að senda tölvupóst á
**dancecenter@dancecenter.is.** og á **dancecenter.is**

Reebok FITNESS
reebokfitness.is

# Glæstar vonir haustsjónvarpsins

Allir vinsælustu sjónvarpsþættir heims snúa aftur úr sumarfríi í haust. Langt er síðan áhorfendur fylgdust með uppáhaldspersónum sínum og margir jafnvel farnir að gleyma í hvaða aðstæðum þeir skildu við þær. Fréttablaðið fór yfir það helsta sem gerðist áður en þættirnir fóru í sumarfrí og veltir upp hugmyndum um hvað gerist næst. Þá er bara að setja sig í stellingar fyrir komandi imbahaust.



## Síðasta serían

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 7 SEPTEMBER

### BOARDWALK EMPIRE

**Nucky** lagði á ráðin um að drepa bróður sinn, **Eli**, eftir að hann sveik hann. Honum tókst ekki ætlunarverk sitt því sonur Elis kom inn í herbergið. **Gillian** fór í fangelsi og dóttir **Chalkys** var drepin fyrir mistök í stað **Dr. Narcisse**. Skyttan **Richard Harrow** slasaðist í leiðinni.

***Hvað gerist næst?*** *Þetta verður síðasta serían af Boardwalk Empire og hoppar atburðarásin fram í tíma um sjö ár, til ársins 1931, beint í kreppuna miklu. Nucky reynir að gera fyrirtæki sitt lögmætt með því að hefja samstarf við Bacardi-rommmerkið. Uppgjör verður í stríðinu á milli Chalkys og Narcisses og litið verður aftur til barnæsku Nuckys og Elis.*



## Hvar er Sheldon?

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 22 SEPTEMBER

### THE BIG BANG THEORY

**Penny** og **Leonard** trúlofuðu sig og ætla að búa saman sem kom **Sheldon** í uppnám. Hann yfirgaf borgina eftir að hann kyssti **Amy** í fyrsta sinn. **Raj** og **Emily** sváfu saman en **Stuart** varð húsvörður **Mrs. Wolowitz**.

***Hvað gerist næst?*** *Við sjáum hvar Sheldon býr í fyrsta þættinum en óvíst er hvernig fer fyrir sambandi hans og Amy. Stuart er enn húsvörður en Penny gefur leiklistardrauminn upp á bátinn og snýr sér að sölumennsku í fyrirtæki Bernadettes. Það skapar vandamál á milli hennar og Leonards.*



## Nýir nágrannar

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 24 SEPTEMBER

### MODERN FAMILY

**Mitch** og **Cam** giftu sig og **Haley** laðaðist óvænt að **Andy**.

***Hvað gerist næst?*** *Mitch og Cam reyna að láta hveitibrauðsdagana endast eins lengi og hægt er þótt mikil ábyrgð fylgi nýju starfi Cam sem fótboltaþjálfara. Börnin í þáttunum ná ýmsum áföngum – Alex skoðar háskóla en hann vill læra á austurströndinni en það líst Phil og Claire ekkert á. Manny reynir að eignast kærustu og Luke fer að efast um sjálfan sig í kjölfarið. Dunphy-fjölskyldan fær nýja nágranna og myndast rígur þar á milli.*



## Leynisamband á stöðinni

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 28 SEPTEMBER

### BROOKLYN NINE-NINE

**Jake** sagði **Amy** hug sinn og tók þá áhættu að missa kannski vinnuna þegar hann vildi afhjúpa samsæri. **Charles** vaknaði í rúmi með **Ginu** eftir að hann hætti við að kvænast **Vivian**.

***Hvað gerist næst?*** *Talsverður tími er liðinn síðan áhorfendur sáu gengið síðast en áfram verður fylgst með leynisambandi Charles og Ginu. Meira álag er á öllum á stöðinni en ný kona á skrifstofunni kemur öllu í uppnám.*



## Ákveður Carrie að eignast barnið?

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 5 OKTÓBER

### HOMELAND

Þótt **Brody** hafi drepið **Akabari** þannig að Javadi gæti komist til valda var Brody klófestur og hengdur á almannafæri. **Saul** hætti hjá leyniþjónustunni og byrjaði í einkageiranum og **Lockhart**, forstjóri leyniþjónustunnar, hækkaði **Carrie** í tign. Hún er enn í vafa um hvort hún eigi að eiga barn sitt og Brodys sem hún ber undir belti.

***Hvað gerist næst?*** *Carrie á að hafa eignast barnið áður en nýja serían byrjar, ef hún ákveður að halda því, en hún einblínir sem fyrr á frama sinn og starfar nú í Mið-Austurlöndum. „Þættirnir snúast um þann kostnað sem fylgir því að tryggja öryggi Bandaríkjanna," segir framleiðandinn, Alex Gansa.*



## Lögfræðidrama

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 21 SEPTEMBER

### THE GOOD WIFE

**Will** lést, sem kom öllum í opna skjöldu. **Alicia** batt enda á samband sitt við **Peter** en samþykkti að sjást opinberlega með honum til að vernda starfsframa þeirra beggja. **Diane** bað um stöðu hjá Florrick/Agos en **Cary** reyndi að stöðva það sem bitnaði á sambandi hans og Aliciu. **Eli** bað Aliciu um að bjóða sig fram sem ríkissaksóknara eftir að Diane vildi það ekki.

***Hvað gerist næst?*** *Alicia vill enn ekki ríkissaksóknarastöðuna enda nóg af drama á lögfræðistofunni.*



## Andlát breytti aðstæðum

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 22 SEPTEMBER

### THE BLACKLIST

Sá sem er efstur á svarta listanum, maður að nafni **Berlin**, brotlenti flugvél til að ná **Red** og gengur nú laus. Berlin gerði Alríkislögregluna líka að skotmarki sínu sem varð til þess að **Malik** lést og **Cooper** lenti á spítala. **Liz** skaut gervieiginmann sinn, **Tom**, en líkið hvarf á dularfullan hátt. Hún spurði Red líka út í andlát föður síns og hann ítrekaði að hann hefði látist í eldsvoða.

***Hvað gerist næst?*** *Áhorfendur eru færðir nokkra mánuði fram í tímann og teymi Alríkislögreglunnar hefur breyst eftir andlát Maliks. Nýtt fólk hefur störf en bið verður á að áhorfendur fái að vita meira um örlög Toms.*



## Árið hennar Abby

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 25 SEPTEMBER

### SCANDAL

**Olivia Pope** fór að ráðum föður síns, **Rowans**, og settist upp í flugvél með **Jake** og yfirgaf Washington og **Fitz**. Hún vissi þó ekki að faðir hennar myrti son Fitz og **Mellie** svo að hann gæti orðið hæstráðandi hjá B613 aftur. Sá eini sem áttaði sig á því var Harrison en á lokamínútum síðasta þáttar var byssu beint að höfði hans.

***Hvað gerist næst?*** *Líkurnar segja að Harrison sé látinn og Olivia tekur þeim fréttum væntanlega ekki vel. Þetta verður serían hennar Abby og kynnast áhorfendur henni betur.*



## Vill ekki flytja

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 25 SEPTEMBER

### GREY'S ANATOMY

Áður en þátturinn fór í sumarfrí sagði **Cristina** bless við bestu vinkonu sína, **Meredith**. Á sama tíma stóð Meredith á tímamótum þar sem eiginmaður hennar, **Derek**, vill flytja til Washington en hún er ekki jafn sannfærð um flutningana. Í ofanálag er hálfsystir hennar, **Margaret**, dóttir móður hennar, **Ellis Grey**, og læknisins **Richards Webber**, byrjuð að vinna á sjúkrahúsinu en hún var gefin til ættleiðingar þegar hún var smábarn. Þá átti **Bailey** að taka við sæti Cristinu í stjórn sjúkrahússins en Cristina gaf **Alex** sæti sitt. Þá sagði **April Jackson** líka frá því að hún væri ólétt.

***Hvað gerist næst?*** *Meredith samþykkir líklega ekki flutningana, Owen finnur sér vafalaust nýja konu, kannski Amelíu, og Alex berst fyrir sæti sínu í stjórninni þó að Bailey sé brjáluð.*



## Ættleiðing hjá Alan og Walden

FRUMSÝNING Í BANDARÍKJUNUM 30 OKTÓBER

### TWO AND A HALF MEN

**Alan** og **Gretchen** giftu sig næstum því en hún fór frá honum fyrir fyrrverandi eiginmann sinn eftir að **Lyndsey** hringdi í Gretchen og sagði henni að hann vildi hana aftur. **Walden** huggar Alan með því að bjóða honum áframhaldandi búsetu í strandhúsinu.

***Hvað gerist næst?*** *Walden gengur í gegnum tilvistarkreppu og reynir að fá Alan til giftast sér svo þeir geti ættleitt barn saman.*

# A4

OPIÐ TIL 24 SKEIFUNNI

OPIÐ TIL 22 SMÁRATORGI

# STÓRI OG ÓDÝRI SKIPTIBÓKAMARKAÐURINN




Reikningsbók og stílabók A4



Verð nú 99,- var 299,-

Reiknivél Casio FX-350



Verð nú 2.399,- var 2.995,-

Birgðastaða á bókum getur breyst mjög hratt.

OGIO fartölvubakpoki 15"



Verð nú 9.999,- var 15.990,-

OGIO fartölvubakpoki 17"



Verð nú 10.999,- var 17.999,-

OGIO fartölvubakpoki 17"



Verð nú 9.999,- var 15.990,-

OGIO bakpoki 15"



Verð nú 9.999,- var 15.990,-

Bakpoki



Verð nú 6.999,- var 11.999,-

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Gildir 21 ágúst.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
Fimmtudaginn 21. ágúst
Fimmtudaginn 21. ágúst
Fimmtudaginn 21. ágúst
10% AFSLÁTTUR
1691 kr. kg
Ali Bacon þrjár þykktir 10% afsláttur Verð áður 1879 kr.kg
1995 kr. kg
Bónus ferskar kjúklingabringur
1598 kr. kg
598 kr. bakkinn
Brúnegg 10 stk. 680g
79 kr. 420g
759 kr. kg.
Bónus ferskur heill kjúklingur
Pampers midi 48 stk.
27 KR. STK.
Pampers maxi 42 stk.
31 KR. STK.
Pampers junior 41 stk.
32 KR. STK.
Pampers maxi plús 39 stk.
33 KR. STK.
Pampers extra large 33 stk.
39 KR. STK.
Gott verð á Pampersbleium í Bónus
1298 kr. pakkinn
198 kr. stk.
Bónus nýbakaðar ostaslaufur ca. 120g
198 kr. 4 stk.
Bónus nýbakað Mjúkar kringlur
398 kr. 870ml
Aðeins 42 kr. þvotturinn
1598 kr. 38 þvottar
233 kr. flaskan
1398 kr. 12 ltr.
Kók-kippa 6 flöskur 2 ltr.
98 kr. 500ml
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
379 kr. 500g
Akursel
Lífrænar íslenskar gulrætur 500g
199 kr. kg.
Dole bananar 20% afsláttur
Verð áður 249 kr.kg
ca. 40 kr. stk
398 kr. kg
Amerískar Sætar kartöflur
398 kr 125g
Bónus Lambhagablanda
frá spáni; RAUÐ VATNSMELÓNA
SEEDLESS WATERMELON
159 kr. kg.
NÝ UPPSKERA
169 kr. kg.
Danskar premium
Kartöflur í lausu
359 kr. kg.
Rauð Hollensk paprika
FERSKT GRÍSAKJÖT
1098 kr. kg
Íslandsgrís Ferskt grísasnitsel
Fesk ungnautakjöt
400 kr. afsláttur
298 kr. 150g.
Nýtt íslenskt grænkál
1098 kr. kg
Íslandsgrís Ferskt grísagúllas
400 króna AFSLÁTTUR
2398 kr. kg
Ferskt ungnautasnitsel Verð áður 2798 kr.kg
3798 kr. kg
Íslandslamb Ferskt lambafillet
100% KJÖT
698 kr. kg.
Íslandsgrís Ferskt grísahakk
400 króna AFSLÁTTUR
2398 kr. kg
Ferskt ungnautagúllas Verð áður 2798 kr.kg
2998 kr. kg
Íslandslamb Ferskt lambaprime
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar Coca-Cola

POWERSÝNING KL. 10:15 ÞEIR ERU MÆTTIR AFTUR! THE EXPENDABLES 3 — LET'S BE COPS — LUCY — ÍSL TAL

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| LET'S BE COPS | 5:45, 8, 10:35 | 12 |
| THE EXPENDABLES 3 | 5, 8, 10:15(P) | 14 |
| LUCY | 8, 10 | 16 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 5 | L |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is

ERT ÞÚ TILBÚINN Í STORMINN? INTO THE STORM ★★★★ "PREPARE TO BE BLOWN AWAY" FRÁBÆR SPENNUMYND SEM BEST ER AÐ SJÁ Í BÍÓ

NÚ ER FARIÐ ALLA LEIÐ! STEP UP ALL IN FRÁBÆR TÓNLIST OG MÖGNUÐ DANSATRIÐI

MYNDIN SEM ALLIR HAFA BEÐIÐ EFTIR ★★★★★ WASHINGTON POST ★★★★★ NEW YORK DAILY NEWS GUARDIANS OF THE GALAXY

STÓRKOSTLEG TÓNLIST JERSEY BOYS CLINT EASTWOOD

FLUGVÉLAR BJÖRGUNARSVEITIN SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI Í 2D OG 3D

DWAYNE JOHNSON HERCULES — LUCY — ★★★★★ SAN FRANCISCO CHRONICLE CHEF

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INTO THE STORM | KL. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| INTO THE STORM VIP | KL. 8 - 10:10 | |
| STEP UP: ALL IN | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL | KL. 3D: 4 - 6 2D: 4 - 6 | L |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 3D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY VIP 2D | KL. 3 - 5:30 | |
| LUCY | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| HERCULES | KL. 10:20 | 12 |
| CHEF | KL. 8 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:50 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| INTO THE STORM | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 8 | 7 |
| LUCY | KL. 10:20 | 16 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| INTO THE STORM | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY | KL. 3D: 5:20 - 8 - 10:35 2D: 7 - 9:30 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ÍSL TAL 2D | KL. 5 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| INTO THE STORM | KL. 8 - 10:10 - 10:45 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 5:30 | 7 |
| FLUGVÉLAR 2 ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| JERSEY BOYS | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INTO THE STORM | KL. 8 - 10 | 12 |
| GUARDIANS OF THE GALAXY 2D | KL. 10:20 | 12 |
| STEP UP: ALL IN | KL. 5:30 - 8 | 7 |
| FLUGVÉLAR 2 ÍSL TAL 3D | KL. 6 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

PLATLÖGGUR ALVÖRU VANDRÆÐI LET'S BE COPS

EXPENDABLES 3 — FLUGVÉLAR BJÖRGUNARSVEITIN

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| LET'S BE COPS | KL 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| LET'S BE COPS LÚXUS | KL 5.40 | 12 |
| EXPENDABLES | KL 5 - 8 - 10.40 | 14 |
| EXPENDABLES LÚXUS | KL 8 - 10.40 | 14 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL 3.40 - 5.50 | L |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL 3.40 | L |
| LUCY | KL 8 - 10.10 | 16 |
| SEX TAPE | KL 8 | 14 |
| DAWN_PLANET OF THE APES 3D | KL 10.10 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| LET'S BE COPS | KL 6 - 9 | 12 |
| EXPENDABLES | KL 6 - 9 | 14 |
| NIKULÁS Í FRÍI | KL 6 | L |
| DAWN_PLANET OF THE APES 3D | KL 9 | 14 |
| VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI | KL 6 | 14 |
| VONARSTRÆTI | KL 9 | 14 |

Miðasala á: Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

# Bönnum allt

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Þeir sem framleiða bjór og annað áfengi hér á landi sitja ekki við sama borð og þeir sem gera það erlendis. Íslenskir bjórframleiðendur framleiða löglega vöru en mega ekki auglýsa hana í fjölmiðlum. Útlenskir bjórframleiðendur auglýsa hins vegar í alþjóðlegum fjölmiðlum sem heimilt er að flytja til landsins.

**EF** það eru lög í gildi sem eiga að tryggja einhvers konar jafnræði eru þau brotin á hverjum degi. En hvað er til ráða? Það er tvennt í stöðunni. Einfaldast væri að nútímavæða lög um auglýsingar á áfengi og leyfa íslenskum framleiðendum að auglýsa vöru sem er ekki bara lögleg, heldur einnig fjandi góð í alþjóðlegum samanburði. Hin leiðin er flóknari en fullkomlega gerleg í ljósi landfræðilegrar einangrunar og afturhaldssamra stjórnvalda. Hún snýst í stuttu máli um að banna bara allt.

**BANN** á innflutningi á tímaritum og dagblöðum yrði fyrsta skrefið. Áfengi er auglýst í tímaritum á borð við Rolling Stone og GQ sem má nálgast með auðveldum hætti í næstu bókabúð. Áhrifin af þessu óhefta aðgengi að áfengisauglýsingum hafa ekki verið mæld en þau eru örugglega satanísk.

**ÞÁ** þarf að banna erlendar sjónvarpsstöðvar sem senda út frá frjálslyndari áfengisauglýsandi ríkjum ásamt því að banna íslenskum sjónvarpsstöðvum að sýna frá erlendum viðburðum í beinni útsendingu. Sömu sjónvarpsstöðvum þarf að banna að sýna erlenda þætti og kvikmyndir. Bjórinn sem er drukkinn í sjónvarpinu er ekki valinn út af því að flaskan er svo flott. Ekki má gleyma kvikmyndahúsunum. Stjórnvöld þurfa að banna þeim að sýna erlendar kvikmyndir og neyða þau til að sýna Emil og Skunda og Börn náttúrunnar aftur og aftur – þar er hvorki Tuborg né Carlsberg.

**LOKS** þarf að klippa á Farice-strenginn og skrúfa algjörlega fyrir notkun Íslendinga á erlendum vefsvæðum. Sumar vefsíður eru nefnilega vistaðar á netþjónum í ríkjum þar sem lagasetning eru svo frjálslynd að framleiðendur löglegra vara mega auglýsa hana í þarlendum miðlum – eitthvað sem gæti haft dómsdagsáhrif á heilsu óspilltrar íslenskrar þjóðar.

# Vörur í Leifsstöð breytast í listaverk

Upplifunarhönnuðurinn Kristín María vann áhugavert verkefni á dögunum fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar en hún notaði íslensku vörurnar í Fríhöfninni í verkið.

„Ég vinn með hluti og umhverfi með gagnvirkni og skynjun í huga," segir upplifunarhönnuðurinn Kristín María Sigþórsdóttir en hún vann áhugavert verkefni fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar á dögunum.

„Verkið samanstendur af yfir þrjú þúsund íslenskum vörum sem fást á Keflavíkurflugvelli," segir Kristín María en einnig er myndarlegur útsýnispallur sem að hægt er að stíga upp á og horfa á verkið ofan frá. „Fólk á það til að taka mynd af pallinum," segir hönnuðurinn og hlær en hún er ekki óvön slíkum innsetningum. Kristín María lærði sína iðju í Central Saint Martins í London og fékk jafnframt hönnunarverðlaun Grapevine fyrir viðburðinn Eins og í sögu sem var valið verkefni ársins 2013.



**KRISTÍN MARÍA SIGÞÓRSDÓTTIR**

„Ég hanna rými, sýningar og viðburði bæði fyrir fyrirtæki í menningarlegu samhengi og fyrir fyrirtæki og stofnanir," segir Kristín en hvað er upplifunarhönnun?

„Það er ferli þar sem rými, hlutur eða ákveðin hugmynd er skoðuð í samhengi við upplifun neytandans. Tilgangurinn er að finna leið til að skapa aðstæður sem hafa ákveðin áhrif á líðan fólks og oft er markmiðið að hvetja til samskipta og gagnvirkrar þátttöku þeirra sem upplifa."

Þeim sem eiga leið í gegnum flugstöðina er bent á þetta áhugaverða verk en þeir sem eru ekki á leið til fjarlægra landa geta látið sér nægja að skoða meðfylgjandi myndir.

baldvin@365.is







→ Verkið samanstendur af yfir þrjú þúsund íslenskum vörum sem fást á Keflavíkurflugvelli.

**VEKUR ATHYGLI** Verkið hefur vakið verðskuldaða athygli flugvallargesta.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS
MONTY PYTHON LIVE (mostly) 7 - 12 ÁGÚST: 20.00
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

THE FINEST QUALITY
THE Herschel SUPPLY CO. BRAND
TRADE MARK

## Herschel er ein vinsælasta skólataskan í ár

**Herschel Supply Co** er kanadískt vörumerki og framleiðir vandaða bakpoka, töskur, veski og fylgihluti. Herschel hannar gæðavörur þar sem næmt auga fyrir smáatriðum og fjölbreytt litaval mætast þannig að hver og einn geti fundið tösku við sitt hæfi. **Skoðið úrvalið á facebook síðu Galleri Sautján.**


















galleri sautján

Kringlan | Smáralind

ntc.is | facebook /gallerisautjan | Instagram /#galleri17

**Aðrir sölustaðir: Urban Kringlunni, A4, Salka Vestmannaeyjum, Galleri Ozone Selfossi og Akranesi, Krummaskuð Reykjanesbæ, EVA Laugavegi 26.**

## Arnar Helgi varð fimmti



**FRJÁLSAR** Arnar Helgi Lárusson varð í gær fimmti af fimm keppendum í 100 metra hjólastólakappakstri í flokki T53 á Evrópumóti fatlaðra í Swansea. Arnar kom í mark á 18,86 sekúndum, en Íslandsmet hans í greininni er 18,65 sekúndur.

Nokkur mótvindur var á brautinni í gær og náði aðeins einn keppenda að bæta besta tíma ársins hjá sér, en það var Frakkinn Pierre Fairbank sem hlaut silfurverðlaun á 15,78 sekúndum. Bretinn Mickey Bushell varð Evrópumeistari og annar Frakki, Nicolas Brignone, þriðji.

Arnar hefur ekki lokið keppni á mótinu því hann keppir í 200 metra hjólastólakappakstri á morgun og þá fer Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir einnig af stað. Hún keppir langstökki í flokki T37 og svo í 400 metra hlaupi á föstudaginn.

## FH aftur á toppinn

**FÓTBOLTI** FH komst aftur á toppinn í Pepsi-deild karla í fótbolta í gærkvöldi með 2-0 sigri á Keflavík. Magnús Þórir Matthíasson varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark og Steven Lennon bætti við öðru marki fyrir Hafnafjarðarliðið. FH er með 35 stig líkt og Stjarnan, en betra markahlutfall eftir fimmtán leiki.

KR treysti stöðu sína í þriðja sætinu með 1-0 sigri á nýliðum Fjölnis. Gary Martin skoraði markið. KR er með 29 stig í þriðja sætinu, en Fjölnir með 15 stig í tíunda sæti, jafnmörg stig og Fram. Meira um leikina má lesa á Vísi. -tom



**SÓTT** Brynjar Ásgeir Guðmundsson með boltann fyrir FH en hinn hárprúði Frans Elvarsson eltir. Frans er með ljóst hár eftir bikarúrslitaleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**FH 2-0 Keflavík**
**Kaplakrikavöl.**
Áhorf: 1.393
**Þóroddur Hjaltalín (6)**

**Mörkin:** 1-0 Magnús Þórir Matthíasson (15. sjálfsm.), 2-0 Steven Lennon (62.).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 5 - Jón Ragnar Jónsson 5, Pétur Viðarsson 6, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 5, Jonathan Hendrickx 5 - Hólmar Örn Rúnarsson 7, Davíð Þór Viðarsson 5 (83. Samuel Hewson -), Emil Pálsson 6 - Ingimundur Níels Óskarsson 6 (76. Atli Guðnason -), Ólafur Páll Snorrason 6, ***Steven Lennon 7** (85. Atli Viðar Björnsson -).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Jonas Sandqvist 6 - Unnar Már Unnarsson 4 (57. Ray Anthony Jónsson 4), Aron Rúnarsson Heiðdal 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Magnús Þórir Matthíasson 4 - Einar Orri Einarsson 6, Sindri Snær Magnússon 5. Frans Elvarsson 3 - Sigurbergur Elísson 3 (57. Magnús Sverrir Þorsteinsson 6), Elías Már Ómarsson 5, Hörður Sveinsson 4 (79. Bojan Stefán Ljubicic -).

**Skot (á mark):** 11-6 (3-3) **Horn**: 6-4

**Varin skot:** Róbert Örn 2 - Jonas 2

**KR 1-0 Fjölnir**
**KR-völlur**
Áhorf: 807
**Örvar Sær Gíslason (7)**

**Mörkin:** 1-0 Gary Martin (36.).

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 7 - Haukur Heiðar Hauksson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 6, Aron Bjarki Jósepsson 5, ***Gunnar Þór Gunnarsson 7** - Abdel-Farid Zato 6 , Baldur Sigurðsson 6, Gonzalo Balbi 5 (67., Almarr Ormarsson 5) - Kjartan Henry Finnbogason 5 (75., Emil Atlason -), Óskar Örn Hauksson 5, Gary Martin 7.

**FJÖLNIR (4-3-3):** Þórður Ingason 5 - Gunnar Valur Gunnarsson 5, Atli Már Þorbergsson 4, Bergsveinn Ólafsson 5, Matthew Ratajczak 6, - Guðmundur Böðvar Guðjónsson 5, Gunnar Már Guðmundsson 6, Guðmundur Karl Guðmundsson 6, - Aron Sigurðarson 6, Ragnar Leósson 5 (63., Mark Charles Magee 5), Þórir Guðjónsson 6.

**Skot (á mark):** 7-7 (5-3) **Horn**: 3-6

**Varin skot:** Stefán Logi 2 - Þórður 4

### PEPSI-DEILDIN 2014

STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 15 | 10 | 5 | 0 | 27-9 | 35 |
| Stjarnan | 15 | 10 | 5 | 0 | 28-16 | 35 |
| KR | 15 | 9 | 2 | 4 | 23-15 | 29 |
| Víkingur R. | 15 | 8 | 2 | 5 | 20-17 | 26 |
| Valur | 16 | 6 | 3 | 7 | 24-26 | 21 |
| Breiðablik | 16 | 3 | 9 | 4 | 24-25 | 18 |
| Keflavík | 16 | 4 | 6 | 6 | 22-24 | 18 |
| Fylkir | 16 | 5 | 3 | 8 | 24-29 | 18 |
| ÍBV | 16 | 4 | 5 | 7 | 22-26 | 17 |
| Fjölnir | 16 | 3 | 6 | 7 | 25-28 | 15 |
| Fram | 16 | 4 | 3 | 9 | 18-30 | 15 |
| Þór | 16 | 2 | 3 | 11 | 21-33 | 9 |

# Íslenskt körfuboltagos

**Íslenska körfuboltalandsliðið er væntanlega á leiðinni á EM eftir dramatískan 71-69 endurkomusigur á Bretum í London í gærkvöldi. Jón Arnór fór fyrir íslenska liðinu og Hörður Axel spilaði sinn besta landsleik.**

**Óskar Ó. Jónsson**
ooj@frettabladid.is
Frá London



**KÖRFUBOLTI** Strákarnir okkar í íslenska körfuboltalandsliðinu krónuðu frábært körfuboltahaust með því að vinna 71-69 sigur á Bretum í London í gærkvöldi og tryggja sér annað sætið í riðlinum. Íslenska liðið er ekki komið inn á EM en það þarf mikið að gerast þannig að svo verði ekki. Það var því engin furða þótt strákarnir fögnuðu eins og enginn væri morgundagurinn þegar sigurinn var í höfn í gærkvöldi.

„Þetta er ólýsanlegt. Maður brast næstum því í grát þegar við vorum að faðmast í lokin. Fögnuðurinn í lokin lýsir því hvað þessir strákar eru búnir að leggja mikið á sig síðustu ár. Við erum búnir að standa í þessum keppnum og spila á móti þessum risum og lélegu dómurum sem dæma aldrei okkur í hag,“ sagði Jón Arnór Stefánsson í sigurvímu eftir leikinn. Jón Arnór sneri aftur með stæl og var stigahæstur í íslenska liðinu með 23 stig.

Jón Arnór var frábær og allt liðið sameinaðist sem einn maður í vörninni í seinni hálfleiknum en það er samt frammistaða eins manns sem stendur upp úr. Ísland var tíu stigum undir í hálfleik, 28-38, en snéri dæminu við í þriðja leikhlutanum þar sem enginn var betri en Hörður Axel Vilhjálmsson.

### Rosalega ljúft

„Við vorum ekki nógu agressífir í fyrri hálfleiknum og við vorum passífir eins og við værum að reyna að verja eitthvað. Svo ákváðum við bara að breyta um hugsunarhátt og fara að spila eins og vorum búnir að vera að gera í hinum tveimur leikjunum og sækja það sem við vildum svo mikið,“ sagði Hörður Axel Vilhjálmsson sem skoraði 12 af 17 stigum og gaf 4 af 5 stoðsendingum sínum í seinni hálfleik.



**GLEÐI** Arnar Guðjónsson aðstoðarþjálfari fagnar ákaft ásamt strákunum í leikslok. MYND/KKÍ-STEFÁN BORGPÓRSSON

„Þetta er rosalega ljúft en ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja. Ég átti samt þetta inni og ég var búinn að bíða eftir þessu lengi,“ sagði Hörður Axel. Jón Arnór var líka búinn að bíða lengi eftir þessari stundu.

„Það sem fór í gang var að við þéttum vörnina, fráköstum alveg eins og ljón og þá kom sóknin í kjölfarið. Okkur vantaði það í fyrri hálfleik. Hössi var frábær og það stigu flestir upp eins og þeir hafa verið að gera í síðustu leikjum,“ sagði Jón Arnór og bætti við:

„Kannski var eitthvað óþægilegt að fá þann gamla inn í þetta í fyrri hálfleik og menn voru eitthvað að finna sig og ég líka. Seinni hálfleikurinn er besti hálfleikurinn sem við höfum nokkurn tímann spilað,“ sagði Jón Arnór.

### Eins og íslenskt gos

Hann og strákarnir voru búnir að vinna sér fyrir þessum tímapunkti í mörg ár. Þegar mótlætið var mest í seinni hálfleiknum braust íslenska baráttandinn út eins og íslenskt gos.

„Þetta er bara hjartað í okkur öllum. Við erum að berjast fyrir hver annan og þú getur ekki fundið lið með jafnstórt hjarta og þetta íslenska landslið. Það eru allir að berjast fyrir hvern annan. Það er bara mögulega EM næst. Þetta er samt ekki ennþá búið að sjást inn,“ sagði Hörður Axel.

Jón Arnór mun líka brosa í marga daga eftir þetta kvöld en hann fann fyrir neikvæðni í kringum þá ákvörðun sína að vera ekki með í fyrstu tveimur leikjunum. Hann kom hins vegar til baka á hárréttum tíma og sannaði enn á ný mikilvægi sitt. „Djöfull er ég sáttur. Það eru margir kannski ekki alveg sáttir við mig og smá neikvætt í kringum þetta. Það er ég sem er búinn að vera standa í þessu öll þessi ár og það er ég sem er búinn að leggja mig fram hvert einasta sumar að spila með þessu landsliði. Ég er stoltur af því og því að geta tekið þátt í þessu og eiga möguleika á því að komast á Evrópumót. Það getur enginn tekið það frá mér,“ sagði Jón Arnór Stefánsson að lokum.

ÍSLAND
Danmörk

ALLT LAGT UNDIR!

LAUGARDALSVÖLLUR
FIMMTUDAGINN
21. ÁGÚST
KLUKKAN 19:30

Ísland á góða möguleika á að komast í umspil um sæti á HM 2015.
Stelpurnar okkar þurfa þinn stuðning á þessum stórleik!



# INTEL i7 HASWELL !

## EIN ÖFLUGASTA SKÓLATÖLVAN OKKAR Á FRÁBÆRU VERÐI VEGNA MAGNKAUPA !

**MINNISSTÆKKUN ÚR 4GB Í 8GB Í KAUPBÆTI FYRIR 30 FYRSTU !**



## SÉRSTAKT SKÓLAVERÐ

# 139.990

**AÐEINS KR. 12.414 Á MÁNUÐI**

vaxtalaust í 12 mánuði. Innifalið í mánaðargreiðslum er 3,5% lántökugjald og mánaðarlegt færslugjald.

## TOSHIBA TOS-L50B1LF

**Kraftmikil, glæsileg og sterkbyggð fartölva með 1.8GHz / 3.0GHz Turbo Intel Core i7 4500U Haswell örgjörva. Öflugt 2GB AMD Radeon R7 M260 skjákort skilar alvöru grafíkvinnslu sem hentar þeim sem vilja geta nýtt tölvuna í leikjaspilun. Við tvöföldum vinnsluminnið úr 4GB í 8GB á fyrstu 30 fartölvunum. 500GB harður diskur fyrir gögnin. DTS hljómur, tvö USB3 tengi og HDMI til að tengja við sjónvarp í bestu gæðum. Betri rafhlöðuending vegna betri orkunýtingar Haswell örgjörvans.**

**Tvöfalt stærra minni í kaupbæti**
Þessi tölva kemur með 4GB vinnsluminni sem við tvöföldum í 8GB á fyrstu 30 fartölvunum. Enn hraðari og sprækari í daglegri vinnslu án þess að verðið hækki.

**Intel i7 Haswell örgjörvi**
Að vera með örgjörva í hæsta gæðaflokki gerir notandanum kleift að vinna hraðar og tryggir að hún haldist lengur hröð en fartölvur með lakari örgjörva. Þessi er útbúin nýrri og hraðvirkari kynslóð Haswell örgjörva sem gerir hana sérstaklega hraðvirka.

**Þynnri og glæsilegri**
Nýja L-línan frá Toshiba er glæsileg auk þess sem tölvurnar eru þynnri og nettari en aðrar línur í úrvalinu. Það skiptir miklu máli að fartölvan sé nett til að ferðast með hvort sem hún er notuð í skóla, vinnu eða fyrir heimilið.

**Ný skjákortalína**
2GB R7 M260 skjákortið tilheyrir nýrri skjákortalínu frá Radeon og hámarkar gæðin í grafíkvinnslu tölvunnar sem gerir hana einnig hentuga fyrir leikjaspilun.

**Lengri rafhlöðuending**
Almennt getur verið erfitt að finna jafn öfluga fartölvu með góðri rafhlöðuendingu þar sem kraftmiklir örgjörvar eru orkufrekari. Haswell örgjörvinn er mun orkunýtnari en hefðbundnir örgjörvar sem skilar sér í töluvert lengri rafhlöðuendingu.

**Fjölbreyttir tengimöguleikar**
Tvö USB3 tengi tryggja allt að tífaldan gagnaflutningshraða í samanburði við USB2.0. HDMI tengi til að tengja við sjónvarpstæki í hámarksgæðum.

**Ein bestu kaupin í skólaúrvalinu**
Þegar borin eru saman gæði og verð á þeim 85 tölvum sem við höfum í fartölvuúrvalinu okkar þá er þessi tölva klárlega ein allra bestu kaupin. Mikið fyrir peninginn.

**Windows 8.1 námskeið fylgir**
Með tölvunni fylgir kynning á helstu breytingum frá Windows 7 yfir í Windows 8.1 hjá sérfræðingum Promennt. Námskeið sem hefur mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar.

**PROMENNT ÓKEYPIS WINDOWS 8.1 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !**

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8.1 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.1.

tl.is

TÖLVU LISTINN




**OPIÐ**
Í dag : 10-18
Lau. : 11-16
Sun. : 13-17

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

# Vonast til að vera klár eftir landsleikjafríið

Matthías Vilhjálmsson hefur lítið getað beitt sér með Start vegna meiðsla og verður nú að hvíla sig.

**FÓTBOLTI** „Ég er alveg í tómu tjóni,“ segir Matthías Vilhjálmsson, knattspyrnumaður með Start í norsku úrvalsdeildinni, í samtali við Fréttablaðið, en Ísfirðingurinn verður frá næstu vikur vegna meiðsla.

„Síðustu vikur er ég búinn að vera með næstum klofinn hryggjarlið neðarlega í bakinu. Ég hef ekkert náð mér alveg af þessu,“ segir Matthías sem hefur spilað meira og minna meiddur allt tímabilið en nú verður hann að segja stopp.

„Ég verð að hvíla í einhvern tíma. Ég er búinn að vera að þjösnast á þessu, en það er til dæmis ekkert sérstaklega þægilegt að hoppa upp í skallaeinvígi. Það er bara ekkert vit í því að vera að spila núna. Þetta er ekki gaman, en svona er þetta. Það eru margir mikilvægir leikir hjá okkur í haust sem ég stefni á að ná,“ segir Matthías.

FH-ingurinn fyrrverandi fór frábærlega af stað á fyrstu tveimur tímabilum sínum með Start. Hann skoraði 18 mörk í 30 leikjum er liðið vann 1. deildina fyrir tveimur árum og fylgdi því eftir með ellefu mörkum í 25 leikjum í úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð. Nú hefur hann spilað fjórtán leiki og skorað tvö mörk. En meiðsli hafa hrjáð hann alla leiktíðina.

„Maður á ekkert að vera að afsaka sig svona, en þetta byrjaði strax á undirbúningstímabilinu. Þá meiddi ég mig í ökklanum, svo meiddist ég á hné og nú þetta. Þetta er alveg hundleiðinlegt. Það er því miður ekkert víst að hvíldin virki. Kannski þarf ég að fara í uppskurð á endanum. En þangað til er betra að ég hvíli en að hafa mig joggandi inni á vellinum,“ segir Matthías.

Hann vonast til að missa ekki af nema tveimur næstu leikjum Start; á móti Odd og Sogndal. Í lok mánaðar er svo tveggja vikna landsleikjahlé sem Matthías ætlar að nýta sér.

„Ég efast um að ég nái leiknum gegn Sogndal, en ég stefni að því að vera klár eftir pásuna. Það versta er, að ég get bara ekkert sagt til um hvenær ég verð klár.“ -tom



**MEIDDUR** Matthías verður frá næstu vikurnar. MYND/IKSTART.NO

# Verðum að vinna þennan leik

Íslenska kvennalandsliðið mætir Danmörku í gríðarlega mikilvægum leik á Laugardalsvelli í kvöld. Ísland má ekki verða af fleiri stigum í baráttunni um sæti í umspili upp á sæti á Heimsmeistaramótinu í Kanada á næsta ári að mati Dóru Maríu Lárusdóttur. Dóra vonar að gott gengi Íslands á heimavelli haldi áfram.

**Kristinn Páll Teitsson**
kristinnpall@365.is

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir nágrönnum sínum frá Danmörku í afar mikilvægum leik á Laugardalsvelli í kvöld. Ísland þarf nauðsynlega á þremur stigum að halda í baráttunni um sæti í umspilinu um sæti á Heimsmeistaramótinu í Kanada árið 2015. Takist íslenska liðinu að tryggja sér farseðilinn til Kanada yrði það í fyrsta sinn sem íslenskt A-landslið leikur í lokakeppni heimsmeistaramóts. Stelpurnar okkar þurfa að vinna alla þrjá leikina sem eftir eru til þess að eiga möguleika á sæti í umspilinu en þær mæta Ísrael og Serbíu á Laugardalsvelli í september.

### Erfiður mótherji

Aðeins tveimur sætum munar á liðunum á styrkleikalista FIFA. en þetta verður í níunda skiptið sem liðin mætast en í fyrsta sinn á íslenskri grundu. Eini sigur íslenska liðsins kom árið 2011 á æfingamóti í Algarve.

Danska liðið hefur sex sinnum borið sigur úr býtum en liðin gerðu í fyrsta sinn jafntefli í júní. Dóra María Lárusdóttir kom Íslandi yfir um miðbik fyrri hálfleiks en danska liðið jafnaði örfáum mínútum síðar. Hart var barist í leiknum og liðin lögðu allt undir.

### Megum ekki tapa fleiri stigum

Dóra María er ein af reyndustu leikmönnum landsliðsins. Hún lagði áherslu á að íslenska liðið ætlaði sér að taka stigin þrjú.

„Undirbúningurinn hefur gengið mjög vel, við verðum að vinna þennan leik og við höfum verið að undirbúa okkur eftir því. Við verðum að vera einbeittar í leiknum og við ætlum okkur að klára þetta. Þrjú stig er það eina sem dugar okkur eins og staðan er í dag. Við höfum tapað of mörgum stigum í öðrum leikjum og við megum ekki verða af fleiri stigum,“ sagði Dóra en íslenska liðið hefur skoðað það danska vel undanfarna daga.

„Við ætlum fyrst og fremst að halda áfram því sem við gerðum í Danmörku, það gekk vel. Þeim gekk illa að skapa sér færi og við þurfum að vera þéttar til baka. Við verðum að spila sem ein heild og reyna að sækja hratt á þær,“ sagði Dóra sem vonast eftir góðum stuðningi.

„Við höfum verið með sterkan heimavöll í gegnum tíðina og erum búnar að skapa svolítið vígi hérna í Laugardalnum. Vonandi getum við nýtt okkur það í leiknum.“

### Engin geimvísindi í þessu

Freyr Alexandersson var nokkuð brattur þegar undirritaður heyrði í honum en hann á von á góðum leik en jafnframt erfiðum.

„Hópurinn er vel stemmdur, leikmenn liðsins eru bjartsýnir og hugaðir fyrir leikinn og við þurfum bara að púsla þessu rétt saman. Við þekkjum mótherjann vel, það er stutt síðan liðin léku síðast svo það eru engin geimvísindi í þessu. Liðin þekkja hvort annað mjög vel og það skiptir máli að framkvæma hlutina vel,“ sagði Freyr sem leggur áherslu á að allir leikmenn liðsins spili hápressu.

„Við verðum að vera með hugarfarið í lagi og svolítið huguð í okkar leik, það gæti skipt máli. Við viljum reyna að koma hátt á þær og koma þeim í óþægilegar stöður og ég geri ráð fyrir að danska liðið reyni það sama gegn okkur. Ég hef verið að líta á fyrri leikinn þegar hápressan tókst ekki, athuga hvað fór úrskeiðis og reyna að leita að því sem við getum gert betur í okkar leik. Þær eru vel spilandi og geta leyst hápressu og við þurfum að vera betur undirbúin. Að sama skapi gekk okkur illa að notfæra okkur skyndisóknir í leiknum úti og við höfum unnið mikið í því í vikunni fyrir leikinn í kvöld,“ sagði Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari við Fréttablaðið að lokum. Leikurinn hefst klukkan 19.30.



**FYRIRLIÐINN** Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði Íslands, heldur bolta á lofti á æfingu landsliðsins á Laugardalsvelli á þriðjudaginn. Stelpurnar okkar þurfa á sigri að halda gegn Dönum í Dalnum í kvöld ætli þær sér á HM 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SIGUR** Ísland hafði betur gegn Makedóníu á EM í gær. MYND/EHF

# Strákarnir skrefi nær HM

**HANDBOLTI** Ísland vann eins marks sigur, 26-25, á Makedóníu á EM U-18 ára landsliða í handbolta sem fer fram í Póllandi.

Íslensku strákarnir tóku strax völdin í leiknum í gær og um miðjan fyrri hálfleik var staðan 10-4, Íslandi í vil. Munurinn í leikhléi var fjögur mörk, 14-10, en eftir tíu mínútna leik í seinni hálfleik var staðan orðin 20-12. Strákarnir slökuðu á undir lokin og Makedónía minnkaði muninn, en Ísland hafði að lokum eins marks sigur.

Egill Magnússon, leikmaður Stjörnunnar, var markahæstur í íslenska liðinu með sjö mörk, en Selfyssingurinn Ómar Ingi Magnússon kom næstur með fimm mörk. Þá stóð Haukamaðurinn Grétar Ari Guðjónsson sig með sóma í markinu, en hann varði 19 skot í leiknum.

Á morgun mætir íslenska liðið því hvít-rússneska um réttinn til að spila um 9. sætið á mótinu. Það er þó meira í húfi, en með sigri tryggir Ísland sér sæti á HM í Rússlandi á næsta ári, en þangað komast tíu efstu liðin á EM. -iþs



**NÝR LEIKMAÐUR** Nadia Bordon verður markmaður Fram í vetur. MYND/FRAM

# Argentínsk landsliðskona til Fram

**HANDBOLTI** Lið Fram í Olís-deild kvenna í handbolta hefur fengið góðan liðsstyrk, en argentínski landsliðsmarkvörðurinn Nadia Bordon skrifaði undir tveggja ára samning við Safamýrarliðið í gær.

Bordon er 26 ára gömul og hefur leikið yfir 40 landsleiki fyrir Argentínu. Hún lék síðast með S.A. Quilmes í heimalandinu, en hún hefur einnig leikið á Ítalíu.

Fram ætlar sér stóra hluti, en Stefán Arnarsson, sem gerði Valskonur að Íslandsmeisturum í vor, tók við þjálfun liðsins í sumar af Halldóri Sigfússyni. Fram komst í úrslitakeppnina í fyrra, en féll úr leik í átta liða úrslitum fyrir Gróttu. - iþs

# Marcos Rojo fín lausn fyrir Van Gaal

Argentínski varnarmaðurinn er ekki fyrsti maðurinn sem United vildi en gæti orðið vinsæll á Old Trafford.

**FÓTBOLTI** Manchester United gekk í gær frá kaupum á argentínska varnarmanninum Marcos Rojo frá Sporting Lissabon eftir mikið japl, jaml og fuður. Rojo hefur látið öllum illum látum hjá félaginu og heimtað sölu, en ekkert fengið í staðinn nema skömm í hattinn.

Sporting tókst að koma verðinu á þessum frekar lítt þekkta varnarmanni upp í 16 milljónir punda og fær auk þess vængmanninn Nani aftur heim til Sporting að láni.

Eins og síðasta sumar hefur Manchester United ekkert gengið á leikmannamarkaðnum. Um leið og félagaskiptaglugginn opnaðist var gengið frá kaupum á Luke Shaw og Ander Herrera sem lá fyrir, en Van Gaal sjálfur hefur í raun ekkert keypt þótt hann gæfi grænt ljós á kaupin á Shaw og Herrera.

En hver er þessi Marcos Rojo og mun hann leysa varnarvandræði United? Norski knattspyrnusérfræðingurinn Tor-Kristian Karlsen, sem fylgist grannt með suður-ameríska boltanum, telur Rojo geta staðið sig á Old Trafford. Hann hefur fylgst með Argentínumanninum síðan hann spilaði með Estudiantes árið 2010.

„Þetta er ekki leikmaður sem stærstu félög heims slást um, en það má ekki gleyma því að United er ekki í Meistaradeildinni og gengur því illa að fá til sín bestu leikmennina,“ segir Karlsen í viðtali við norska miðla.

„Hann er líkamlega sterkur, fljótur og fimur varnarmaður sem hentar mjög vel í þriggja miðvarða kerfi. Sem bakvörður í fjögurra manna er hann ekki jafn góður.“

Norski sparksérfræðingurinn segir Rojo vera mjög góðan í að verjast á stóru svæði eins og oft vill verða í 3-4-1-2-kerfi Van Gaals og hann skili miklu fram á við.

„Ég held að United hafi vitað hvað vantaði í vörnina og Rojo passaði svona nokkurn veginn við lýsinguna. En ég hef haft rangt fyrir mér áður. Ég held, að með sínum opna og skemmtilega leikstíl geti Marcos Rojo orðið uppáhald manna á Old Trafford,“ segir Tor-Kristian Karlsen. -tom



**HJÁLP** Marcos Rojo er að mæta til að styrkja varnarleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Yuasa original rafgeymar í mótorhjólið þitt




Við afhleðslu, mynda rafgeymar súrefni sem undir venjulegum kringumstæðum þarf að losa út um loftunarop en Yuasa rafgeymarnir endurnýta súrefnið og breyta því í vatn uns geymirinn er endurhlaðinn og vatnið breytist í sýru.

Þessi tækni gerir Yusa rafgeymana sérstaka og eykur endingu þeirrra til muna.

## Yfirburðir Yuasa rafgeyma eru augljósir eins og neðangreind mynd sýnir

**Sérhannaðir pólar**
Koma í veg fyrir sýruleka og draga úr tæringu. Lengri ending rafgeymisins.

**Gegnumgangandi leiðni**
Gefur styttri leið fyrir strauminn og minna viðnám en aðrir rafgeymar þar sem tengingin fer yfir skilrúmið. Meira ræsiafl þegar á þarf að halda.




**Sérstaklega virk efni**
Rafgeymirinn stendst lengur titring, lengir endingartímann og áreiðanleika geymisins.

**Lokið brætt saman við kassan**
Aukinn styrkur. Kemur í veg fyrir leka og tæringu.

**Polyporpylene lok og kassi**
Tryggir aukamagn af rafvökva sem kælir rafgeyminn. Veitir einnig aukið þol gegn gasi og olíu. Meira höggþol og betri styrkur í slæmum veðurskilyrðum.

**Sérsök hönnun grindar**
Stendst mikinn titring, tryggir hámarksleiðni.

**Sérstök millispjöld**
Veita meira ræsiafl.

**Nánari upplýsinga er að finna á stilling.is/yuasa**

YUASA
Stærstir á sínu sviði í heiminum

Framúrskarandi fyrirtæki 2011 · Framúrskarandi fyrirtæki 2012 · Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.05
**Masterchef USA**



Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.



### Messan
**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.00** Rætt er um allt sem við kemur enska boltanum í Messunni á fimmtudegi.



### Modern Family
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.50** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum.



### Forkeppni HM-kvenna í fótbolta
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.20** Bein útsending frá Laugardalsvelli þar sem Ísland mætir Danmörku í forkeppni HM kvenna í fótbolta.

### Bylgjan kl. 10–13
**Maskínan**

Siggi Hlö – Maskínan sjálf – er á Bylgjunni alla virka daga milli klukkan 10–13 í allt sumar. Skemmtileg tónlist, óþarfa fróðleikur og fjör alla virka daga.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm in the Middle**
**08.30** **Jamie Oliver's Food Revolution**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.20** **60 mínútur**
**11.05** **Harry's Law**
**11.50** **Nashville**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Life**
**14.50** **The O.C**
**15.35** **Ozzy and Drix**
**16.00** **Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**16.25** **The Michael J. Fox Show**
**16.50** **The Big Bang Theory**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Pepsímörkin 2014**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Fóstbræður**
**19.40** **Undateable** *(3:13)*
**20.05** **Masterchef USA** *(4:25)*
**20.50** **NCIS** *(2:24)*
**21.35** **Major Crimes** *(6:10)* Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Sharon tekur við af hinni sérvitru Brendu Leigh Johnson en þættirnir eru sjálfstætt framhald af hinum vinsælu þáttum Closer.
**22.20** **Louie** *(7:13)*
**23.35** **Rizzoli and Isles**
**00.15** **The Knick**
**01.05** **Tyrant**
**01.50** **NCIS. Los Angeles**
**02.35** **October Sky**
**04.20** **Life**
**06.05** **Fóstbræður**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Pepsímörkin 2014**
**08.15** **Stjarnan - Inter**
**13.20** **Pepsímörkin 2014**
**14.35** **Lille - Porto**
**16.25** **Meistaradeildin - Meistaramörk**
**16.45** **Pepsímörkin 2014**
**18.00** **Demantamótin**
**20.00** **Arionbanka mótið**
**20.40** **Stjarnan - Inter**
**22.30** **Demantamótin**
**00.30** **Moto GP - Tékkland**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.50** **West Ham - Tottenham**
**14.30** **Messan**
**15.40** **QPR - Hull**
**17.20** **Premier League Review 2014/2015**
**18.15** **Arsenal - Crystal Palace**
**19.55** **Everton - Man. Utd. 11.09.10**
**20.30** **Premier League World**
**21.00** **Messan** Rætt er um allt sem við kemur enska boltanum í Messunni á fimmtudegi.
**21.40** **Liverpool - Southampton**
**23.20** **Messan**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan
**21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**18.30** **Top 20 Funniest**
**19.15** **Community**
**19.35** **Last Man Standing**
**20.00** **Guys With Kids** *(7:17)* Skemmtilegir gamanþættir um þrjá unga feður sem standa þétt saman í uppeldi ungra barna sinna og alltaf er stutt í grínið.
**20.20** **Wilfred** *(8:13)*
**20.45** **Originals** *(2:22)*
**21.30** **The 100** *(13:13)*
**22.15** **Supernatural** *(7:22)*
**23.00** **The Listener**
**23.40** **Grimm**
**00.25** **Sons of Anarchy**
**01.05** **Last Man Standing**
**01.30** **Guys With Kids**
**01.50** **Wilfred**
**02.15** **Originals**
**02.55** **The 100**
**03.40** **Supernatural**
**04.25** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Ævintýri Tinna **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Könnuðurinn Dóra **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Brunabílarnir **10.22** Ljóti andarunginn og ég **10.44** Gulla og grænjaxlarnir **10.56** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Ævintýri Tinna **11.25** Latibær **11.47** Hvellur keppnisbíll **12.00** Könnuðurinn Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Brunabílarnir **14.22** Ljóti andarunginn og ég **14.44** Gulla og grænjaxlarnir **14.56** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Ævintýri Tinna **15.25** Latibær **15.47** Hvellur keppnisbíll **16.00** Könnuðurinn Dóra **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Brunabílarnir **18.22** Ljóti andarunginn og ég **18.44** Gulla og grænjaxlarnir **18.56** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Artúr 3 **20.40** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.20** **Strákarnir**
**18.40** **Frasier**
**19.05** **Friends**
**19.25** **Seinfeld** *(1:24)*
**19.50** **Modern Family** *(21:24)*
**20.15** **Two and a Half Men** *(16:23)*
**20.35** **Weeds** *(13:13)*
**21.00** **Broadchurch** *(4:8)*
**21.45** **E.R.** *(4:22)* Sígildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**22.30** **Boss**
**23.30** **Boardwalk Empire**
**00.25** **A Touch of Frost**
**02.10** **Weeds**
**02.40** **Broadchurch**
**03.30** **Boardwalk Empire**
**04.30** **Boss**
**05.25** **E.R.**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.20** **The Big Year**
**13.00** **That's My Boy**
**14.50** **The Devil Wears Prada**
**16.40** **The Big Year**
**18.20** **That's My Boy**
**20.10** **The Devil Wears Prada**
**22.00** **Kiss of Death**
**23.40** **Universal Soldier. Regeneration**
**01.15** **Ironclad**
**03.15** **Kiss of Death**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Úmísúmí**
**17.45** **Poppý kisuló**
**17.56** **Kafteinn Karl**
**18.08** **Sveppir**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Ekki gera þetta heima**
**19.00** **Fréttir og veður**
**19.20** **Forkeppni HM kvenna í fótbolta** *(Ísland - Danmörk)* Bein útsending frá Laugardalsvelli þar Ísland mætir Danmörku í forkeppni HM kvenna í fótbolta.
**21.25** **Háskaleikur** *(3:6) (The Wrong Mans)* Bráðfyndnir þættir um tvo félaga sem svara símtali sem ætlað var öðrum og veldur verulegu róti á lífi þeirra beggja.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Lögregluvaktin** *(10:15) (Chicago PD)* Bandarísk þáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago. Meðal leikenda eru Sophia Bush, Jason Beghe og Jon Seda. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.05** **Paradís** *(5:8) (Paradise II)* Áfram heldur breski myndaflokkurinn um Denise og drauma hennar um ást og velgengni. Þættirnir eru byggðir á bókinni Au Bonheur des Dames eftir Émile Zola.
**00.00** **Sakborningar – Saga Kennys** *(5:6) (Accused)*
**01.00** **Fréttir**
**01.20** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.20** **The Bachelorette**
**16.50** **Survivor**
**17.35** **Dr. Phil**
**18.15** **America's Next Top Model**
**19.00** **Emily Owens M.D**
**19.45** **Parks & Recreation** *(10:22)*
**20.10** **The Office** *(21:24)*
**20.30** **The Moaning of Life** *(2:5)*
**21.15** **Scandal** *(9:18)* Við höldum áfram að fylgjast með fyrrverandi fjölmiðlafulltrúa Hvíta hússins Oliviu Pope *(Kerry Washington)* í þriðju þáttaröðinni af Scandal. Fyrstu tvær þáttaraðirnar hafa slegið í gegn og áskrifendur beðið eftir framhaldinu með mikilli eftirvæntingu. Scandal þættirnir fjalla um Oliviu sem rekur sitt eigið almannatengslafyrirtæki og leggur hún allt í sölurnar til að vernda og fegra ímynd hástéttarinnar.
**22.00** **Agents of S.H.I.E.L.D.** *(19:22)* Hörkuspennandi þættir úr smiðju teiknimyndarisans Marvel. Bandaríska ríkisstjórnin bregður á það ráð að láta setja saman sveit óárennilegra ofurhetja til að bregðast við yfirnáttúrulegum ógnum á jörðinni.
**22.45** **The Tonight Show** Óskarsverðlaunahafinn Jared Leto kíkir til Jimmy ásamt Judging Amy-leikkonunni Amy Brenneman. Rokkbandið 30 Seconds to Mars sér um tónlist kvöldsins.
**23.30** **King & Maxwell**
**00.15** **Beauty and the Beast**
**01.00** **Scandal**
**01.45** **The Tonight Show**
**02.30** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.10** PGA Tour 2014 **13.10** PGA Tour 2014 - Highlight **14.05** LPGA Tour 2014 **17.05** Champions Tour 2014 - Hig **18.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Inside The PGA Tour 2014 **23.15** Golfing World 2014 **00.05** Inside The PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



**AXEL** 3,5 sæta frá Montis
verð áður **974.000.-**
Tilboðsverð:
**598.000.-***

*tilboð gildir til 31. desember

# Ótrúlega góð afmælistilboð

montis

CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / www.epal.is

epal



**Y-stóll, hönnun: Hans J. Wegner**
Fullt verð: **150.000.-**
Tilboðsverð:
**119.800.-***

*tilboð gildir til 1. nóvember

**UPPÁHALDSSÚKKULAÐIÐ**



**Er fullorðið fólk almennt með uppáhaldssúkkulaði?**

Ágúst Bent, leikstjóri

# Átakanlega fyndnir þættir á RÚV

Ari Eldjárn og Baggalútsmennirnir Bragi Valdimar Skúlason og Guðmundur Pálsson vinna nú hörðum höndum að því að skrifa grínþætti fyrir Sjónvarpið.

„Þetta er ennþá á byrjunarstigi en við erum þrír að skrifa þetta, ég, Ari Eldjárn og Guðmundur Pálsson úr Baggalút og þetta verða átakanlega fyndnir þættir," segir Bragi Valdimar Skúlason, einn af handritshöfundum nýrra sketsaþátta sem hefja göngu sína á RÚV í vetur. Kristófer Dignus, sem leikstýrði síðasta Áramótaskaupi, sér um að leikstýra þáttunum. Hér er á ferð sama teymi og kom að síðasta Áramótaskaupi en Ari, Guðmundur og Bragi verða hluti af leikhópnum. Þessir nýju íslensku grínþættir hafa fengið nafnið Drekasvæðið.

„Þeir tveir fá líklega að leika eitthvað en ég fæ sennilega lítið að leika," bætir Bragi Valdimar við.

Þessa dagana er verið að setja saman leikhóp en það er þó ekki alveg ljóst hverjir leika. „Þetta er ennþá allt svolítið í lausu lofti," segir Bragi Valdimar spurður út í leikarana. Stefnt er að því að setja þættina í loftið eftir áramót. „Það er enginn sérstakur söguþráður í þeim, þetta er bara sketsaþáttur." Spurður að því hvort þættirnir eigi sér einhverjar fyrirmyndir segir Bragi Valdimar þá vera nýtt íslenskt flipp.

„Við erum allir miklir áhugamenn um húmor og eigum okkur margar fyrirmyndir, ætli við séum ekki aðallega á bresku línunni." -glp



**EKKERT GRÍN** Ari og Bragi taka vinnuna alvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ÚTSALA

Í FULLU FJÖRI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

C&J GOLD
heilsurúm 25% afsláttur




5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.

Vandaðar kantstyrkingar.

Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.

Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.

Þykkt 29 cm.

| Tegund | Stærð | Dýna og Classic-botn | Útsala |
|---|---|---|---|
| C&J Gold | 120x200 | 119.900 kr. | 89.925 kr. |
| C&J Gold | 140x200 | 139.900 kr. | 104.925 kr. |
| C&J Gold | 160x200 | 152.900 kr. | 114.675 kr. |
| C&J Gold | 180x200 | 164.900 kr. | 123.675 kr. |

GOLD120X200
AÐEINS KRÓNUR
89.925
ÚTSÖLUVERÐ

GOLD160X200
AÐEINS KRÓNUR
114.675
ÚTSÖLUVERÐ

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16



**GÓÐ SAMAN** David og Esther eru full tilhlökkunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Breytti æðagúlpi í heila í listaverk

Listamaðurinn David Young greindist nýlega með krabbamein og ákvað því að taka aftur upp sýningu sína Phenomena sem byggð er á myndum af heila hans.

„Ég notaði þessa sýningu smá til að afgreiða þetta mál," segir David Young en hann opnar sýningu sína Phenomena aftur á Menningarnótt en sýningin var útskriftarverkefni hans úr Listaháskólanum árið 2005. „Verkið er byggt á skannamyndum af heilanum mínum frá því að ég var veikur árið 2000 og 2001. Þetta er mynstur sem ég bjó til úr þessum myndum," segir David, en hann greindist með æðagúlp í heilanum árið 2000.

Nafn sýningarinnar hefur einnig mikla þýðingu þar sem það var talið vera kraftaverk, eða phenomena, að hann læknaðist. David er nú að handmála á myndirnar fyrir sýninguna.

„Ég greindist nýlega með krabbamein og ákvað því að sýna myndirnar aftur," segir David sem lítur gjarnan á björtu hliðarnar og segist vera spenntur fyrir því að fá myndir af krabbameininu til þess að gera eitthvað svipað við þær.

David heldur sýninguna ásamt vinkonu sinni, vöruhönnuðinum Estheri Íri, sem mun sýna UNDUR-vörur fyrir heimilið, en hún hefur að undanförnu verið að þróa sína fyrstu vörulínu sem samanstendur af sjö skemmtilegum hlutum fyrir heimilið.

„Meginmarkmiðið er að gleðja og fá fólk til að brosa meira," segir Esther um vörurnar, en aðaláhersla hennar er að hanna góðar lausnir fyrir heimilið.

Tvíeykið mun einnig frumsýna saman UNDUR-púða sem eitt verka Davíðs prýðir, en hann setur fram myndir sínar á öðruvísi hátt en hann gerði árið 2005 þar sem hann handmálaði á myndirnar í þetta skipti.

„Fyrst var þetta bara mynd tekin af heilanum, hún skönnuð inn, prentuð út og þrykkt á efni en núna vildi ég búa til myndir til þess að hengja upp á vegg," segir David. Myndirnar munu hanga í versluninni Noland að Laugavegi 12. baldvin@frettabladid.is

> **Ég greindist nýlega með krabbamein og ákvað því að sýna myndirnar aftur.**
>
> *David Young*

# Öskur og heitapottsstemning

Dansarinn Erna Ómarsóttir mun sýna myndbandsverk á Pompidou-safninu.

Danslistakonan Erna Ómarsdóttir hefur verið valin af sameiginlegri dómnefnd RIFF og fulltrúum vídeóverkahátíðarinnar Hors Pistes til þess að sýna myndbandslistaverk sitt á Pompidou-safninu í París á næsta ári. Myndin verður frumsýnd á RIFF í Norræna húsinu í byrjun október.

Verkið er ljóðræn heimildarmynd um störf listahópsins Shalala sem Erna skipar ásamt Valdimari Jóhannssyni tónlistarmanni. Hópurinn hefur unnið mikið með öskur í gegnum tíðina. „Þetta er ákveðin særing til að koma djöflunum út," segir Erna en hún segist sjá fegurðina í ljótleika öskursins.

Shalala-hópurinn bjó meðal annars til það sem kallast „The Black Yoga Screaming Chamber", öskurklefa sem þau gáfu bæði Alþingi og borgarstjórn Reykjavíkur. Klefinn var uppi í mánuð í Ráðhúsinu að sögn Ernu en Alþingi hefur ekki enn komið honum í notkun. „Það er staður þar sem menn myndu hafa gott af því að hafa öskurklefa nálægt sér," segir hún.

Á Menningarnótt mun Shalala sýna listir sínar. Sýningin FOLK? I do (not) agree! verður í gangi frá 13.00 til 18.00 í Iðnó og tekur Shalala þátt í henni ásamt íslenskum og pólskum sviðslistamönnum. Klukkan 14.00 verður svokallað „Screaming Spa" í Kling og Bang þar sem verður „íslensk heitapottsstemning" og menn geta látið nudda sig með öskurhljóðbylgjum. Klukkan 15.30 í Iðnó mun Erna síðan leiða tíma í „Metal Aerobics", líkamsrækt sem blandar eróbikki við þungamálmstónlist. „Menn geta fengið smá aukaorkulosun þar," segir Erna létt í bragði. -þij



**VINNUR AÐ HEIMILDARMYND** Erna sér fegurðina í ljótleikanum FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# nicorette®

## auðveldar þér að hætta að reykja




Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí
með mintu- og ávaxtabragði

### Taktu prófið
### og leggðu saman stigin

1. **Hve langur tími líður frá því þú vaknar og þar til þú reykir fyrstu sígarettuna?**
   - ◯ Minna en 5 mín. (3)
   - ◯ 6-30 mín. (2)
   - ◯ 31-60 mín. (1)
   - ◯ Meira en 60 mín. (0)

   STIG ◯

2. **Átt þú erfitt með að reykja ekki þar sem reykingar eru bannaðar?**
   - ◯ Já (1)
   - ◯ Nei (0)

   STIG ◯

3. **Hvaða sígarettu finnst þér verst að vera án?**
   - ◯ Fyrstu sígarettunnar að morgni (1)
   - ◯ Einhverrar annarrar (0)

   STIG ◯

4. **Hve margar sígarettur reykir þú daglega?**
   - ◯ 1-10 (0)
   - ◯ 11-20 (1)
   - ◯ 21-30 (2)
   - ◯ 31 eða fleiri (3)

   STIG ◯

5. **Reykir þú meira fyrri hluta dags en seinni hluta?**
   - ◯ Já (1)
   - ◯ Nei (0)

   STIG ◯

6. **Reykir þú þegar þú ert veik/veikur eða rúmliggjandi?**
   - ◯ Já (1)
   - ◯ Nei (0)

   STIG ◯

**Samanlagður fjöldi stiga** ◯

**Viðmiðunartafla**
1 pípa = 3 sígarettur
1 vindill = 4-5 sígarettur
1 smávindill = 3 sígarettur

## Val á Nicorette lyfjaformi

STIG

| 1-2 | 3-5 | 6-7 | 8-10 |
|---|---|---|---|
| Tyggigúmmí 2 mg | Tyggigúmmí 2mg | Plástur 25 mg + Tyggigúmmí 2 mg | Plástur 25 mg + Tyggigúmmí 2 mg |
| Innsogslyf | Innsogslyf | Plástur 25 mg + Innsogslyf | Plástur 25 mg + Innsogslyf |
| Tungurótartafla/ Munnsogstafla 1 stk. | Tungurótartafla/ Munnsogstafla 1 stk. | Tungurótartafla 2 stk. | Tungurótartafla 2 stk. |
| QuickMist 1-2 úðar | QuickMist 1-2 úðar | QuickMist 1-2 úðar | QuickMist 1-2 úðar |
| | Plástur 15 mg | Tyggigúmmí 4 mg | Tyggigúmmí 4 mg |
| | | | Nefúðalyf |

**nicorette®**
Fæst án lyfseðils í næsta apóteki



Nikótínlyfjatyggigúmmí · Nefúðalyf · Dagplástur · Innsogslyf · Tungurótartöflur · Munnholsúði

**Nicorette nikótínlyf** (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar** eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf 12 tappar, nefúði 80 úðar, forðaplástur 1 stk., tungurótartöflur 40 stk., munnsogstöflur 15 stk., munnholsúði 64 úðar. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár og nefúða og munnholsúða ekki lengur en í 6 mánuði og munnsogstöflur ekki lengur en í 9 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Munnsogstöflurnar má aðeins nota handa 12-17 ára skv. ráðleggingum læknis. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur, exems- eða ofnæmishúðbólgu (forðaplástur) eða sjúkdóma í koki eða berkju (innsogslyf). Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Lyfjatyggigúmmí inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúð, xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. Nefúði inniheldur metýlparahýdroxýbensóat og própýlparahýdroxýbensóat, sem geta valdið ofnæmi og mjög sjaldan öndunarerfiðleikum. Ekki er mælt með nefúða handa einstaklingi með næman öndunarveg. Forðaplásturinn getur valdið ertingu í húð og snertiofnæmi. Forðast skal snertingu við augu og nef. Nicorette Microtab Lemon inniheldur aspartam sem breytist í fenýlalanín og getur haft skaðleg áhrif á einstaklinga með fenýlketónmigu. Gæta skal að munnholsúði fari ekki í augu. Hann inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól). **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC/2014-12-F-3

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT 10-11


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Langar að halda útgáfutónleika

Nóg er um að vera hjá hljómsveitinni **Samaris** þessa dagana. Hún lék á tónlistarhátíð í Wales um síðustu helgi en mælt var sérstaklega með Samaris á miðlinum thefourohfive.com. Næst á dagskrá eru tónleikar í Liverpool en eftir það er tríóið væntanlegt heim. Jófríður Ákadóttir, söngkona sveitarinnar, segist vona að þau nái að halda loksins útgáfutónleika. „Þetta er búið að dragast á langinn. Platan kom út í maí og okkur langar að halda tónleika til að fagna útgáfunni.“ Eftir stutt stopp á Íslandi fer hljómsveitin í túr um heiminn og hitar meðal annars upp fyrir hljómsveitina The Acid. **- ebg**



### Bjórbók í bígerð

Nú er íslensk bjórhandbók í bígerð eftir tvo kennara Bjórskólans, þá Höskuld Sæmundsson og **Stefán Pálsson**. „Við ákváðum að reyna að festa sitt hvað um þessa þekkingu á blað og semja veglega bók um bjórinn, helstu bjórtegundir og stíla,“ segir Stefán en að hans sögn hafa einungis tvær bækur komið út á íslensku um bjór.

En hver er uppáhaldsbjór Stefáns? „Ég myndi nú segja að það væri belgíski bjórinn Chimay sem blessunarlega hefur verið talsvert fáanlegur í Ríkinu. Hann er bruggaður af belgískum munkum þannig að ég varð mjög kátur þegar ég frétti að það væri verið að skipuleggja almennilegt munkaklaustur hér á landi. Ég sé sóknarfæri,“ segir Stefán og hlær. **- bþ**



## Mest lesið VÍSIR

1. Kvika talin streyma inn í eldstöðina af miklu afli
2. Leitar konunnar sem tók við Neyðarlínusímtalinu
3. Mjög öflugur atburður, kvikan færi hratt upp
4. Vita ekki að þeim var flett upp
5. Jökulvatn yrði níu klukkustundir að Ásbyrgi





